FRÉTTABLAÐIÐ

36. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 20. FEBRÚAR 2021

Vill ekki bíða eftir ellilífeyrinum



Snæfríður Ingadóttir dvelur nú á Tenerife ásamt fjölskyldunni í miðjum heimsfaraldri og hefur gert frá því í desember. Hún segir uppeldið í Vottum Jehóva hafa gert það að verkum að henni líði alltaf utangátta um jólin og kjósi því frekar að leggjast í ferðalög á þeim árstíma. Dvalirnar ytra hafa nú lengst, enda segist hún ekki vilja bíða eftir ellilífeyrinum til þess að lifa lífinu. ➔20

Þetta er alltaf spurning um forgangsröðun, innkomu og útgjöld.

MYND/MATTHÍAS KRISTJÁNSSON



Vill að fólk skynji frekar en skilji

Aðferðafræði Kristínar Jóhannesdóttur einkennist af draumaraunsæi. ➔ 26



Fengu að kynnast kuldanum

Kvikmyndagerðarmenn heimsóttu strandstað á Skeiðarársandi. ➔ 24

Frumminning úr sveitinni

Titill sýningarinnar, Ljósavél, barst Haraldi Jónssyni. ➔ 42







Fyrstu Boeing 737 MAX var flogið 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Gervihnettir fylgjast með MAX-vélum

FLUGMÁL Bandaríska flugmálaeftirlitið fylgist með öllum flugum Boeing -737 MAX véla með gervihnöttum. Þoturnar eru aftur komnar í notkun eftir tæplega tveggja ára kyrrsetningu vegna tveggja flugslysa þar sem 346 fórust.

Stofnunin hefur aldrei áður stundað jafn víðtækt eftirlit með ákveðinni flugvélategund og nær það til fluga MAX-véla um heim allan.

Náið er fylgst með öllu ferli vélanna, frá flugtaki til lendingar, með nýrri tækni sem streymir gögnum frá vélunum á hálfrar sekúndu fresti. Hægt er að sjá hversu oft hver vél tókst á loft, hve lengi hún flaug og ef eitthvað kemur upp á.

Icelandair á MAX-vélar og hefur fest kaup á fleirum. Félagið stefnir að því að hefja flug með þeim í mars. Nú er verið að þjálfa flugmenn Icelandair í notkun þeirra. **– þp**

Borgarmyndin breytist



Verið er að rífa byggingu á horni Katrínartúns og Brietartúns í Reykjavík. Þarna var GJ Fossberg hf. til húsa, eftir að fyrirtækið flutti þangað árið 1965. Við hlið þessa húss stóðu áður höfuðstöðvar WOW air sem hætti starfsemi árið 2019. Sú bygging hefur þegar verið rifin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það kennir ýmissa grasa í ruslabingnum á Kirkjusandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Gremja vegna sóðaskapar

SAMFÉLAG Miklar umræður hafa skapast í Facebook-hóp íbúa í Laugarneshverfi undanfarna daga vegna ljósmynda sem voru birtar þar af rusli sem hent hefur verið á lóð á Hallgerðargötu.

Lóðin er í eigu Brynju, leigufélags Öryrkjabandalags Íslands, og stendur við fyrrum höfuðstöðvar Íslandsbanka á Kirkjusandi, sem voru teknar úr notkun árið 2017 vegna myglu.

Að sögn íbúa í hverfinu hefur rusl verið að safnast fyrir á lóðinni undanfarnar vikur og er líkast því að einhverjir aðilar séu kerfisbundið að henda úrgangi þar í stórum stíl.

Starfsmenn fasteignaumsjónar Brynju gátu ekki tjáð sig um málið að svo stöddu. **– þsh**



Hörð mótspyrna gegn verðhækkun í ferjum

Bæjarráð Akureyrar mótmælir hækkuðum fargjöldum og farmflutningagjöldum í Sæfara, ferjuna út í Hrísey og Grímsey. Líta eigi á ferjurnar eins og aðra þjóðvegi, því að aukinn kostnaður skerði búsetumöguleika í eyjunum.

SAMGÖNGUMÁL Fargjöld í ferjuna Sæfara, sem siglir milli Dalvíkur, Hríseyjar og Grímseyjar, munu hækka um 12 prósent í maí næstkomandi samkvæmt áætlun Samskipa og Vegagerðarinnar.

Endanleg ákvörðun liggur þó ekki fyrir. Einnig er áætlað að farmgjöld hækki um 14 prósent.

Bæjarráð Akureyrarbæjar hefur mótmælt fyrirhuguðum gjaldskrárbreytingum harðlega, en bæði Hrísey og Grímsey tilheyra sveitarfélaginu. Hilda Jana Gísladóttir bæjarfulltrúi segir bæjarráð ekki hafa fengið nein viðbrögð frá Vegagerðinni við mótmælunum, en þeim er ekki síst beint til löggjafans.

Hilda segir að taka verði umræðu um þjóðferjur til byggðra eyja, það er að Vegagerðin skuli líta á ferjur til þeirra eins og aðra þjóðvegi og verði þá gjaldfrjálsar. Kostnaður sé við almenna vegagerð, rétt eins og ferjusiglingar.

„Þetta eru í rauninni veggjöld á suma landsmenn," segir Hilda. Málið sé í eðli sínu byggðamál, hvort samfélagið vilji styðja við byggð í eyjum. „Fólk þorir ekki að segja hvar á að vera byggð og hvar ekki. En aðgerðaleysi er líka aðgerð." Með því að gera fólki erfiðara og kostnaðarsamara um vik að búa á ákveðnum stöðum sé verið að veikja búsetugrundvöllinn.

Núverandi verðskrá Sæfara hefur gilt frá árinu 2018. Samkvæmt henni greiða fullorðnir 1.500 krónur fyrir staka ferð milli Dalvíkur og Hríseyjar og 3.000 til Grímseyjar.

Ekki er afsláttur gefinn fyrir miða fram og til baka en ellilífeyrisþegar, öryrkjar og börn, 12 til 15 ára, greiða hálft gjald og ókeypis er fyrir börn undir 12 ára.



Áætlað er að gjald í Sæfara hækki um 12 prósent í maí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þetta eru í rauninni veggjöld á suma landsmenn**



Hilda Jana Gísladóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar

Telur Hilda að ferðirnar ættu að vera gjaldfrjálsar, að minnsta kosti fyrir íbúa eyjanna. En ókeypis fargjöld fyrir alla myndu einnig styðja vel við ferðaþjónustuna í þessum byggðum, sem eru skilgreindar sem brothættar.

Í Hrísey búa um 160 manns og þar er meiri þjónusta á staðnum en í Grímsey þar sem aðeins búa um 60 manns og mun lengra að sigla. Í báðum eyjum eru íbúar sem þurfa að fara oft upp á land til að sækja þjónustu. Nefnir Hilda læknisþjónustu og menntaskóla sem dæmi.

„Með hækkun fargjalda ímynda ég mér það að vöruverð hækki í eyjunum. Ef ég væri að reka verslun og þyrfti að greiða aukalega fyrir flutning myndi ég þurfa að koma því út í verðlagið," segir hún. Engin verslanakeðja sé í eyjunum, sem lofi sama vöruverði um allt land, heldur aðeins litlar verslanir.

Tvær aðrar eyjur eru í byggð, Heimaey í Vestmannaeyjum og Flatey á Breiðafirði. Á Alþingi er nú til umræðu frumvarp Karls Gauta Hjaltasonar og 13 annarra þingmanna Miðflokks, Samfylkingar, Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna um þjóðferjur. En samkvæmt því yrðu ferjurnar hluti af grunnkerfi samgangna landsins.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STÓRSÝNING Í DAG LAUGARDAGINN 20. FEBRÚAR KL. 12–16

JEPPASÝNING
TOYOTA KAUPTÚNI

KOMDU OG BÚÐU ÞIG UNDIR FERÐASUMARIÐ MIKLA

FERÐATÆKI FRÁ ELLINGSEN OG RISA JEPPAR FRÁ ARCTIC TRUCKS

NÝR TOYOTA
HILUX

NÝR TOYOTA
HIGHLANDER
HYBRID

NÝR TOYOTA
LAND CRUISER
70th ANNIVERSARY

NÝR TOYOTA
RAV4
PLUG-IN HYBRID



TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ára ábyrgð
3 ára þjónusta

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

toyotakauptuni.is - info@toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 14.02.2021 TIL 20.02.2021

1.218
bíða nú eftir liðskipta-aðgerðum hér á landi.

16
prósenta samdráttur var í notkun sýklalyfja milli áranna 2019 og 2020.

29
milljarðar var andvirði fjár-festingar í sprotafyrirtækjum í fyrra.

95
krónur eru stykkjatollur á hverja rós sem flutt er hingað til lands.

46
heimili voru rýmd á Seyðis-firði á þriðjudag.

Þrjú í fréttum
Formaður, stýra og stjóri

Guðmundur Örn Guð-jónsson *formaður Bogfimisam-bandsins* segir að víðast hvar séu engar hömlur á bogaeign eins og eru á Íslandi. „Einu önnur löndin sem ég veit um eru Hvíta-Rússland og Norður-Kórea." Verði frumvarp um breytingar á vopnalögum samþykkt mega börn yngri en 16 ára eiga örvaboga með meiri togkrafti en sjö kílóum til æfinga eða keppni, undir eftirliti fullorðinna.



Sema Erla Serdar *framkvæmdastýra Æskulýðs-vettvangsins* ræddi neteinelti við Fréttablaðið. „Það er mun algengara en fólk heldur og er stærsta ógnin sem börn og ungmenni standa frammi fyrir." Æskulýðs-vettvangurinn hélt í vikunni rafrænt örnámskeið á Facebook um neteinelti á meðal barna og ungmenna. Sema Erla segir fullorðna leika lykilhlutverk í að sporna gegn og stöðva neteinelti.



Auður Önnu Magnúsdóttir *framkvæmdastjóri Landverndar* telur að með því að nota stóran hluta íslenskrar raforku í raf-myntanámu-gröft sé verið að óhreinka hreina orku Íslands með sóun. Félagið sjálft hefur þó enn ekki ályktað um málið eða lagt til að framleiðslan verði bönnuð. „Við sjáum ekki verðmætið eða þörfina á þessu. Þetta er gríðarlega orku-frekt og til aðrar aðferðir til að búa til rafmynt."



Segir nauðsynlegt að hætta að líta á spilafíkla sem tekjulind

Alma Björg Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn, segir rekstur spilakassa hafa þróast úr fjáröflun í fjárhættuspilarekstur. Með lokun sé hægt að koma í veg fyrir nýliðun í hópi spila-fíkla. Krafa félagsins sé að kössunum verði lokað. Umræðan um upptöku spilakorta sé á frumstigi.



Könnun Gallup sýnir að 94 prósent Íslendinga notuðu ekki spilakassa á tólf mánaða tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRIINK

SAMFÉLAG „Staðreyndin blasir bara við, menn eru hættir í fjár-öflun og Happdrætti Háskólans (HHÍ), Landsbjörg og Rauði kross-inn eru farin að stunda fjárhættu-spilarekstur," segir Alma Björg Haf-steinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS).

Samtökin hafa barist fyrir því að spilakössum verði lokað hér á landi, en rekstur slíkra kassa er í höndum tveggja fyrirtækja, Happdrættis Háskólans og Íslandsspila. Hið síðarnefnda er í eigu Slysavarna-félagsins Landsbjargar og Rauða krossins á Íslandi.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær óskar Rauði krossinn eftir samtali við stjórnvöld um leiðir til að reka sig með fé úr spilakössum.

Þá hefur félagið einnig kallað eftir stefnu stjórnvalda um innleiðingu spilakorta. Alma segir spilakassa tímaskekkju og telur spilakort ekki nægilega góða lausn. Krafa SÁS sé skýr, að spilakössum skuli lokað.

„Ef það væru einhver handbær plön í gangi um upptöku spila-korta væri sjálfsagt að skoða það, en okkar krafa er sú að spilakössunum verði lokað," segir Alma.

„Í tilkynningunni frá Rauða krossinum er vísað í áratuga vinnu við það að taka upp spilakort, en ég hef ekkert séð um þessa vinnu og ég er ansi hrædd um að formenn bæði Landsbjargar og Rauða krossins og Happdrættis Háskólans séu að slá ryki í augun á fólki og ekki að segja sannleikann," bætir Alma við.

„Ég hef ekkert séð um þessi sam-töl sem eiga að hafa átt sér stað í áratugi og grunar að hugmyndin að spilakortunum sé á frumstigi."

> **Ég er ansi hrædd um að formenn bæði Landsbjargar og Rauða krossins og Happdrættis Háskólans séu að slá ryki í augun á fólki.**



Alma Björg Haf-steinsdóttir, for-maður Samtaka áhugafólks um spilafíkn

Árið 2018 var hagnaður Íslands-spila og HHÍ af spilakössum yfir tólf milljarðar króna. Alma segir hann að mestu eða öllu leyti koma úr vasa spilafíkla.

„Fólk með spilafíkn er hópurinn sem heldur þessu uppi. Við höfum séð dæmi þar sem einstaklingur eyddi fimmtán milljónum í spila-kassa á átján mánuðum."

Alma segir að niðurstöður könn-unar Gallup fyrir SÁS hafi sýnt að 93,6 prósent svarenda hafi aldrei notað spilakassa síðustu tólf mán-uði. Þetta sýni að lítill hópur, spila-fíklar, haldi uppi hagnaði spilakass-anna. „Það er bara kominn tími til að stoppa og menn verða að taka ábyrgð. Það er ekkert gert til að koma í veg fyrir þennan níðings-skap," segir Alma.

Að sögn Ölmu hafa spilafíklarnir og fjölskyldur þeirra gleymst.

„Umræðan hefur einkennst af því að það er gert lítið úr þessu fólki," segir Alma. Líka af því að lokun spilakassa lækni ekki spilafíkn.

„Við höfum aldrei haldið því fram en það er nauðsynlegt að hætta að tala um spilafíkla sem tekjulind og með því að loka kössunum getum við í það minnsta komið í veg fyrir nýliðun í þessum hópi," segir Alma.

„Annað sem hefur komið upp er umræðan um fjárhættuspil á netinu og það er ekki sami hópurinn sem spilar á netinu og í kössunum. Kass-arnir eru mun meira ávanabindandi og það er góð leið að byrja þar," bætir hún við.

birnadrofn@frettabladid.is



Lífeyrissjóður verzlunarmanna

live.is

Ávöxtun 14,7%
Raunávöxtun 10,8%
5 ára 6,2%, 10 ára 6,7% og 20 ára 4,5%
Traust tryggingafræðileg staða 10,9%
Eignir 1.013 milljarðar

19 milljarðar í lífeyrisgreiðslur
20 þúsund lífeyrisþegar
48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld

Starfsemi á árinu 2020

Lífeyrissjóðurinn tekur á móti iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda og greiðslum í séreignarsparnað. Sjóðurinn starfar í sameignardeild og séreignardeildum.

Sameignardeild greiðir sjóðfélögum ævilangan ellilífeyri frá starfslokum og áfallalífeyri sem örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignardeildir eru með fjórar ávöxtunarleiðir sem hafa mismunandi eignasamsetningu til að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir aldri og áhættuþoli.

Úr ársreikningi

Í milljónum króna	2020	2019
Ríkisskuldabréf	**165.332**	155.720
Veðskuldabr. og fasteignat. verðbr.	**173.050**	179.839
Önnur skuldabréf	**48.000**	37.086
Innlend hlutabréf	**165.118**	134.239
Innlent laust fé	**12.153**	5.495
Erlend hlutabréf	**379.563**	319.903
Aðrar erlendar eignir	**47.016**	15.684
Aðrar innlendar eignir	**2.233**	2.487
Innlendar skammtímaskuldir	**924**	843
Eignir séreignadeilda	**21.688**	18.060
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**1.013.229**	867.670

Breytingar á hreinni eign sameignardeildar


Í milljónum króna	2020	2019
Iðgjöld	**33.834**	34.817
Lífeyrir	**-18.140**	-16.279
Fjárfestingartekjur	**127.435**	133.520
Rekstrarkostnaður	**-1.199**	-1.090
Breyting eigna	**141.930**	150.968
Eignir frá fyrra ári	**849.610**	698.642
Eign samtals	**991.540**	849.610

Kennitölur

	2020	2019
Rekstrarkostnaður í % af eignum	**0,13%**	0,14%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	**3,4%**	3,0%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	**53,3%**	46,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	**35.697**	36.503
Fjöldi lífeyrisþega	**19.813**	18.452
Stöðugildi	**49,7**	46,8
Ávöxtun Verðbréfaleiðar	**14,7%**	18,7%
Hrein raunávöxtun Verðbréfaleiðar	**10,8%**	15,6%
Ávöxtun Ævileiðar I	**15,4%**	12,9%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar I	**11,5%**	10,0%
Ávöxtun Ævileiðar II	**11,6%**	11,1%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar II	**7,8%**	8,2%
Ávöxtun Ævileiðar III	**5,4%**	5,8%
Hrein raunávöxtun Ævileiðar III	**1,8%**	3,1%


Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða er traust, hún segir til um getu sjóðsins til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Staðan var jákvæð um 10,9% í árslok 2020 samanborið við 8,6% árið áður.



Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar

í milljónum króna



Stjórn

Stefán Sveinbjörnsson, *formaður*
Guðrún Hafsteinsdóttir, *varaformaður*
Árni Stefánsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Guðrún Johnsen
Helga Ingólfsdóttir
Jón Ólafur Halldórsson

Framkvæmdastjóri


Guðmundur Þ. Þórhallsson

Eignir


Heildareignir LV námu 1.013 milljörðum í árslok samanborið við 868 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því 145 milljörðum. Eignir sameignardeildar eru í vel dreifðu eignasafni sem leggur grunn að langtímaávöxtun.

Ávöxtunarleiðir séreignarsparnaðar eru fjórar. Verðbréfaleið og Ævileið I, II og III. Ævileiðunum er ætlað að mæta ólíkum þörfum sjóðfélaga eftir æviskeiðum. Ávöxtun þeirra kemur fram í yfirliti yfir kennitölur. Upplýsingar um eignasamsetningu eru aðgengilegar á vef sjóðsins.

Skipting eignasafns sameignardeildar í árslok




Árleg raunávöxtun sameignardeildar



Heildareignir samtals

Í milljörðum króna



Ársfundur sjóðsins verður haldinn þriðjudaginn 23. mars nk. kl. 18. Nánar auglýst síðar.

Fjármálalæsi minna í skólum þrátt fyrir loforð stjórnmálamanna

MENNTAMÁL Fjármálalæsi hefur fengið minna vægi í grunnskólunum, þvert á yfirlýsingar ráðamanna á undanförnum árum.

„Á meðan löndin í kringum okkur keppast við að efla fjármálalæsi í menntakerfum sínum hafa íslenskir stjórnmálamenn áhyggjur af að ekki sé lögð næg áhersla á kristinfræði í skólum," segir Alma Björk Ástþórsdóttir, meistaranemi í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Alma hefur rannsakað fjármálalæsi og borið saman námskrár undanfarinna ára. Með námskránni árið 2013, í ráðherratíð Katrínar Jakobsdóttur, átti að auka fjármálalæsi, en í áfangamarkmiðum urðu að lokum færri atriði er lúta að fjármálalæsi en í námskránni frá 2007. Á þetta einkum við í stærðfræði en einnig í samfélagsfræði og heimilisfræði.

Þá urðu markmiðin einnig loðnari og almennari. Í eldri útgáfunni var skýrt fjallað um hugtök eins og laun, vexti, raðgreiðslur og afslætti.

> **Eða ætlum við börnunum okkar og þjóðinni að komast í gegnum fjárhagslegar áskoranir á trúnni einni saman?**
>
> 
>
> Alma Björk Ástþórsdóttir, meistaranemi í viðskiptafræði

Nýlega stigu fram fjórir nemendur 10. bekkjar í Víðisstaðaskóla og sögðu kennsluna í litlum tengslum við líf þeirra og notagildi. Tiltóku þau fjármálalæsi sérstaklega. Alma bendir á að í samfélagsfræði séu 54 hæfniviðmið og 10 þeirra lúti að trú en aðeins eitt að fjármálum.

„Það eru því margfalt fleiri kennslustundir eyrnamerktar trúfræði en fjármálum," segir Alma og vísar til nýlegs kristnifræðifrumvarps ellefu þingmanna.

Bendir Alma á að OECD hafi skilgreint fjármálalæsi sem einn af fjórum þáttum lykilhæfni 21. aldarinnar og börn á unglingastigi taki daglega fjárhagslegar ákvarðanir. Faraldurinn og efnahagslegar afleiðingar hans séu ástæða til að staldra við og endurskoða skólakerfið.

„Eða ætlum við börnunum okkar og þjóðinni að komast í gegnum fjárhagslegar áskoranir á trúnni einni saman?" spyr Alma. **– khg**



Ungur Ísraeli þiggur drykk eftir bólusetningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Drykkur í boði með bóluefninu

ÍSRAEL Bar í ísraelsku borginni Tel Aviv var notaður sem bólusetningarmiðstöð á fimmtudag. Þeir sem nýttu sér þjónustuna fóru ekki þyrstir heim því boðið var upp á drykk á vegum hússins fyrir þá sem luku COVID-19 bólusetningu.

Til að gæta fyllsta öryggis voru drykkirnir áfengislausir.

Ísrael er það land þar sem gengið hefur einna hraðast að bólusetja almenning en rúm 43 prósent af 9 milljónum íbúa hafa fengið fyrsta skammt af bóluefni Pfizer. **– þsh**



Síðast lenti geimjeppi frá NASA á Mars á árinu 2011. MYND/NASA

Mynd birt af Marslendingu

MARS Bandaríska geimferðavísindastofnunin NASA hefur birt myndir af lendingu geimjeppans Perseverance á Mars og boðar fleiri.

Ekki er ljóst hvort lendingin hafi heppnast fullkomlega en NASA segir útlitið gott.

Perseverance mun senda mikið magn gagna til jarðar ef allt gengur vel, meðal annars myndbönd. **– þp**

Lýst verði yfir neyðarástandi vegna hnattrænnar hlýnunar

Ungir umhverfissinnar, Stúdentaráð Háskóla Íslands og Landssamtök íslenskra stúdenta, krefjast þess að íslensk stjórnvöld taki loftslagsmálin jafn föstum tökum og COVID-19. Sævar Helgi Bragason stýrði fundi á Austurvelli í gær þar sem þrýstingur á loftslagsmálum fór yfir baráttuna gegn loftslagsvánni.

LOFTSLAGSBREYTINGAR „Upplýsingafundur almannavarna" var haldinn á Austurvelli í gær. Í þetta sinn var það ekki þrýstingur góðkunna, Alma, Víðir og Þórólfur, sem fór yfir stöðu heimsfaraldurs COVID-19, heldur þrýstingur sérfræðinga í loftslagsmálum sem fór yfir stöðu heimsfaraldurs í loftslagsbreytingum.

Um er að ræða mánaðarlegan fund á vegum Ungra umhverfissinna, Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Landssamtaka íslenskra stúdenta. Yfirlýst markmið er að kalla eftir því að Ísland lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og að ríkisstjórnin taki yfirvofandi ógn hnattrænnar hlýnunar jafn föstum tökum og heimsfaraldur COVID-19.

„Við getum öll tekið höndum saman og leyst stór vandamál þegar þau steðja að okkur og loftslagsbreytingar eru svo sannarlega risastórt vandamál sem steðjar að okkur og ekki bara okkur heldur líka framtíðarkynslóðum," sagði Sævar Helgi Bragason, sem stýrði fundinum.

Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, fór yfir nýjustu tölur á magni koltvísýrings í andrúmsloftinu og áhrif þess á hitastig jarðarinnar.

„Við stöndum hérna í vorveðri í Reykjavík," sagði Elín, en samkvæmt henni hefur hitastigið í höfuðborginni í febrúar verið 1,58 °C yfir meðaltali, miðað við nýja hlýja meðaltalið 1991–2020.

Guðfinna Th. Aðalgeirsdóttir, jöklafræðingur og prófessor við



Sigurður Loftur Thorlacius fer yfir stöðuna í loftslagsmálum fyrir hönd þrýstingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Háskóla Íslands, sem starfað hefur fyrir vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna, IPCC, fór yfir ástand íslensku jöklanna. Samkvæmt Guðfinnu stendur nú yfir alheimsfaraldur hjá jöklum heimsins og hvatti hún íslensk stjórnvöld til að bjarga jöklunum með því að standa við markmið Parísarsamkomulagsins.

Sigurður Loftur Thorlacius, meðlimur loftslagsráðs, fór yfir nýjustu tölur í losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Samkvæmt Sigurði dróst losun heimsbyggðarinnar saman um 4 prósent árið 2020 í kjölfar heimsfaraldursins, en í lok

> **Hættið að hugsa um peninga og hugsið um okkur, við erum börnin ykkar!**
>
> 
>
> Ásthildur Emilía Þorgils, nemandi í Flensborgarskóla

árs var hún komin aftur í sama horf.

Fjölmargir fylgdust með fundinum í Facebook-streymi en dyggustu stuðningsmennirnir mættu í eigin persónu. Þeirra á meðal var menntaskólaneminn Ásthildur Emilía Þorgils, sem hefur mætt á nánast öll loftslagsverkföllin síðan þau hófust 2019 og er mjög ósátt við framgöngu stjórnvalda.

„Mín kynslóð er alveg að vakna fyrir þessu og bara að segja ‚hey, þetta er framtíðin okkar! Hættið að hugsa um peninga og hugsið um okkur, við erum börnin ykkar! Ég held að við séum mjög reið og mjög ósátt. Þið segið alltaf við okkur, farið í skóla, þið þurfið að fá háar einkunnir til að eiga góða framtíð, en það er engin góð framtíð sem er í gangi." **– þsh**



Troðfull verslun af merkjavöru frá eftirtöldum verslunum

50%

afsláttur af öllum vörum

herra GARÐURINN
–klæðir þig vel
KRINGLAN / SMÁRALIND
568 9234 544 2410

BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

Mathilda
Kringlunni 552 8600

COLLECTIONS
Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

HANZ
KRINGLUNNI
567 0120

ENGLABÖRNIN
falleg föt á stelpur og stráka...
KRINGLUNNI
552 2201

Herra lagernum
outlet

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen) Opið virka daga frá kl. 11 til 18 laugardaga frá kl. 11 til 17 sunnudaga frá 13 til 17 Sími 568 9512

Átta af tíu Íslendingum versluðu á netinu í fyrra

VERSLUN Samkvæmt nýjum tölum Eurostat, tölfræðiveitu Evrópusambandsins, notuðu 83 prósent Íslendinga netverslun að einhverju leyti á síðasta ári. Það er gríðarleg aukning frá því fyrir tíu árum þegar 48 prósent notuðust við netverslun.

Samkvæmt Eurostat hefur netverslun Íslendinga aukist á hverju ári undanfarin tíu ár.

Aðeins sex þjóðir í Evrópu eru með hærra hlutfall en Íslendingar.

» Aðeins sex þjóðir í Evrópu eru með hærra hlutfall en Íslendingar.

Bretar eru duglegastir. Samkvæmt Eurostat nýttu 92 prósent Breta netið til að versla á síðasta ári. Í Danmörku var hlutfallið í fyrra 90 prósent en ef elsti hópurinn er tekinn út hjá Dönum fer það upp í 98 prósent. **– kpt**

Aðalfundur
Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 19. mars 2021 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkta félagsins.

Reykjavík, 18. febrúar 2021.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.

Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir styrkumsóknum

Útgáfustyrkir

eru veittir til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka, þar sem kappkostað er að styrkja verk sem hafa menningarlegt og þekkingarfræðilegt gildi.

Þýðingastyrkir

eru veittir til að þýða á íslensku mikilvæg verk úr samtímanum, erlendar fagurbókmenntir og fræðirit. Einnig myndríkar bækur fyrir börn og ungmenni.

Barna- og ungmennabóka–sjóðurinn Auður

styrkir útgáfu vandaðra bóka sem skrifaðar eru á íslensku, fyrir yngri lesendur.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2021

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA



Alls bárust 208 leitarbeiðnir inn á borð Guðmundar Fylkissonar í fyrra. Hann segir að börn í mikilli neyslu séu ekki endilega steríótýpurnar af börnum sem leitað er eftir. Vandinn geti verið flóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leit að sömu börnum sem skekkir myndina

Beiðnir um leit að börnum í janúar 24. Talan rauk upp frá fyrri mánuðum. Skýringin er þó oft að verið er að leita að sama einstaklingi. Guðmundur Fylkisson yfirlögregluþjónn segir að oft sé leitað barna með hegðunarvanda.

LÖGREGLUMÁL Alls bárust 24 beiðnir um leit að börnum og ungmennum í janúar og fjölgar þessum beiðnum á milli mánaða samkvæmt afbrotatölfræði lögreglunnar fyrir janúarmánuð. Það er mesti fjöldi sem hefur borist inn á borð lögreglu síðan í júní þegar 25 beiðnir bárust. Árið 2020 bárust lögreglunni 18 leitarbeiðnir í janúar.

Guðmundur Fylkisson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni, sem sinnir þessum málum segir að oft sé um að ræða leit að sama einstaklingi og það skekki tölfræðimyndina.

„Einstaklingarnir á bak við þessa tölu eru níu. Ég var því oft að leita að þeim sömu og í rauninni hef ég ekki miklar áhyggjur af auknum beiðnum því þetta eru fáir einstaklingar," segir hann.

Guðmundur segir að það sem af er febrúar séu 12 leitarbeiðnir og átta einstaklingar eigi þar í hlut. „Ég annaðhvort finn þau eða fæ þau til að skila sér sjálf. Það fer oft þannig."

Að sögn Guðmundar eru þetta ekki endilega krakkar sem eiga við fíknivanda að stríða.

» Mörg börn eru í mikilli neyslu, þeim er sem betur fer að fækka. Þetta getur verið meiri hegðunarvandi eða andleg veikindi.



Guðmundur Fylkisson, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni

„Það eru til dæmis ekki mjög mörg börn í mikilli neyslu, þeim er sem betur fer að fækka. Þetta getur verið meiri hegðunarvandi eða andleg veikindi," segir Guðmundur og bendir á að oft sé erfiðara að eiga við andleg veikindi en þegar krakkarnir eru í mikilli neyslu.

„Ef þetta er að breytast og þeim sem glíma við andleg vandamál er að fjölga, þá getur það orðið vandamál því það getur verið erfiðara að eiga við það en börn með fíknivanda. Þetta er ekki alveg klippt og skorið en ég hef ekki stórar áhyggjur af fjölda leitarbeiðna."

Guðmundur, sem hefur hlotið viðurkenningu Barnaheilla og verið útnefndur Hafnfirðingur ársins, segir að það sé jákvætt að notast við snemmtæka íhlutun en langur vegur sé þar til árangur náist.

„Ég sé þetta sem langhlaup og trúlega mun það taka áratug að koma horfinu í viðeigandi lag. Ég er alveg til í að kaupa þá leið sem fólkið með háskólamenntun segir að virki. Að grípa fyrr inn í, því þá sé hægt að koma í veg fyrir vandamál síðar á lífsleiðinni. Ég er bara með stúdentspróf og treysti á þá sem vita meira."

Guðmundur fagnar einnig að félags-, heilbrigðis- og menntakerfið sé farið að vinna saman í þessum málum og nefnir sérstaklega afeitrunardeild fyrir ólögráða ungmenni, sem var opnuð í fyrra á Landspítalanum. Það hafi verið jákvætt skref.

„Ég fer á eftirlaun eftir níu ár og það er mín von að þetta verði þá komið á betri stað," segir Guðmundur. **benediktboas@frettabladid.is**

Mótmælir alfarið hundaeftirlitsgjaldinu

DÝRAHALD Hundahald er nú orðið formlega leyft í Reykjavík.

Meirihlutinn í borgarstjórn segist í bókun á síðasta fundi fagna stofnun Dýraþjónustu Reykjavíkur, sem tryggja á aukna dýravelferð auk þess að bæta, einfalda og auka skilvirkni þjónustu við dýr og dýraeigendur. Með stofnun þjónustunnar séu málefni katta flutt frá Meindýraeftirlitinu og Hundaeftirlitið lagt niður.

„Samhliða þessu verður hundahald loksins formlega leyft í Reykjavík, hundagjöld lækkuð um allt að helming þannig að þau verði nú lægst á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem fjárfest verður í betri og fleiri hundagerðum," segir í bókun meirihlutans.

Eins og Fréttablaðið fjallaði um í vikunni vonar meirihlutinn að hundaskráningum fjölgi svo kortleggja megi betur hvar flestir hundar eru. Þannig sé hægt að einblína á betri hundagerði. Talið er að gæludýr séu á 40 prósentum heimila í Reykjavík.



Hundaeigendur standa einir undir öllum kostnaði við allt dýraeftirlit í borginni, segir fulltrúi Flokks fólksins í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, segir tímaskekkju að sveitarfélag haldi skrá yfir hunda og eigendur þeirra.

„Hundaeigendur standa einir undir öllum kostnaði við dýraeftirlit í borginni", segir í bókun Kolbrúnar sem kveður hundaeftirlitsgjaldið ekkert annað en refsiskatt sem lýsi fordómum. Mál, þar sem hafa þarf afskipti af hundum, séu sárafá og kvörtunum hafi fækkað mikið. Engu að síður hafi starfsgildum við hundaeftirlit ekki fækkað.

„Mótmælt er alfarið hundaeftirlitsgjaldinu," segir Kolbrún. **– bb**

Recharge yourself

Klassískur glæsileiki og fullkomin tækni framtíðarinnar.

Frumsýnum nýjan MG EHS Plug-in Hybrid
með sjö ára ábyrgð í dag frá 12–16



mgmotor.is

MG EHS Plug-in Hybrid – 7 ára ábyrgð
Verð frá 5.190.000 kr.

Einstaklega sparneytin bensínvélin og viðbragðsgóður rafmótor MG EHS Plug-in Hybrid skila samanlagt 258 hestöflum og eldsneytisnotkun upp á aðeins 1,8 l/100 km. Li-ion 16,6 kWh rafhlaðan skilar 52 km drægi á rafmagninu einu saman í blönduðum akstri samkvæmt WLTP-prófunum. Saman skila þessir þættir sér í lægri rekstrarkostnaði MG EHS Plug-in Hybrid.

Komdu og reynsluaktu þessum rúmgóða og þægilega fjölskyldubíl.

Heimsending á reynsluakstri

Pantaðu tíma á www.bl.is,
við komum með bílinn, sótthreinan og fínan, og sækjum hann svo aftur til þín.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM044494

*Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægi rafbíla.

Mótmælandi látinn í Mjanmar

MJANMAR Tvítug kona, sem skotin var í höfuðið af lögreglu í mótmælum gegn valdaráni hershöfðingja í Mjanmar, lést af sárum sínum í gær. Talið er að hún sé fyrsta manneskja sem fellur í mótmælum gegn valdaráninu 1. febrúar.

Fjölmenn mótmæli hafa farið fram víða um landið en lögreglan og herinn hafa beitt hörku til að freista þess að brjóta þau á bak aftur. **– þp**



Mya Thwate Thwate Khaing var skotin af lögreglu 9. febrúar í höfuðborg Mjanmar, Nay Pyi Taw.







Lögreglumenn taka mann höndum í Traðarkotssundi í Reykjavík. Sjónvarpsvélar fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Langflestir vilja aukna búkmyndavélanotkun

Yfir níutíu prósent þátttakenda í nýrri rannsókn við Háskólann á Akureyri voru fylgjandi því að lögreglan yki notkun búkmyndavéla. Um þrjú þúsund manns tóku þátt. Niðurstöðurnar eru í takti við svör í könnunum erlendis.

LÖGREGLAN „Þessar niðurstöður voru í nokkru samræmi við það sem við bjuggumst við og það sem hefur komið í ljós í sambærilegum rannsóknum erlendis," segir Katrín Ingvarsdóttir, sem vann ásamt Hildigunni Einarsdóttur rannsókn á viðhorfi Íslendinga gagnvart búkmyndavélanotkun lögreglumanna.

Rannsóknin er lokaverkefni í lögreglu- og löggæslufræðum við Háskólann á Akureyri.

Tæplega þrjú þúsund manns svöruðu spurningum Katrínar og Hildigunnar og voru konur í meirihluta þegar kom að þátttakendum.

„Þetta er mjög svipað niðurstöðunum sem komu í ljós í Bandaríkjunum en það var kannski örlítið stærra hlutfall sem fannst þetta jákvætt skref. Þetta gaf góða vísbendingu um álit Íslendinga á þessu málefni," segir Katrín um könnunina.

Rúmlega níutíu prósent viðmælenda töldu notkun slíkra myndavéla auka traust almennings á störfum lögreglunnar.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók í notkun fjörutíu búkmyndavélar árið 2019 en þá voru fimm ár frá fyrstu tilraun til notkunar slíks búnaðar á Íslandi. Fram kemur í rannsókninni að árið 2016 hafi tíu búkmyndavélar verið keyptar fyrir lögregluna í Reykjavík.

> **Það vakti athygli okkar að sumir vissu ekki hvað þetta væri og að þetta væri að einhverju leyti í notkun á Íslandi.**
>
> Katrín Ingvarsdóttir



Í niðurstöðum könnunarinnar kom fram að 90,2 prósent töldu notkun búkmyndavéla auka traust almennings til lögreglunnar og 85,3 prósent að það myndi skila sér í bættri framkomu lögreglunnar í garð almennings.

Sambærilegt hlutfall taldi að með búkmyndavél væri lögreglan líklegri til að axla ábyrgð á störfum sínum og töldu 92,5 prósent þátttakenda að lögreglan ætti að nota búkmyndavélar í auknum mæli og 94,4 prósent að búkmyndavélar gætu aðstoðað við rannsókn sakamála.

„Það vakti athygli okkar að sumir vissu ekki hvað þetta væri og að þetta væri að einhverju leyti í notkun á Íslandi," segir Katrín, en í niðurstöðunum kom fram að aðeins 12,5 prósent þátttakenda töldu búkmyndavélanotkun brjóta að einhverju leyti gegn friðhelgi einkalífs.

Á sama tíma töldu 75,3 prósent að myndefni búkmyndavélanna ætti aldrei að vera aðgengilegt almenningi eða fjölmiðlum, 85,4 prósent töldu að lögreglumenn ættu ekki að hafa heimild til að ráðstafa hvenær kveikt væri á myndavélunum og hvenær væri slökkt og 61 prósent voru ekki sammála því að slökkva ætti á myndavélum þegar lögregluþjónar koma inn á heimili fólks.

Þá töldu 86 prósent viðmælenda þeirra að notkun búkmyndavéla myndi auka gagnsæi lögreglunnar og rúm 56 prósent að þörf væri á auknu utanaðkomandi eftirliti með störfum íslensku lögreglunnar.

Um 78 prósent töldu að búkmyndavélar myndu koma í veg fyrir að lögreglumenn myndu beita einstaklinga úr minnihlutahópum mismunun í starfi.

Hægt er að nálgast verkefni Hildigunnar og Katrínar á vef Skemmunnar, skemman.is.

kristinnpall@frettabladid.is

Bandaríkin standi vörð um lýðræðið

BANDARÍKIN Joe Biden Bandaríkjaforseti flutti ræðu frá Washington á Öryggisráðstefnunni í München í gær, þar sem hann tilkynnti að einangrunarstefna forvera hans, Donalds Trump, heyrði sögunni til. Bandaríkin væru komin aftur til leiks og þyrftu að sanna fyrir heimsbyggðinni að lýðræði væri ekki liðið undir lok, þrátt fyrir að ráðist hefði verið gegn því, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu.

Forsetinn sagði að nú stæði yfir barátta um framtíð stjórnarfars heimsins, milli einveldis og lýðræðis, um bestu leiðina til að mæta þeim áskorunum sem fyrir mannkyninu standa. Biden vill styrkja samstarf við bandalagsríki til að mæta uppgangi Rússlands og Kína á sviði alþjóðamála, en nýlega undirritaði Evrópusambandið fjárfestingasamninga við kínversk stjórnvöld. Vilja leiðtogar þess styrkja samskiptin við Kína, einkum er varðar viðskipti. **– Þp**



Samskipti Bandaríkjanna við bandamenn í Evrópu versnuðu mjög í stjórnartíð forvera Bidens, en nú leitast hann eftir því að lagfæra þau. FRÉTTABLAÐIÐ/EPAEPA

Rafmagnaður ID.3

Drægni að þínum þörfum!

Hvert ertu að fara?

#NúGeturÞú

Forbókaðu reynsluakstur á **www.hekla.is/reynsluakstur**

Veldu þinn uppáhalds ID.3 á
www.hekla.is/volkswagensalur

Veldu útfærslu sem er sniðin að þér!

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU

ID.3 Pure
Rafhlaða **45 kWst**
Drægni allt að **350 km** (skv WLTP)
Verð frá **4.490.000 kr.**

ID.3 Pro
Rafhlaða **58 kWst**
Drægni allt að **420 km** (skv WLTP)
Verð frá **4.790.000 kr.**

ID.3 Pro S
Rafhlaða **77 kWst**
Drægni allt að **550 km** (skv WLTP)
Verð frá **6.490.000 kr.**

Uppgefnar drægnistölur miðast mælingar skv. WLTP staðlinum og miðast við bestu mögulegu akstursaðstæður.

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Innviðir



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Samhliða mikilli fjölgun ferðamanna hér á landi síðastliðinn áratug jókst til muna álag á ýmsa innviði landsins.

Næstum eins og hendi væri veifað streymdu þúsundir bílaleigubíla út á vegi landið í kring og ökumenn þeirra ekki allir viðbúnir þeim aðstæðum sem þar eru með tvíbreiðum vegum, einbreiðum brúm og malarvegum.

Áður höfðu strandsiglingar lagst af og vöruflutningar færst á þessa sömu vegi með stórauknu álagi og stökkbreyttri slysahættu.

Gengnar kynslóðir byggðu af eftirtektarverðu harðfylgi upp innviði sem við sem á eftir komum höfum notið. En undanfarinn áratug hefur uppbyggingin stöðvast og viðhaldið setið á hakanum.

Í niðursveiflunni í kjölfar falls bankanna drógu stjórnvöld stórkostlega úr fjárframlögum til viðhalds og uppbyggingar innviða og hefur það ástand varað síðan. Undantekning þess er gríðarleg uppbygging á Keflavíkurflugvelli, svo anna mætti þeim straumi ferðamanna sem hingað lögðu leið sína.

Í vikunni kynntu Samtök iðnaðarins skýrslu sína um innviði. Þar kemur fram að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða sé 420 milljarðar króna, eða sem nemur 14,5 prósentum af landsframleiðslu. Með uppsafnaðri viðhaldsþörf er átt við hvað þurfi til svo koma megi innviðum í það horf að eðlilegt viðhald dugi til að halda ástandi þeirra óbreyttu.

Til glöggvunar nota skýrsluhöfundar einkunnir, frá 1 þar sem innviðir uppfylla ekki kröfur sem gerðar eru til notkunar þeirra, til 5 þar sem innviðir eru nýir og uppfylla kröfur samtímans.

Niðurstaða skýrslunnar er að nær 60 prósent af þessum 420 milljörðum megi rekja til innviða sem fá einkunnina 2. Þá segir að mest sé þörfin í vegakerfinu, eða 160 til 180 milljarðar króna.

En það er fleira en vegir sem liðið hafa fjárskort undanfarinn rúman áratug. Í skýrslunni er vikið að lélegu viðhaldi fasteigna í eigu hins opinbera. Reglulega koma upp mál þar sem mygla hrekur starfsemi úr opinberum byggingum. Ráðuneyti og stofnanir ríkis og sveitarfélaga hafa neyðst til að færa til starfsemi sína með tilheyrandi kostnaði, vegna heilsuspillandi aðstæðna af völdum myglu.

Allt að einu blasir við að sparnaður í viðhaldi hefnir sín grimmilega og 420 milljarðar króna er meira fé en lagt verður á sjóði hins opinbera. Allra síst eins og mál standa nú í kjölfar heimsfaraldursins.

Það er óforsvaranlegt að stíla þann reikning á komandi kynslóðir, til viðbótar þeim reikningum sem í þessum svifum er verið að skrifa vegna áhrifa faraldursins. Finna þarf aðrar leiðir til að fjármagna þessa viðhaldsþörf um leið og tryggja verður að viðhaldinu sé sinnt en því ekki slegið ítrekað á frest með þeim afleiðingum að stórfellt átak þarf til að koma þessu í viðunandi horf.

Það er á ábyrgð stjórnvalda að viðhalda þeim verðmætum sem gengnar kynslóðir hafa myndað. Það er ekki sanngjarnt að afleiðingar vanrækslu okkar séu lagðar á börn okkar og barnabörn.


Gengnar kynslóðir byggðu af eftirtektarverðu harðfylgi upp innviði sem við sem á eftir komum höfum notið.



Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Sannleikurinn eða ættbálkurinn

Það er lítið við að vera hér í London þar sem kórónaveiran veldur enn útgöngubanni. Í vikunni tók ég að fylgjast með rifrildum á Twitter mér til dægrastyttingar. Á einum stað reifst fólk um það hvort bág lífskjör á Kúbu stöfuðu af sósíalísku stjórnarfari eða viðskiptabanni Bandaríkjanna. Annars staðar reifst fólk um hvort rafmyntin bitcoin væri skemmtileg hugmynd eða óhæfileg umhverfisvá. Svarið virtist alltaf annaðhvort eða – algott eða alslæmt – og öðrum hópnum tókst aldrei að sannfæra hinn. Ég velti fyrir mér hvort blæbrigði í rökræðum rúmuðust ekki innan þeirra 280 stafabila sem Twitter hefur að bjóða. En ástæðan fyrir flokkadráttunum reyndist flóknari en svo.

Rannsókn taugavísindamanna við háskóla Suður-Kaliforníu sýnir að dýrategundin homo sapiens skiptir ekki um skoðun, sérstaklega ekki ef um er að ræða stjórnmálaskoðun. Myndir voru teknar af heilum þátttakenda rannsóknarinnar í MRI-skanna. Sýndu þær að heilastöðvar, sem ákvarða sjálfsmynd, stýra tilfinningasvörun og meta hættu, verða virkar þegar stjórnmálaskoðanir einstaklings eru dregnar í efa. Jafnvel þótt þátttakendum væru sýndar sannanir þess að þeir hefðu rangt fyrir sér, þrjóskuðust þeir við. Jonas Kaplan, sem fór fyrir rannsóknninni, sagði stjórnmálaskoðanir vera „hluta af sjálfsmynd okkar“ og að þær „ákvörðuðu hvaða samfélagshópi við tilheyrðum“. Það væri ekki „sannleikurinn“ sem við stæðum vörð um þegar við rökræddum stjórnmál heldur „ættbálkurinn“.

Vitsmunaleg leti

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra ákvað nýverið að hefja sölumeðferð á hlutum ríkisins í Íslandsbanka. Fáum dylst ákafi Bjarna þegar kemur að einkavæðingunni. Ekki eru þó allir jafnsannfærðir um nauðsyn hennar. Þykir mörgum asinn vera heldur mikill, vinnubrögðum ábótavant og hvatirnar óljósar. „Það er mjög sérkennilegt að einkavæða banka rétt fyrir kosningar, þegar allt hagkerfið er í 100 ára djúpri kreppu og óvissa um eignasöfn,“ sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, nefndarmaður í fjárlaganefnd.

Bjarni afskrifaði hins vegar allar aðfinnslur sem hugmyndafræðilegan ágreining. Efasemdafólk væri „einfaldlega þeirrar skoðunar að ríkið hafi hlutverki að gegna sem leiðandi afl og megin eigandi fjármálakerfisins.“

Margur sér flísina í auga annars en ekki bjálkann í eigin auga. Í sömu andrá og Bjarni sakaði þá sem voru honum ósammála um hugmyndafræðilega rörsýni útskýrði hann fyrir þeim „bestu rökin fyrir því að selja bankann“. Þau voru orðrétt: „Ríkið á ekki að standa í bankarekstri.“

Bág lífskjör á Kúbu geta skýrst af sósíalísku stjórnarfari og viðskiptabanni Bandaríkjanna, hvort tveggja í senn. Bitcoin getur bæði verið skemmtileg hugmynd og umhverfisvá. Að láta eins og að til sé eitt sjálfkrafa svar við því hvort ríkið eigi að selja Íslandsbanka eða ekki er vitsmunaleg leti.

Að selja banka eða ekki selja banka, þarna er efinn. Eitt er þó engum vafa undirorpið. Aðeins 23 prósent treysta Bjarna Benediktssyni til að leiða sölu Íslandsbanka. 63 prósent treysta honum illa.

Sumir virðast álíta sölu Íslandsbanka pólitíska skoðun en ekki praktíska ákvörðun. Ef marka má taugavísindamennina í Kaliforníu er ólíklegt að þeim sem er svo þenkjandi snúist hugur. Af því leiðir einnig að hætta er á því að sá hópur standi ekki vörð um „sannleikann“ heldur „ættbálkinn“.

Einkavæðing Landsbankans og Búnaðarbankans árið 2002 var gjarnan kölluð einkavinavæðing. Að troða sölu Íslandsbanka ofan í kokið á þjóð sem enn ber ör þess ættbálka-gjörnings rétt eins og fóðri ofan í „foie gras“-gæs er þarflaus grimmd. Kosningar eru handan hornsins. Hver sá sem sigrar þær hefur umboð til að selja – eða ekki selja – Íslandsbanka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

ASKJA

Straumurinn er í Öskju!

Rafbíladagar – opið í dag, kl. 12–16



Yfir 30 gerðir rafmagnaðra bíla

Komdu á rafbíladaga Öskju og kynntu þér glæsilegt úrval 100% rafbíla, tvinn- og tengiltvinnbíla frá Kia, Mercedes-Benz og Honda.

Askja býður yfir 30 gerðir bíla sem ganga fyrir rafmagni að hluta eða öllu leyti. Við erum sérfræðingar í rafbílum og svörum þínum spurningum um allt sem þeim tengist.

Kíktu í heimsókn í dag – við tökum vel á móti þér.

Þáttur um rafbíla á mannamáli


Rafbílaspjallið
Viðtöl og fróðleikur

Aðgengilegur núna á askja.is

Bílaumboðið Askja • Krókhálsi 11–13, 110 Reykjavík • 590 2100 • askja.is



INDI OG **ANIL** PÚÐAR Í NOKKRUM STÆÐUM OG GERÐUM FRÁ RIVERDALE. VERÐ FRÁ 6.230 KR.




IITTALA AALTO VASI, ESSENCE KARAFLA 1 L., MIRANDA SKÁL 145 MM, KASTEHELMI OG AALTO KERTASTJAKAR.







ELEPHANT PARADE FÍLL BAUKUR MEÐ LOKI LAZY MAZIE 15 CM. VERÐ 14.990 KR.



RIVERDALE
ROCCO SKÁL SVÖRT.
TVÆR STÆRÐIR.
3.990 KR. LÍTIL
8.990 KR. STÓR







BROSTE HASLE ELDFASTIR LEIRPOTTAR. STÆRÐ: 23,5 X 19 CM VERÐ: 6.490 KR.
ELDFÖST MÓT ÚR LEIR. LJÓSGRÁTT, BLÁTT EÐA BRÚNT. TVÆR STÆRÐIR
37 X 21,5 CM VERÐ: 5.990 KR.
43 × 26 CM. VERÐ: 6.990 KR.



BOYD
ÞRIGGJA SÆTA SÓFI. DÖKKGRÁTT SLÉTTFLAUEL. STÆRÐ: 215 × 87 × 78 CM.
VERÐ: 139.990 KR.



RIVERDALE WALTON HÆGINDASTÓLL DÖKKGRÁR.
VERÐ: 179.990 KR.

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM MATARSTELLUM OG ANNARRI LEIR- OG GLERVÖRU FYRIR ÓMÓTSTÆÐILEGA BORÐSTOFU FRÁ Bitz



MIKIÐ OG FJÖLBREYTT ÚRVAL AF MOTTUM OG DREGLUM FRÁ

NORDAL DIALMA BROWN INTERIORS & LIFESTYLE NIRMAL

Reykjavík Bíldshöfði 20 — **11 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 — **12 – 18** virka daga, **12 – 16** laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1
www.husgagnahollin.is 558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Nú er bjart í Höllinni

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

RICHMOND BORÐSTOFUBORÐ, OLÍUBORIN EIK, STÆRÐ; Ø 120 X 75 CM **99.990** KR.



PINTO U-SÓFI Í GRÁU KENTUCKY STONE ÁKLÆÐI. STÆRÐ: 349 X 206 X 85 CM VERÐ: 369.990 KR.





CLEVELAND TVEGGJA OG ÞRIGGJA SÆTA CLEVELAND Í GRÁU SOFT ÁKLÆÐI. TVEGGJA SÆTA: 179 X 86 X 81 CM VERÐ: 89.990 KR. ÞRIGGJA SÆTA: 206 X 86 X 81 CM VERÐ: 99.990



UMAGE ALUVIA SKERMUR, NOKKRIR LITIR 40 X 30 CM. VERÐ 29.990 KR.

HÚSGAGNA HÖLLIN



Jón Axel hefur leikið afar vel í forkeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Mæta án pressu í lokaumferðina

KÖRFUBOLTI Íslenska karlalandsliðið í körfubolta lýkur í dag keppni á fyrsta stigi í undankeppni fyrir HM sem haldið verður árið 2023.

Andstæðingur íslenska liðsins í lokaumferðinni verður Lúxemborg en fyrir þennan leik hefur Ísland nú þegar tryggt sér sæti í næsta stigi undankeppninnar. Það gerði liðið með því að leggja Slóvakíu að velli á nokkuð sannfærandi hátt á miðvikudaginn var.

Þar lék Jón Axel Guðmundsson við hvurn sinn fingur auk þess sem Tryggvi Snær Hlinason var einkar öflugur á báðum endum vallarins. Ísland og Lúxemborg mættust í fyrri leik sínum í forkeppninni í lok nóvember síðastliðnum. Þá fór íslenska liðið með sigur af hólmi. **– hó**

Fjögur ný lið skráð til leiks

ÍSLENSKI BOLTINN Fjögur lið sem tóku ekki þátt í deildarkeppni í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu á síðasta keppnistímabili munu leika í 2. deildinni í sumar. Mótanefnd knattspyrnusambands Íslands hefur birt drög að leikjadagskrá 2. deildarinnar fyrir tímabilið. Alls eru 33 lið skráð til leiks í Íslandsmótið þetta árið. Það er fjölgun um fjögur lið á milli ára.

Liðin fjögur sem bætast við eru Einherji Vopnafirði sem tók síðast þátt í deildarkeppni kvennamegin árið 2018, KH sem var með lið árið 2016, SR sem hefur ekki áður haft á að skipa kvennaliði og KM sem er nýtt lið.

Fyrirkomulagi 2. deildarinnar hefur verið breytt en leikin verður einföld umferð og þar eftir spiluð fjögurra liða úrslitakeppni. **– hó**

Bætti Íslandsmet þrátt fyrir að hafa brotið tær í upphitun

Kraftlyftingakonan Sóley Margrét Jónsdóttir bætti fimm Íslandsmet og tvö Norðurlandamet á Reykjavíkurleikunum, þrátt fyrir að tábrotna fyrir lokagreinina. Þessi nítján ára aflraunakona hefur undanfarin tvö ár verið kosin kraftlyftingakona ársins og hefur verið í sérflokki í sínum aldursflokki á heimsvísu.



Sóley Margrét er þrefaldur Evrópumeistari og heimsmeistari í unglingaflokki. MYND/JENS ANDRI FYLKISSON

KRAFTLYFTINGAR Akureyringurinn Sóley Margrét Jónsdóttir, sem keppir fyrir hönd Breiðabliks, náði að fylgja eftir góðum árangri undanfarinna ára þegar hún setti fimm ný Íslandsmet, sex unglingamet og tvö Norðurlandamet á Reykjavíkurleikunum í síðasta mánuði. Þetta var aðeins annað mót Sóleyjar að undanförnu en kórónaveirufaraldurinn hefur sett strik í reikninginn í kraftlyftingum og hefur komið í veg fyrir hefðbundið mótafyrirkomulag í greininni líkt og öðrum greinum.

„Þetta var annað mótið sem ég gat tekið þátt í á löngum tíma en í hefðbundnu árferði hefðu þetta líklegast verið um tíu mót. Ég átti að vera búin að fara að minnsta kosti þrisvar utan að keppa, en í staðinn hef ég bara einbeitt mér að æfingum og bætingum. Núna stendur yfir rólegt tímabil en svo fer allt á fullt fyrir EM í bekkpressu í Rússlandi í sumar, ef mótið fær að fara fram. Það eru mörg mót á dagskránni og flest þeirra í útlöndum en það á eftir að koma í ljós hvort þau fái að fara fram.“

Á dagskránni hjá Sóleyju á þessu ári stendur til að taka þátt í áðurnefndu EM í bekkpressu ásamt heimsmeistaramóti U23 í Rúmeníu og heimsmeistaramóti fullorðinna í Noregi undir lok ársins. Það er því afar spennandi ár fram undan hjá kraftlyftingakonunni ef faraldurinn fer að lægja.

Aðspurð hvort að árangurinn á Reykjavíkurleikunum hafi farið fram úr væntingum, var hin metnaðarfulla Sóley ekki á því, enda voru keppnisaðstæður í Sporthúsinu þann daginn ekki upp á það besta.

„Í aðdraganda mótsins var helsta markmiðið hjá mér að bæta hnébeygjumetið sem tókst. Mér tókst að bæta fyrra metið um 42 kíló. Þetta mót gekk samt ekkert allt eins og í sögu, það var fullkalt inni sem gerði manni erfitt fyrir, “ segir Sóley, sem lenti í óheppilegu atviki á lokadegi mótsins.

„Ég lenti í því óheppilega atviki að brjóta tvær tær í upphitun fyrir réttstöðulyftuna sem var síðasta grein mótsins. Það setti ákveðið strik í reikninginn,“ segir hún hlæjandi. „Ég reyndi að gleyma sársaukanum og fór ekkert úr skónum þar til mótið var yfirstaðið. Með því tókst mér að klára mótið,“ segir Sóley, sem bætti Íslandsmet í réttstöðulyftu í flokki U23 þrátt fyrir brotin.

Stutt er síðan Sóley var kosin kraftlyftingakona ársins 2020 en hún keppir bæði í unglinga- og fullorðinsflokki. Hún varð Evrópumeistari þrjú ár í röð frá 2017 til 2019 í flokki U18 og heimsmeistari í sama flokki árið 2019 og er því óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá þessari öflugu kraftlyftingakonu. Hún tók undir að það væri viðurkenning en á sama tíma hvatning að fá nafnbótina Kraftlyftingakona ársins undanfarin tvö ár.

> **Ég lenti í því óheppilega atviki að brjóta tvær tær í upphitun fyrir réttstöðulyftuna.**
>
> Sóley Margrét Jónsdóttir

„Algjörlega. Það var mikil hvatning að vera kosin Kraftlyftingakona ársins og hvetur mann áfram.“

Sóley, sem vinnur sem sjúkraliði í heimahjúkrun hjá Reykjavíkurborg, ákvað á síðasta ári að flytja til Reykjavíkur og keppir þessa dagana fyrir hönd Breiðabliks. Aðspurð sagðist hún vera ánægð með að hafa tekið þetta skref.

„Ég er mjög ánægð með þessa ákvörðun. Aðstæðurnar eru frábærar, gott umhverfi og góður félagsskapur. Fyrir vikið er þetta mjög hvetjandi. Eina eftirsjáin er að fjölskyldan varð eftir fyrir norðan og það er smá söknuður eftir þeim.“

kristinnpall@frettabladid.is



Vill færri breytingartillögur á mótinu

ÍSLENSKI BOLTINN Orri Hlöðversson tók við sem formaður Íslensks toppfótbolta á aðalfundi samtakanna í vikunni. Orri, sem er formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, kveðst fullur tilhlökkunar að takast á við þau verkefni sem fram undan eru. Samtökin gæta hagsmuna þeirra félaga sem leika í efstu deild.

Aðspurður segir Orri tvö mál vera efst á baugi þessa stundina. Það séu mótafyrirkomulag í efstu deild karla og sjónvarpsrétturinn.

„Fyrir komandi ársþing liggja tillögur um framtíðarmótafyrirkomulag í efstu deild karla. Það eru allir þeir sem ég hef talað við sammála um það að þurfi að fjölga leikjum en svo eru mismunandi skoðanir á því hvaða leið sé vænlegust. Að mínu mati er skynsamlegt að fækka þeim kostum og skýra stöðuna betur. Það er allavega gott að skynja samstöðuna sem er um að fjölga leikjum og færa okkur nær þeim þjóðum sem við berum okkur saman við,“ segir Orri í samtali við Fréttablaðið.

> **Þegar liggur fyrir hvernig mótahaldi verður háttað sumarið 2022 getum við haldið áfram að ræða við aðila á markaði.**
>
> Orri Hlöðversson, formaður ÍTF

„Þegar það liggur fyrir hvernig mótahaldi verður háttað sumarið 2022 getum svo við haldið áfram þeirri vinnu að ræða við aðila á markaði um sölu á sjónvarpsréttinum. Samningur um sýningarréttinn rennur út í haust, eftir tímabilið og vinna við að kanna hvaða kostir eru í boði er komin í fínan farveg.

Nú er svo bara að koma þeim viðræðum áfram og þegar ákveðið hefur verið hvernig mótið verður erum við komnir með fastara land undir fætur í viðræðunum. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir félögin sem eru í samtökunum,“ segir formaðurinn enn fremur.

„Samtökin eru að slíta barnsskónum og nú þarf að móta framtíðarmódel þeirra. Eins og staðan er núna er einn launaður starfsmaður, sem er framkvæmdastjórinn, en formennska er sjálfboðaliðastarf. Það er ekkert sem ég set fyrir mig en það væri þess vert að skoða það hvort heillavænlegt væri að færa fleiri verkefni á herðar ÍTF. Því þyrfti hins vegar að sjálfsögðu að fylgja fjármagn og mannafli. Eins og staðan er núna stendur fjármagn frá KSÍ og aðildargjald félaganna undir rekstri samtakanna. Þessi blanda er að mínu mati best og svo er spurning hversu stóra sneið af kökunni KSÍ og félögin taka að sér. Það er eitthvað sem þarf að ræða og komast að samkomulagi um. Samstarfið við KSÍ hefur verið gott og ég á ekki von á breytingu á því.“ **– hó**



Veglegur aukapakki!

Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Hyundai KONA því honum fylgir veglegur aukapakki að verðmæti 302.000 kr. – **hleðslustöð með snúru, vetrardekk og skottmotta.**

Þessi fagurmótaði jepplingur er 100% rafdrifinn og hefur **eina mestu drægni bíla í sama stærðarflokki eða 449 km** samkvæmt nýjum WLTP mælingum.

Verið velkomin, við bjóðum upp á rafmagnaðan reynsluakstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

Hyundai KONA Comfort 39kWh. Verð: 5.290.000 kr.
Hyundai KONA Premium 64kWh. Verð: 5.990.000 kr.

7 ÁRA ÁBYRGÐ
FRAMTÍÐIN ER ÖRUGG

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is

BL

ENNEMM / SÍA / NM004192

Hvað á að gera í vetrarfríinu?

Fram undan er vetrarfrí í mörgum skólum og þó stór hluti þjóðarinnar leggi land undir fót er ýmislegt hægt að sýsla í nágrenni höfuðborgarinnar. Við hleruðum tvo foreldra um hvað eigi að gera með krökkunum.

Kirkjuskoðun í Krýsuvík



Sigurður ætlar að fara með Hauk Helga 10 ára og Friðrik Bjarka 7 ára í Krýsuvík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Sigurður Helgi Pálmason, annar stjórnenda hinna vinsælu þátta Fyrir alla muni sem sýndir eru á RÚV, ætlar að nota helgina í að sýna sonunum æskuslóðir.

Hvað á að gera um helgina?

Við feðgarnir ætlum að fara í Krýsuvík um helgina ef veður leyfir og búa til minningar. Foreldrar mínir voru með bústað þarna þegar ég var ungur og ég þekki vel til Kleifarvatns og svæðisins þar í kring.

Planið er að kíkja í Seltún, þar er hægt að skoða gufu- og leirhveri á góðum göngupöllum. Svo er ég að vonast til að þeir finni jarðskjálfta sem eru tíðir á þessu svæði. Ég ætla svo að sýna þeim Grænavatn og Krýsuvíkurkirkju. Við endum svo daginn þar sem bústaður foreldra minna var og fáum okkur heitt súkkulaði og smá bakkelsi með.

Ég er einhvern veginn alltaf að afrita og líma það sem ég upplifði með mínu fólki yfir á strákana mína, í þeirri von um að þeir eignist sömu góðu minningar og ég á.

Hvað er það skemmtilegasta sem þið gerið saman?

„Það eru í raun og veru þessi ferðalög okkar. En hvort drengjunum finnist þau eins skemmtileg er eitthvað sem þeir verða að svara," segir hann í léttum tón og bætir svo við; „Jú, þeim finnst æði að fara með pabba að skoða kirkju og hlusta á hvernig hún var byggð frá grunni eftir að sú gamla brann.

En til þess að þeir hafi gaman af þessu með mér þá verð ég að taka þátt í því sem þeim þykir skemmtilegt – ég hef haft það fyrir venju að segja eins oft og ég mögulega get já við þá þegar þeir koma með hugmyndir.

Til dæmis síðasta sumar langaði þá að læra á hjólabretti, við sáum að Hjólabrettaskóli Reykjavíkur var með fjölskyldunámskeið sem við skelltum okkur á. Það tók þá ekki langan tíma að ná tökum á brettunum og þeir voru fljótlega byrjaðir að kenna gamla – sem gerir þetta allt svo skemmtilegt."

Eru helgarnar yfirleitt vel planaðar?

„Það má segja að það eina sem er alltaf á planinu hjá okkur á sunnudögum séu pönnukökur sem ég hef bakað fyrir þá nánast frá fyrsta degi. Þess utan þá erum við svolítið að skella okkur með stuttum fyrirvara að skoða nærliggjandi svæði. Það hentar okkur vel og oftar en ekki leiðir það okkur í eitthvað allt annað en við höfum lagt upp með að gera."

> SVO ER ÉG AÐ VONAST TIL AÐ ÞEIR FINNI JARÐSKJÁLFTA SEM ERU TÍÐIR Á ÞESSU SVÆÐI.

Hvernig hefur heimsfaraldur lagst í mannskapinn?

„Síðustu mánuðir hafa auðvitað haft áhrif en á margan hátt hafa þeir verið frábærir. Sem betur fer þá eru strákarnir mínir frekar slakir og eru fljótir að aðlagast nýjum aðstæðum. Það má kannski segja að eina sem þeir hafa virkilega saknað er að komast í sund.

Ég hef reynt að vera extra duglegur að fara með þá á útivistarsvæði. Heiðmörk er gott dæmi um svæði þar sem er auðvelt að finna fullt af skemmtilegum upplifunum. Þar eru til dæmis hellar sem hægt er að fara með vasaljós og skoða, Búrfell sem er mjög auðvelt að ganga á og skoða risagíg, og svo auðvitað að ganga um skógræktarsvæðið með öllum tilheyrandi ævintýrum.

Við höfum einnig verið duglegir að heimsækja ömmu og afa sem eru í nágrenni við Heiðmörk. Þegar ég hugsa núna til baka, höfum við bara verið nokkuð duglegir að gera akkúrat það sem ég er alltaf að vonast til að búa til hjá þeim – minningar með pabba og fjölskyldunni þeirra.



Fram undan eru vetrarfrí í mörgum skólum og tilvalið að nýta tímann til samveru með sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Risaeðluleit í Viðey

Rithöfundurinn Þóra Karítas Árnadóttir ætlar að vera í fjölskyldufríi í bænum um helgina en stefnan er þó alls ekki að taka því rólega.

Hvað á að gera um helgina?

„Við verðum í bænum um helgina og mér sýnist á öllu að við séum ekkert að fara að taka því mjög rólega í þetta sinn en þetta verður svona menningarhlaðin helgi í bland við barnafmæli og barnaleikhús.

Á laugardaginn erum við að fara að sjá Stúlkuna sem stöðvaði stríðið með leikhópnum 10 fingur og Helgu Arnalds í fararbroddi og svo er ég svo heppin að fá smá djamm, en ég fer með góðum hópi vinkvenna á myndina Ómöguleg ást á frönsku kvikmyndahátíðinni og út að borða.

Svo langaði drengina mína að heimsækja risaeðlueyju svo við vorum að hugsa um að nota frídagana eftir helgi í að sigla út í Viðey og sjá hvort rekumst á einhverjar eðlur þar."

Hvað er það skemmtilegasta sem þið gerið með börnunum?

„Að ferðast og fara í leikhús og bíó. Heima við er það legó, leir, litir og kósýkvöld. Við látum okkur dreyma um Lególand einn daginn, vonandi fyrir fermingaraldur þegar allir hafa fengið bóluefni."

Þóra segir fjölskylduferð í brúðkaup í Gotlandi standa upp úr í minningabankanum.

„Gotland er barnaparadís og draumaeyja þar sem Lína langsokkur býr. Eyjan hefur að geyma strönd sem er í uppáhaldi, rauð jarðarber sem maður tínir sjálfur upp í munninn og fleira ævintýralegt sem situr vel og lengi í minningabanka barna."

Eru helgarnar yfirleitt vel planaðar?

„Alls ekki en ég hef þó verið í átaki og hef undanfarið reynt að skipuleggja eitthvað skemmtilegt um hverja helgi til að hafa einhverja stefnu, því ég er frekar flæðandi týpa í grunninn og hef undanfarið áttað mig á mikilvægi skipulagningar þegar börn eru annars vegar.

Við erum svolítið að vinna með rennibrautasundstaði og þá staðreynd að þeir yngstu njóta þess að sjá sömu leiksýningar og bíósýningar í augnablikinu."



Þóra Karítas er með skemmtileg plön um helgina og í vetrarfríinu ásamt sonum sínum; Flóka 16 ára, Árna 5 ára og Degi sem er nýorðinn þriggja ára.

> ÉG VIL NOTA TÆKIFÆRIÐ OG ÞAKKA KENNURUM OG LEIKSKÓLAKENNURUM FYRIR SÉRSTAKAN HETJUSKAP Á ÞESSU ÁRI.

Þóra segir fjölskylduna fagna því að leikhús hafi opnað á ný og bræðurnir hafi séð Karíus og Baktus um síðustu helgi.

„Við förum líka reglulega á söfn og kaffihús. Við búum í miðbænum svo einföld verkefni eins og að labba niður í bæ og kaupa Smartiesköku reynist oft ágætis uppskrift að flæðandi degi með yngri deildinni og svo heimsækjum við gjarnan Kjarvalsstaði.

Annars er veturinn líka svolítið fjölskylduvænn, sérstaklega snjórinn og þá er stuð að komast út á snjósleða en á stefnuskránni er að prufa Bláfjöll hið fyrsta svo þeir yngri verði skíðafærir," segir Þóra sem treystir á að sá elsti taki að sér kennslu.

Hvernig hefur heimsfaraldur lagst í mannskapinn?

„Ég held við höfum ekki breytt miklu fyrir utan að hitta færri og sækja ekki jógastöðvar og sund. Svo var til dæmis ekki í boði að leika við vini í götunni sem var svolítið skrýtið að útskýra fyrir fimm ára, en magnað hvað börn skilja allt vel þegar við þau er rætt.

Þar sem við Siggi maðurinn minn erum bæði sjálfstætt starfandi skiptum við þá deginum bróðurlega á milli okkar heima og að heiman. En það er eins og allir viti að það er mun auðveldara að vera í vinnunni en að halda uppi leikskólaprógrammi heima hjá sér og ég vil nota tækifærið og þakka kennurum og leikskólakennurum fyrir sérstakan hetjuskap á þessu ári.

Ég tek hatt minn ofan fyrir kennara- og heilbrigðisstéttinni okkar og hef verið þakklát fyrir að skólastarf hefur haldist að mestu leyti óskert. Mér finnst klárlega að þessar stéttir sem halda uppi samfélaginu okkar mættu fá bestu laun sem í boði eru, ekki síst á þessum álagstímum á þeirra starfsvettvangi.




Í KVÖLD 18:55 **- Í BEINNI ÚTSENDINGU**

Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla fjölskylduna á Stöð 2 þar sem spilað er bingó.
Veglegir vinningar verða í boði fyrir þátttakendur frá **Heimilistækjum, Kids Coolshop, Lindex, Minigarðinum, Sleepy og Nespresso.**
Bingóspjöld og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á **visir.is/bingo**

\+ = **7.990 kr./mán.**
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**



AUÐVITAÐ VAR ÞETTA STÓRFURÐULEG ÆSKA Á MARGAN HÁTT OG MÖRG VOTTABÖRN HAFA STIGIÐ FRAM OG SAGT FRÁ EINU OG ÖÐRU EN ÉG HEF EINBEITT MÉR AÐ ÞVÍ AÐ SJÁ STYRKLEIKANA Í ÞESSU UPPELDI.

Snæfríður upplifði sig alltaf utangátta í jólaundirbúningnum hér heima og því tilvalið að dvelja ytra með fjölskyldunni yfir hátíðirnar. MYND/MATTHÍAS KRISTJÁNSSON

Tíminn er í raun eina verðmætið

Snæfríður Ingadóttir hefur árum saman kosið að leggjast í ferðalög með eiginmanni og þremur dætrum yfir jólahátíðina en dvalirnar hafa nú lengst enda segist hún ekki vilja bíða eftir ellilífeyrinum til þess að lifa lífinu.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Snæfríður dvelur nú á suðurhluta Tenerife ásamt eiginmanni og þremur dætrum, en jólaferðalag þessarar akureyrsku fjölskyldu varð óvænt að fjögurra mánaða dvöl í bænum El Médano sem fjölskyldan þekkir vel eftir að hafa búið þar veturinn 2018 til 2019.

Það var árið 2013 þegar yngsta dóttirin var nýkomin til sögunnar að fjölskyldan fór í fyrstu Kanaríferðina og síðan hefur í raun ekki verið aftur snúið.

„Það var vetur á Akureyri og ég með þrjú lítil börn sem voru sífellt blaut í fæturna í snjónum. Mig dreymdi um að komast með fjölskylduna í sól í fæðingarorlofinu en maðurinn minn var fljótur að benda mér á að við hefðum ekkert efni á slíku ferðalagi," útskýrir Snæfríður, sem dó þó ekki ráðalaus og skráði sig á íbúðaskiptasíðu og tókst þeim að skipta við fjölskyldu á Fuertaventura, einni kanarísku eyjanna.

„Við vorum í framhaldi í fjórar vikur á Fuertaventura en fyrir þá ferð vissi ég ekkert um Kanaríeyjar," segir Snæfríður, sem upp frá þessu hefur notast mikið við íbúðaskipti og bæði skrifað handbók fyrir þá sem hafa áhuga á að reyna fyrir sér í þeim efnum og haldið námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands.

„Áður en ég kynntist manninum

VIÐ HÉLDUM AÐ VIÐ YRÐUM BARA MEÐ KOKTEILA Á STRÖNDINNI EN GERÐUM LÍTIÐ ANNAÐ FYRSTU MÁNUÐINA EN AÐ LÆRA MEÐ DÆTRUNUM.

mínum ferðaðist ég fullt. Ég var au-pair í Þýskalandi, bjó um tíma í Frakklandi og fór í háskólanám í Noregi. Ég var svo líka í skemmtilegum störfum sem kröfðust þess að ég ferðaðist töluvert. Svo þegar börnin komu til sögunnar minnkuðu ferðalögin og peningarnir fóru í annað eins og gengur og gerist."

Harkaleg áminning

Það voru ekki aðeins snjóþyngsli vetrarins 2013 og kaldir og blautir barnsfætur sem kveiktu ævintýraþrá þeirra hjóna, heldur voru þau harkalega minnt á alvöru lífsins.

„Það árið missti eiginmaður minn tvo vini á besta aldri. Annar lést úr veikindum og hinn af slysförum og það kveikti ákveðna hugsun hjá okkur og spurningar um það hvernig við vildum haga lífinu. Fráföll þeirra voru ákveðin áminning um að allt er í lífinu hverfult," segir hún.

Þau heilluðust af Kanaríeyjum



Hjónin ásamt dætrunum Bryndísi Brá 7 ára, Ragnheiði Ingu 13 ára og Margréti Sóleyju 11 ára. Bók Snæfríðar má finna á vefsíðunni lifiderferdalag.is.

og hafa síðan bara viljað vera þar. „Ég hef enga þörf lengur fyrir að sjá allan heiminn. Þegar maður kemur svona oft á sama staðinn fer maður að kafa dýpra í menninguna og þessar eyjar eru svo fjölbreyttar.

Þetta er náttúrlega syðsti punktur í Evrópu og fyrst fórum við hingað til þess að fá tilbreytingu frá vetrinum en nú er það fleira sem við sækjumst eftir. Við höfum kynnst góðu fólki sem er með svo skemmtilega sýn á lífið og ólíka því sem maður hafði áður kynnst. Það er svo gaman að sjá að hægt sé að lifa lífinu öðruvísi, en hjá þessu fólki er vinnan ekki endilega í forgangi. Ég var svo hissa fyrst þegar ég lenti í boðum þar sem enginn spurði hvað ég ynni við. Á Íslandi er maður alltaf skilgreindur út frá starfi manns og ef það er ekki nógu spennandi þá nennir liggur við enginn að tala við þig," segir Snæfríður í léttum tón.

„Hér er fólk að spá í allt öðru, fólk talar um mat, vín og hreyfingu og svo kemur vinnan kannski upp löngu seinna. Lífsgæðakapphlaupið er ekki eins áberandi og það er alltaf fiesta. Þessi lífstaktur á einfaldlega vel við mig."

Spurning um forgangsröðun

Snæfríður og eiginmaður hennar, Matthías Kristjánsson, eru bæði sjálfstætt starfandi og geta þannig raðað verkefnum upp svo hægt sé að dvelja hluta ársins ytra.

„Maðurinn minn er húsasmíðameistari, en á meðan við erum erlendis vinnur hann við þýðingar, við að texta sjónvarpsþætti og kvikmyndir. Starf smiðsins þyngist verulega yfir vetrartímann, enda oft snjóþungt fyrir norðan svo það hefur reynst honum vel að skipta um starfsvettvang þessa þyngstu mánuði."

Snæfríður hefur starfað við fjölmiðla um árabil og hafa lesendur mögulega séð hana undanfarið í fréttum RÚV frá Tenerife eða í ferðaþættinum Vegabréf á N4.

„Ég hef einbeitt mér að ritstörfum undanfarið," segir Snæfríður, sem viðurkennir að síðasta ár hafi tekið á, enda hefur hún mikið skrifað greinar og bækur um ferðalög sem lítið hefur verið um hjá heimsbyggðinni.

Hún segir þau mikið spurð að því hvernig þau hafi efni á því að dvelja svo mikið ytra.

„Þetta er alltaf spurning um forgangsröðun, innkomu og útgjöld. Við höfum verið dugleg við að stramma útgjöldin af, til dæmis með því að nota íbúðaskipti. Núna erum við hér í fjóra mánuði en af því eru fimm vikur í íbúðaskiptum. Það eru þó engir Kanaríbúar í okkar húsi núna, heldur eru þetta svokölluð punktaskipti. Það eru svo margar leiðir til þess að gera íbúðaskipti og skiptin þurfa ekki að gerast á sama tíma.

Deila ellilífeyrisárunum á lífið

Margir bíða með ferðalög og aðra drauma þar til farið er á ellilífeyri. Maður heyrir fólk oft segja; ➡

Átt þú rétt á tekjufallsstyrk?

Kynntu þér málið á Skatturinn.is



Tekjufallsstyrkir eru ætlaðir þeim fyrirtækjum, þar með talið einstaklingum í sjálfstæðum rekstri, sem orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna áhrifa frá heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Styrkurinn tekur til rekstrartímabilsins 1. apríl til 31. október 2020, að uppfylltum ýmsum skilyrðum.

- Átt þú rétt en hefur ekki sótt um?
- Átt þú kannski eftir að ljúka við að sækja um og undirrita með rafrænum skilríkjum?

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2021.

Sótt er um í gegnum þjónustusíðu umsækjanda hjá Skattinum.

Leitaðu nánari upplýsinga á *Skatturinn.is*, í þjónustusíma 442 1000 eða með tölvupósti til ***covid@skatturinn.is***

Skatturinn

skatturinn@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

„Þegar ég hætti að vinna, þá ætla ég að gera hitt og þetta.“ Mér finnst það sorglegt því alltof oft hefur það ekki kraftinn til að gera það þegar það hættir að vinna eða eitthvað annað hefur komið upp sem truflar.

Ég lít þannig á þetta að við hjónin séum að deila ellilífeyrisárunum niður á lífið. Ég sá eitt sinn Ted-fyrirlestur þar sem grafískur hönnuður búsettur í Bandaríkjunum sagði frá því að hann lokaði alltaf fyrirtæki sínu á fimm ára fresti til að ferðast. Í hvert sinn tapaði hann auðvitað fullt af viðskiptavinum en í hvert sinn kom hann til baka svo endurnærður og uppfullur af nýjum hugmyndum að þetta borgaði sig alltaf. Þetta fannst mér heillandi hugmynd.“

Fyrir tveimur árum síðan ákvað fjölskyldan að vera allan veturinn úti. „Það var þá sem hugmyndin að þessari nýju handbók, Spánn – Nýtt líf í nýju landi, sem ég var að gefa út, kviknaði. Við urðum að fara í gegnum allt þetta ferli, skrá börnin í skóla, fá spænska kennitölu og allt þetta sem maður þarf að klóra sig fram úr í nýju landi. Þetta getur verið svolítið flókið og misjafnt, enda skiptist Spánn í 17 sjálfstjórnarsvæði,“ segir Snæfríður, sem ákvað því að einbeita sér að þeim svæðum sem Íslendingar sækja helst: Costa Blanca svæðinu og kanarísku eyjunum.

„Ég hefði sjálf verið til í svona handbók þegar við fluttum hingað á sínum tíma, því það getur sannarlega verið hausverkur að finna út úr spænska kerfinu og því hvar eigi að byrja undirbúningsferlið .“



Snæfríður og Matthías eru bæði sjálfstætt starfandi og geta því skipulagt veturinn að miklu leyti sjálf og kjósa nú í annað sinn að verja honum syðra.

Klósettpappír skammtaður

Fjölbreytt val er í boði í skólamálum og þegar fjölskyldan bjó á eyjunni heilan vetur gengu allar dæturnar í almennan, spænskan skóla. Það reyndist töluverð áskorun enda engin þeirra spænskumælandi og kerfið ólíkt því sem þau áttu að venjast.

„Skólinn hér er svolítið gamaldags miðað við á Íslandi, meiri páfagaukalærdómur og minni áhersla á félagslega hlutann. Gamaldags refsingar viðgangast og sem dæmi þá lenti elsta dóttirin margoft í því að frímínúturnar voru teknar af bekknum af því að einhver hegðaði sér illa. Þá var allur bekkurinn látinn líða fyrir það, allir þurftu að sitja inni og skrifa „ég hegðaði mér illa,“ aftur og aftur í stílabók.

> ÞAÐ VORU ALDREI JÓL Á MÍNU HEIMILI EN FOR-ELDRAR MÍNIR REYNDU ÞÓ AÐ FARA EINHVERN MILLI-VEG OG ÞVÍ VAR HREINT Á RÚMUM OG HANGIKJÖT EN ALDREI NEITT JÓLA-SKRAUT EÐA JÓLAGJAFIR.

Þá þurftu nemendur að biðja kennarann um klósettpappír í hvert sinn sem þeir fóru á salernið og var þeim skammtaður pappír eftir því hvort gera átti eitt eða tvö. Þetta fannst elstu dótturinni til dæmis mjög óþægilegt.“ Snæfríður segir heraga hafa ríkt í skólanum og dæturnar hafi ekki fengið neinn afslátt þrátt fyrir að vera ótalandi á spænsku við upphaf náms.

Við bugun fyrstu mánuðina

„Við héldum að við yrðum bara með kokteila á ströndinni en gerðum lítið annað fyrstu mánuðina en að læra með dætrunum. Sjálf töluðum við litla sem enga spænsku á þessum tíma svo við vorum við það að bugast fyrstu þrjá mánuðina,“ segir hún og hlær að upprifjuninni. „Stelpurnar voru hetjurnar enda altalandi á spænsku eftir þetta og stóðu sig ótrúlega vel. Eins kunnu þær svo miklu betur að meta ýmislegt á Íslandi sem áður þótti sjálfsagt.“

Bakslög komu líka úr fleiri áttum þegar verkefni sem Snæfríður hafði gert ráð fyrir að sinna úti datt upp fyrir og bakreikningur barst frá skattinum.

„Við heyrðum oft frá fólki að við værum svo heppin og svo sniðug en þarna vorum við hvorki heppin né sniðug, við bara ædddum út í þetta og þurftum virkilega að hafa fyrir því að láta þetta ganga upp. Uppskeran var ótrúlegt ár sem aldrei gleymist.“

Snæfríður segir algengustu spurningarnar sem þau fái vera hvernig þau hafi efni á þessu og hvernig þau meiki að vera allan þennan tíma með börnunum sínum.

„Ég segi alltaf: „Ef það er vilji þá er vegur.“ Margir vinir okkar benda á að við séum með börn á réttum aldri í svona lagað en það er aldrei fullkomlega rétti tíminn,“ segir Snæfríður, en dæturnar eru á yngsta stigi, miðstigi og unglingastigi.

Hinni spurningunni segist hún svara á þennan hátt: „Við byrjuðum snemma að ferðast með þær og erum komin með mikið þol hvert fyrir öðru. Þetta er eins og með margt annað, maður þarf að byrja snemma og það er mikilvægt að gefast ekki upp. Auðvitað var oft erfitt að fara með þrjú börn og farangur í gegnum flugvelli en þetta kemst upp í vana.

Langar ekki að bíða

Mig langar ekki að bíða eftir að börnin verði stór til að ferðast, því mér finnst svo gaman að ferðast með þeim og sjá heiminn með augum þeirra. Við höfum auðvitað velt því fyrir okkur hvaða áhrif það hafi á þær að vera svona mikið með okkur, en vonandi kennir þetta þeim viðsýni og gefur þeim kjark og þor til að taka ákvarðanir út frá eigin hugmyndum og sjálfstæði til að skapa sitt eigið líf.



Hverju segir eldra fólk svo oft að það sjái eftir? Að hafa ekki varið meiri tíma með börnunum sínum. Því í raun er tíminn einu verðmætin í lífinu.

Eins og fyrr segir hófust ævintýrin á jólaferðalögum til Kanaríeyjanna.

„Yngsta dóttir okkar sem er sjö ára hefur því aldrei upplifað hefðbundin jól. Við vorum reyndar heima þarsíðustu jól og hún tók þá þátt í jólaundirbúningi í skólanum í fyrsta sinn. Þar áttu þau að segja frá jólahefðum fjölskyldunnar og hennar svar var að fara á ströndina og fá sér pítsu," segir Snæfríður og hlær. „Hún hafði aldrei upplifað neitt annað."

Aldrei jól í barnæsku

Snæfríður hafði sjálf ekki upplifað það sem við köllum hefðbundin jól og var ekki föst í hefðum eins og margir, en það var þó af allt annarri ástæðu.

„Mér hefur aldrei fundist mál að sleppa jólunum enda var uppeldi mitt óhefðbundið þar sem móðir mín er Vottur Jehóva," segir Snæfríður, sem alin var upp í söfnuðinum þó faðir hennar hafi ekki verið hluti hans. „Það voru aldrei jól á mínu heimili en foreldrar mínir reyndu þó að fara einhvern milliveg og því var hreint á rúmum og hangikjöt á borðum en aldrei neitt jólaskraut eða jólagjafir."

Snæfríður fékk kenningar safnaðarins beint í æð á æskuárunum, sótti samkomur og var látin stúdera Biblíuna.

„Auðvitað var þetta stórfurðuleg æska á margan hátt og mörg Vottabörn hafa stigið fram og sagt frá einu og öðru en ég hef einbeitt mér að því að sjá styrkleikana í þessu uppeldi. Til dæmis er eitt markmið Vottanna að þjálfa safnaðarmeðlimi upp til þess að ganga í hús og boða trúna og því reka þeir ræðuskóla sem ég fór í. Það hefur nýst mér vel í mínu starfi að hafa snemma lært að skrifa og halda ræður og ég fór auðvitað bara beint í fjölmiðla."

Snæfríður segist ekki endilega hafa spáð í það að hennar líf væri ólíkt annarra þegar hún var yngri, enda spyrji börn ekki endilega slíkra spurninga.

„Eftir því sem ég varð eldri fór ég að spyrja gagnrýnni spurninga varðandi þetta allt saman og hafði svo engan áhuga á að ganga í söfnuðinn þegar ég komst á unglingsár. Ég var svo heppin að ég gat flutt til systur minnar í Reykjavík beint eftir grunnskólann, var svo fljótlega farin að leigja sjálf og ferðast um heiminn."

Frelsi að vera laus við hefðir

Það er fleira jákvætt sem Snæfríður segist hafa tekið úr uppeldinu.

„Mér finnst ég alltaf utangátta í desember því ég kann ekkert á þessar jólahefðir. En það er ákveðið frelsi í því að vera ekki fastur í hefðum sem geta verið heftandi. Það er fullt af fólki sem langar að gera eins og við en getur það ekki vegna ákveðinni hefða. Innst inni þá held ég að ein aðalástæðan fyrir því að ég leita svona mikið erlendis sé að ég ólst upp við að vera stórfurðuleg. Ég passaði ekki inn í kassann sem krakki og sem fullorðin vil ég heldur ekki lifa lífinu í þessum hefðbundna kassa."

Snæfríður segir marga hafa hneykslast á því að þau hjónin færu utan með þrjú börn í miðjum heimsfaraldri. „Að okkar mati lá mesta áhættan í sjálfu ferðalaginu, að fara í gegnum flugvelli í mismunandi löndum. Hér erum við mikið úti í náttúrunni, reynum að fara gætilega og hugum að persónulegum sóttvörnum en þó það sé heimsfaraldur verður maður að reyna að halda áfram að lifa lífinu eins eðlilega og unnt er. Það er ekkert bannað að ferðast þó það sé vissulega flóknara en í venjulegu árferði. "



Þau hjón vöndu dæturnar snemma á langar göngur og þó það hafi þurft tiltal í byrjun þá er það oft svo í dag að þær eiga hugmyndina að göngu.

Fjölskyldan hefur nú dvalið ytra frá því í desember en upphaflega var ætlunin að vera aðeins yfir jólin. Flókin og kostnaðarsöm ferðalög þar sem flugum var aflýst og svo framvegis urðu þó til þess að þau ákváðu að hafa ferðina lengri og Snæfríður ákvað að nýta tækifærið til að ná í síðustu upplýsingarnar í handbókina sem hefur verið nærri tvö ár í vinnslu. Eldri dæturnar tvær eru í heimaskóla frá Íslandi en sú yngsta er í svokölluðum náttúruskóla þar sem öll kennsla fer fram utandyra. „Skóli er svo margt annað en það sem gerist innan veggja kennslustofunnar. Börn læra einnig mikið af því að vera á ferðalögum og vera í tengslum við foreldra sína og annað fullorðið fólk."

Eðlilegt líf í heimsfaraldri

Snæfríður segir lífið ganga sinn vanagang í El Médano þrátt fyrir að heimsfaraldur ríki.

„Við erum í bæ sem er mikið til spænskur og þar er lífið nokkuð eðlilegt og ekki eins og á ferðamannastöðunum þar sem starfsemin liggur sums staðar alveg niðri. Þegar maður fer til dæmis á Amerísku ströndina og horfir á öll hótelin sem standa tóm og lokaða veitingastaði er maður minntur á ástandið, en þar sem við erum lifir fólk nokkuð eðlilegu lífi. Hér í okkar bæ er allt opið þó það sé grímuskylda og fjöldatakmarkanir."

Útgöngubann er í gildi frá klukkan tíu á kvöldin til sex á morgnana en Snæfríður segir þau finna lítið fyrir því enda heima með börn hvort eð er. Hún segir töluvert um útlendinga á eyjunni þó lítið sé um hina hefðbundnu ferðamenn. Meira er um fólk í fjarvinnu sem dvelur lengur á eyjunni og vill njóta þess að vera í sólinni og fjarri stórborgum með harðari sóttvarnaaðgerðir.

„Fólk verður bara að gera upp við sjálft sig hvað það vill gera. Við viljum lifa lífinu með þessum hætti og við tökum ábyrgð á því, enda eins og ég sagði áður þá er tíminn það eina verðmæta í lífinu. Hvað veit maður með þessa veiru og hvað tekur við þegar hún er búin? "





Leiðangursmenn 2021: Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður, Magnús Leifur Sveinsson hljóðmaður, Einar Magnús Magnússon, kvikmyndagerðarmaður og handritshöfundur, Eyþór Eðvaldsson áhugamaður, Kristinn Kristinsson og Hörður Ágúst Harðarson leiðangursstjórar, Gísli Daníel Reynisson, eigandi stærstu farartækja leiðangursins og Haraldur Bjarnason tökustaðarstjóri.

Okkur þóttu fjarlægðirnar miklar


Einar Magnús Magnússon vinnur að ritun handrits að sjónvarpsþáttum um hrakningar strandmanna á Skeiðarársandi í janúar árið 1903. Hann heimsótti nýlega söguslóðir með vöskum hópi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Svartur sandur nefnist verkefni sem Einar Magnús Magnússon vinnur að. Það eru sjónvarpsþættir sem fjalla um ótrúlegar mannraunir þýskra sjómanna sem strönduðu skipi sínu, Friedrich Albert, á Skeiðarársandi í janúar 1903. Eftir tvísýna baráttu um borð í strönduðu skipinu komust þeir í land holdvotir og ráfuðu um sandinn í illviðri í ellefu daga, kaldir og matarlitlir, áður en þeir komust til byggða og voru þá sumir berfættir. Tveir dóu á leiðinni og einn hvarf.

Nú fyrir skömmu, á sama árstíma, fór Einar Magnús á strandstaðinn, með nokkrum félögum. Þó veður væri hið fegursta, þeir í ullar- og hlífðarfötum, vel skóaðir og með ísbrodda, þá fengu þeir að kynnast kuldanum á Skeiðarársandi og lenda í nútímastrandi með því að festa bílana. „Okkur þóttu fjarlægðirnar miklar á sandinum þótt við værum á fljúgandi og akandi farartækjum. En allt mögl varð líkast aumu væli þegar aðstæður okkar voru bornar saman við þær sem skipbrotsmenn lentu í," segir Einar Magnús, sem komst á ævintýralegan hátt yfir endurminningar þýska skipstjórans um þrekraunirnar 1903. „Það var bara eins og hinn týndi kaleikur," segir hann og hefur nú skrifað handrit að átta leiknum sjónvarpsþáttum, byggt meðal annars á þeim heimildum.

„Skipið strandaði austan til á Skeiðarársandi og eftir villur á sandinum bar mennina til vesturs og stundum óðu þeir vötn í brjósthæð. Frá strandstað eru nú um 20 kílómetrar að Hvalsýki sem eru ósar Núpsvatna og fleiri áa. Á tíunda degi tókst mönnunum að komast þar yfir á lítilli skektu sem þeir höfðu útbúið úr braki skipsins og dregið með sér. Þeir hírðust yfir nótt í miklum kulda á sunnanverðum Brunasandi og fylgdu þaðan sporum sem þeir fundu upp að Orustustöðum, þar sem fátæk hjón bjuggu ásamt dóttur sinni, skammt frá jaðri Skaftáreldahrauns. Þennan dag sem við vorum á strandstaðnum, voru akkúrat 118 ár liðin frá þeim degi," útskýrir Einar Magnús.



Eins og sjá má er Skeiðarársandur nú ekki svartur heldur hvítur.



Einar Magnús hefur unnið að verkefninu Svartur sandur um árabil en það var útgerðarfélagið Bergur-Huginn sem styrkti þá félaga til leiðangursins.



Leiðangursmenn lentu í nútímastrandi þegar þeir festu bílana en allt fór vel enda vanir menn á staðnum og allir sem einn vel búnir og með ísbrodda.

> ALLT MÖGL VARÐ LÍKAST AUMU VÆLI ÞEGAR AÐSTÆÐUR OKKAR VORU BORNAR SAMAN VIÐ ÞÆR SEM SKIPBROTSMENN LENTU Í.

Hlúð var að mönnunum af mikilli kunnáttu og ósérhlífni, að sögn Einars Magnúsar. „Menn lögðu sig í lífshættu við að sækja lækni austur í Hornafjörð á hestum, um 200 kílómetra hvora leið, yfir stórfljót og sanda. Það eru margar hetjur í þessari sögu, þar á meðal íslensku hestarnir. Á læknisheimilinu á Breiðabólsstað á Síðu voru síðan framkvæmdar aflimanir vegna hættulegra kalsára á fimm mönnum við mjög frumstæðar aðstæður. Húsfreyjan hafði sótthreinsað allt heimilið áður og þegar skipbrotsmenn komu til Þýskalands ætluðu læknar þar ekki að trúa hversu vel aðgerðirnar hefðu tekist."

Handrit Einars Magnúsar er nú í yfirlestri. Þættirnir munu lúta lögmálum kvikmyndarinnar þó sannleikanum sé haldið til haga, að hans sögn. „Auk hrakninganna eru ákveðin átök sem aðalpersóna Svarts sands gengur í gegnum og eru ekki leiddar til lykta fyrr en í lok þáttanna í Þýskalandi."

Einar Magnús segist vera að leggja upp í kynningu á handritsdrögunum og verkefninu með stuðningi góðra aðila. „Svo þarf fjármagn og framleiðendur. Þetta er stórt. Ég vil frekar sjá handritið ofan í skúffu hjá mér en að þessi stórbrotna og mikla saga sé sögð af vanefnum."

OUTLET

50% AFSLÁTTUR

á merkjavörum

adidas · NIKE · THE NORTH FACE · kamik · ICEWEAR · HELLY HANSEN · SALEWA · ASOLO

North Face M Nevero DW JKT
Nú kr. 24.995.-
~~Kr. 49.990.-~~





North Face
W Nevero DW JKT
Nú kr. 24.995.-
~~Kr. 49.990.-~~



HJÖRDÍS Úlpa
Nú kr. 17.495.-
~~Kr. 34,990.-~~







North Face M PeakFrontier JKT
Nú kr. 19.995.-
~~Kr. 39.990.-~~



North Face
stuttermabolir
Nú kr. 1.995.-
~~Kr. 3.990.-~~



SALEWA
Ortles light dwn JKT
Nú kr. 16.995.-
Kr. 33.990.-

SALEWA Ortles GTX Stretch JKT
Nú kr. 19.995.-
~~Kr. 39.990.-~~



Helly Hansen Boyne parka
Nú kr. 17.495.-
~~Kr. 34.990.-~~



Helly Hansen Lifaloft jakki
Nú kr. 13.995.-
~~Kr. 27.990.-~~



JAMES Úlpa
Nú kr. 17.995.-
~~Kr. 35.990.-~~

JULIE Úlpa
Nú kr. 17.995.-
~~Kr. 35.990.-~~



HRANNAR Úlpa
Nú kr. 17.495.-
~~Kr. 34,990.-~~



ERIK Dúnjakki
Nú kr. 7.995.-
~~Kr. 15.990.-~~





ESJA Dúnkápa
Nú kr. 10,995.-
~~Kr. 21.990.-~~



EMMA Dúnjakki
Nú kr. 7.995.-
~~Kr. 15.990.-~~



JANET Dúnjakki
Nú kr. 8.495.-
~~Kr. 16.990.-~~

Velkomin í miðborgina

KAMIK Alborg
Nú Kr. 8.495.-
~~Kr. 16.990.-~~



ASOLO Megaton Dömu
Nú kr. 10.495.-
~~Kr. 20.990.-~~



ASOLO SHIVER Dömu
Nú kr. 9.995.-
~~Kr. 19.990.-~~

ASOLO Avery Dömu
Nú kr. 10.495.-
~~Kr. 20.990.-~~



Næg bílastæði í bílastæðahúsi gegnt ICEWEAR

ICEWEAR MAGASÍN

LAUGAVEGUR 91

icewear.is

Konan sem þótti of djörf

Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri fann til ákveðinnar einsemdar þegar hún var eina konan á sínu sviði snemma á níunda áratugnum. Hún nýtur þess að uppgötva kjarnann í konum og þakkar ömmu sinni og eiginmanni sínum heitnum, fyrir að hafa lagt teina að leikhústauginni innra með sér.

Ingunn Lára Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is



Kristín Jóhannesdóttir, einn fremsti leikstjóri Íslands, hefur rutt brautina fyrir konur í kvikmyndalistum og leikhúsi í áraraðir.

Hún hefur treyst á sköpunarkraft áhorfandans í verkum sínum allt frá sinni fyrstu kvikmynd, Á hjara veraldar, sem kom út árið 1983 á blómaskeiði íslenskrar kvikmyndasögu, að nýjustu uppsetningu Borgarleikhússins á hinu sígilda verki Arthurs Miller, Sölumaður deyr.

Kristín er fræg fyrir kvikmynd sína um Pourquoi-Pas?-slysið, tónlistarmyndband sem hún vann með Björk og Sykurmolunum og sviðsetningar með eiginmanni sínum heitnum, ljóð- og leikskáldinu Sigurði Pálssyni.

Stíll Kristínar einkennist af draumaraunsæi; hún er óhrædd við að vega salt milli draums og veruleika, sem hún telur að hafi eflandi áhrif á ímyndunaraflið.

Þykir natúralismi óþolandi

„Aðalatriðið er að fólk skynji frekar en skilji. Natúralismi fer ótrúlega í taugarnar á mér," segir Kristín, þegar hún stígur inn í sviðsljósið með blaðamanni og sparkar frá sér veltigresi úr plasti sem fokið hefur inn á sviðið. Við erum stödd á Stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu þar sem ljósahönnuður og sviðshendur prófa búnaðinn og stilla upp sviðsmyndinni fyrir fyrstu stóru frumsýningu leikhússins á árinu 2021.

Þótt sviðið virki bert og á sama tíma kaótískt þá er greinileg röð og regla yfir skipulaginu, eða öllu heldur heimilinu. Sölumaður deyr er án efa þekktasta verk leikskáldsins Arthurs Miller og löngum talið eitt mesta meistaraverk 20. aldar í leikritun. Þótt leikhúsunnendur hér á landi hafi séð þetta umrædda verk áður, einu sinni, tvisvar eða jafnvel þrisvar, er ljóst að þeir hafa ekki séð það með þessu sniði.

„Hér er gengið inn í svefnherbergið," segir Kristín og bendir út í tómið. Svo má sjá rúm, stól og borð: „Vörðurnar um heimilið og svo þarna bak við ... " hún bendir á svarthol aftast á sviðinu, magnaðan ljósabúnað, eða öllu heldur myrkvabúnað, „er ógnin sem vofir stöðugt yfir okkur."

Atvinnuleysi og gereyðing

Ekki er hægt að komast hjá því að leiða hugann að faraldrinum sem geisað hefur hér á landi og um heim allan í rúmt ár. Með þessa sjónhverfingu í bakgrunni fer samtalið óneitanlega út í lífið og dauðann. Svartholið á sviðinu, eða Neindin, eins og Kristín kallar það, starir á okkur eins og hin stöðuga ógn sem steðjar að mannkyni. Fyrir Willy Loman, hinum fordæmda sölumanni, er það ógn um afkomu.

„Hlutverk sölumannsins er að vera góður skaffari fyrir heimilið. Það er það tragíska við þetta. Þegar fyrirvinnan á heimilinu bíður einhvern ósigur þá getur öllu verið lokið. Við þekkjum þetta núna úr þessu samhengi sem við búum við. Það eru fjöldauppsagnir og menn eru í angist og örvæntingu að reyna að klóra sig fram úr vonleysi sem eykur hættuna á sjálfsvígum og heimilisofbeldi. Öll svona áfallastreita veldur ójafnvægi." Miller hefur hitt á einhverja æð með þessu verki, að sögn Kristínar. Þrátt fyrir að kringumstæður breytist er hægt að finna tengsl við þessa sögu hvenær sem er. Nú er það veira sem ógnar öryggi mannkynsins, en á gagnfræðaskólaárum Kristínar, í kalda stríðinu, var það gereyðing af völdum kjarnorkuvopna.

„Þegar ég var í Vogaskóla voru herskip Bandaríkjanna á leiðinni til Kúbu," segir Kristín og minnist þess þegar skólastjórinn þrumaði yfir nemendur í heila klukkustund um yfirvofandi hættu á gereyðingu. „Svo kom maður út í frímínútur og fyrir einstaka tilviljun, þetta var eiginlega alveg með ólíkindum, þá komu þrumur og eldingar! Ég hafði aldrei séð þetta áður í Reykjavík. Ég get svarið það ... sturlunin sem greip um sig meðal barnanna var mjög lýsandi fyrir ástandið á þessum tíma."



Kristín Jóhannesdóttir hefur rutt brautina fyrir kynsystur sínar í kvikmyndum og leiklist. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FÓLK FÓR Í NÁM ÚTI UM ALLT OG KOM HEIM MEÐ ÁHRIF FRÁ ÝMSUM HEIMSHORNUM OG ALLT ÞETTA BLANDAÐIST SAMAN Í EINN POTT SEM HÉT ÍSLENSKA KVIKMYNDAVORIÐ.

Einmana kona í hafi karla

Eftir Vogaskóla og að loknu stúdentsprófi frá MR lá leið Kristínar til Frakklands, þar sem hún varð fullnuma í kvikmyndum. Í Montpellier rannsakaði hún framlag kvenna í kvikmyndum sem, þegar grannt er skoðað, er ótrúlega mikið og stórt en aldrei talað um, að sögn Kristínar. Aðspurð segist hún hafa litið mikið upp til Chantal Akerman, Agnès Varda, Marguerite Duras og Ulrike Ottinger og annarra frumherja sem endurnýjuðu kvikmyndamálið.

Þegar hún sneri aftur heim fékk hún bíómynd í hausinn eftir að hafa hlustað á aríu í óperunni Toscu eftir Puccini.

„Þá helltist yfir mig einhver saga, ég veit ekki hvaðan hún kom en ég ákvað að hlýða því og hætta þessum fræðimannapælingum og fara að gera bíó." Þá var hin íslenska bylgja að hefjast og segir Kristín það hafa verið mikið gæfuspor fyrir íslenska kvikmyndagerð að fá alla listamennina, sem lært höfðu úti, aftur heim.

„Fólk fór í nám úti um allt og kom heim með áhrif frá ýmsum heimshornum og allt þetta blandaðist saman í einn pott sem hét íslenska kvikmyndavorið," segir hún það hafa verið yndislegt að vera hluti af því. Stemningin hafi verið nokkuð þokkaleg, en til að byrja með var hún mjög einmana.

„Ég var eina konan sem var í samtökum kvikmyndaleikstjóra. Svo bættist reyndar Guðný Halldórsdóttir við og fleiri góðar konur. En þetta var mikið karlasamhengi." Aðspurð segist hún hafa fundið fyrir öðru viðhorfi, vegna þess að konur gerðu kannski í grunninn öðruvísi kvikmyndir en karlmenn. Kristín þótti sjálf mjög djörf.

„Markmið mitt var að vinna með tungumál kvikmyndanna til að lýsa veruleika og upplifun kvenna, innra samhengi kvenna." Sjónvarpsmyndin Líf til einhvers, sem sýnd var í Ríkissjónvarpinu á nýársdag árið 1987, vakti reiði í samfélaginu, sem náði hámarki þegar karlmaður gekk í skrokk á Kristínu þar sem hún gekk niður Bankastrætið einn daginn.

„Myndin fjallaði um þrjár kynslóðir kvenna innan sömu fjölskyldunnar sem höfðu allar hvert sitt viðhorfið til ástar og kynlífs. Menn höfðu séð eitthvað í þessari mynd sem ég held að hafi ekki verið þarna. Þetta var mikið uppþot á þessum tíma en sem betur fer hefur þetta breyst og konur fengið meira frelsi til að fara inn á slóðir sem voru fyrir utan þeirra landhelgi áður." ➡

FJALLA KOFINN

NÚ MEGA FLEIRI FARA Á SKÍÐI!

SKÍÐABÚNAÐUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SKÍÐI SKÍÐASKÓR
SKÍÐABINDINGAR
FJALLASKÍÐASKÓR SKÍÐAPOKAR
FJALLASKÍÐABINDINGAR
SKÍÐAHJÁLMAR
SKÍÐAHANSKAR **FJALLASKÍÐI**
SNJÓFLÓÐABAKPOKAR SKÍÐASOKKAR
SKÍÐAGLERAUGU **GÖNGUSKÍÐI**
GÖNGUSKÍÐASKÓR SKÍÐABAKPOKAR
GÖNGUSKÍÐASTAFIR **SKÍÐASTAFIR**
SKÍÐAFATNAÐUR

SKÍÐAPAKKAR MEÐ
20% AFSLÆTTI

Völkl · Black Diamond · SKÍÐI - FJALLASKÍÐI · DALBELLO · SCARPA · SKÍÐASKÓR - FJALLASKÍÐASKÓR · KOMPERDELL · SKÍÐASTAFIR
MARKER · FATSCHI · SKÍÐABINDINGAR - FJALLASKÍÐABINDINGAR · Black Diamond · SNJÓFLÓÐABÚNAÐUR (ÝLIR, SKÓFLA, STÖNG, BAKPOKAR, O.FL.)
SMITH · SKÍÐAHJÁLMAR – SKÍÐAGLERAUGU · Julbo · FJALLASKÍÐAHJÁLMAR - FJALLASKÍÐAGLERAUGU · DAINE · SKÍÐATÖSKUR - SKÍÐAVETTLINGAR
TOKO · ÁBURÐUR O.FL. FYRIR SKÍÐIN · KASTLE · SPORTEN · GÖNGUSKÍÐI · ALFA · alpina · GÖNGUSKÍÐASKÓR · ROTTEFELLA · GÖNGUSKÍÐABINDINGAR



Kringlan 7 | **Laugavegur 11** | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



Kristín stýrir nú fyrsta stóra verkinu sem frumsýnt er í Borgarleikhúsinu 2021, Sölumaður deyr eftir Arthur Miller.

Elskaði að miðla þekkingu

Kristín ætlaði sér alltaf í kvikmyndir en það er ekki alltaf auðvelt að fjármagna og gera mynd. Hún og eiginmaður hennar, Sigurður Pálsson heitinn, framleiddu tvær stórar kvikmyndir, tvær myndir hjá sjónvarpinu og stuttmyndir svo fátt eitt sé nefnt, en aðspurð segist Kristín halda mikið upp á tónlistarmyndband sem hún gerði með Björk og Sykurmolunum.

„Meðfram kvikmyndanáminu í Frakklandi var ég alltaf að sanka að mér þekkingu um leikhús. Maðurinn minn var í leikhúsfræði svo það var greiður aðgangur að ýmsu sem ég hefði annars ekki haft."

Sigurður lést svo árið 2017 eftir að hann greindist með ólæknandi krabbamein í brjósthimnu. Hann varði síðustu árum sínum í að skrifa ljóð og kenna nemendum í ritlist við Háskóla Íslands listina við að lesa, skrifa og hlýða á ljóð.

„Hann var orðinn ansi lasinn þá, en það sem hann elskaði að miðla og vera með nemendum sínum. Það hélt í honum lífinu, held ég, miklu lengur en ef hann hefði ekki haft þessa stöðu í skólanum."



Sigrún Edda Björnsdóttir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Jóhann Sigurðarson í hlutverkum sínum í Sölumaður deyr.

Þegar ekki er hægt að róa

Í Kristínu lifði alltaf leikhústaug. „Ég var alin upp í Ólafsfirði þar sem amma mín og afi voru með leikhús upp úr 1920 til 1930. Þau héldu uppi einhverri lífshvatarstefnu þannig að fólk sykki ekki í þunglyndi yfir vetrarmánuðina þegar ekki var hægt að róa."

Kristín Þorsteinsdóttir, amma hennar og nafna, sem hún er skírð í höfuðið á, var listgefin kona sem málaði, óf, skar út og gerði búninga í leikhúsinu. Afi hennar, Þorvaldur Sigurðsson, var útgerðarmaður sem kom með ýmsar nýjungar. „Hann bjó til teina til að flytja fiskinn af bryggjunni í hús. Þá var ekki lengur þessi þrældómur að bera aflann." Var hann síðar gerður að sparisjóðsstjóra. „Sennilega því hann var eini maðurinn í bænum sem fór í framhaldsnám." Það var þó ágætt að sögn Kristínar, því hann var ekki hrifinn af sjónum.

Amma Kristínar lagði annars konar teina. „Hún var alltaf að láta okkur krakkana leika leikrit og þetta sat eftir í mér, þessi sáðkorn sem hún ræktaði. Ég á margar góðar minningar um leikritin og búningana. Hún hjálpaði okkur og lagði teinana fyrir okkur en svo urðum við að semja leikritin sjálf."

Órar og martraðir

Og frá litla leikhúsinu á Ólafsfirði og yfir í Borgarleikhúsið í Reykjavík. „Þetta er það leikrit sem Arthur Miller viðurkenndi að hann hefði skrifað til að komast út úr realismanum, sem hann er nú reyndar þekktastur fyrir sem arftaki Ibsen. Upphafshugmynd hans var að þetta færi allt fram í höfðinu á sölumanninum. Þetta væru órar og martraðir sem flakka um í tíma og rúmi. Þetta eru víddir sem renna sundur og saman."

Aðalstartholan fyrir Kristínu var tilvistarstefna franska heimspekingsins Jean-Paul Sartre. Hún hafi séð það strax þegar hún las verkið að Arthur Miller hafi horft til þessarar stefnu Sartre; þessa hlutskiptis sem maðurinn er undirorpinn, að fæðast án þess að biðja um það, skilyrtur af þeim ákvörðunum sem hann tekur, góðum eða vondum. Eina leiðin út úr því er að neita að lifa. Allir leika ákveðin hlutverk, eins og þjónn á veitingahúsi.

> ÉG VAR ALIN UPP Í ÓLAFSFIRÐI ÞAR SEM AMMA MÍN OG AFI VORU MEÐ LEIKHÚS UPP ÚR 1920 TIL 1930.

„Grunnhugmyndin snýst um það að þessari blekkingarhulu er svipt af og menn standa í sinni nekt og varnarleysi og brotna niður. Það er átakanlegt og í þessu verki eru miklar tilfinningar sem byggja þetta upp. Eftir stendur draumsýn sem hverfur eins og sápukúla."

Til varnar Lindu Loman

Í upphaflega leikritinu eru talsvert fleiri karlpersónur en kvenpersónur. Tvær konur koma við sögu, eiginkonan og viðhaldið. Aðspurð hvort henni þykir þetta karllægt verk segir Kristín:

„Nú verð ég að útskýra fyrir þér hvers vegna yngri bróðirinn breyttist í stúlku," segir hún og vísar í persónuna Happy, yngri son sölumannsins Willy Loman, sem nú er orðin dóttir í uppsetningu Borgarleikhússins.

„Þegar ég las þetta verk gat ég ekki losnað við þessa hugmynd um að þarna væri hlutskipti ungrar stúlku inni á heimilinu algjörlega hunsuð, því goðið, eldri bróðirinn, sem á að sigra heiminn og græða alveg ofboðslega mikið af peningum, fær alla athyglina og það er allt gert fyrir hann. Hún er alltaf sett til hliðar og höfnunarsyndrómið er mjög mikið að hrjá hana. Þannig að ég breytti þessu snarlega."

Sigrún Edda Björnsdóttir og Jóhann Sigurðarson fagna 40 ára leikafmæli sínu sem hjónin Linda og Willy Loman. Persónan Linda hefur ekki fengið sömu athygli og sölumaðurinn sjálfur, en hún er án efa ein flóknasta og áhugaverðasta persóna sem Miller hefur skapað.

„Það var skemmtilegt að uppgötva kjarnann í þessari konu sem er mjög sterk, sjálfstæð og berst um á hæl og hnakka að halda fjölskyldunni saman. Hún er einhvern veginn í forsvari fyrir fjölskylduna og kannski fyrst og fremst fyrir eiginmann sinn og þessa ást sem hún ber til hans. Þrátt fyrir allt lætur hún ekki blekkjast af þessum draumórum hans en samt stendur hún eins og klettur við hlið hans þegar börnin byrja að gagnrýna hann. Hennar æðsta takmark er að halda fjölskyldunni saman."

Segir hún hlutverk Lindu og Willys mjög lýsandi fyrir heimilislífið á eftirstríðsárunum en á sama tíma sé eitthvað óneitanlega nútímalegt við hana. Linda er bókhaldari og heldur utan um fjárhag heimilisins en umönnunarþráin er eins sterk í henni og gróðalöngun eiginmannsins.

„Eins og skáld sem ég held mikið upp á sagði: Heimilið er sæluhús sem þú þarfnast fyrst og fremst þegar þú kemur kalin heim."

FÓLK
LAUGARDAGUR 20. FEBRÚAR 2021
Helgin



Sara Sóley Óskarsdóttir, nemandi á listnámsbraut í Borgarholtsskóla, bar sigur úr býtum í árlegri smásögukeppni sem haldin er á vegum Félags enskukennara á Íslandi. Sara segir sigurinn hafa komið sér verulega á óvart. →4





Guðmundur Már Ketilsson, stofnandi og eigandi, segir að Smart Socks sé lítið fjölskyldufyrirtæki á Álftanesi sem hefur stækkað ansi mikið frá því að það hóf starfsemi fyrir rúmlega þremur árum síðan. Alls hefur fjölskyldan nú selt yfir 120.000 sokkapör og vinsældirnar aukast stöðugt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sokkar inn um lúguna

Hjá Smart Socks er hægt að fá nýja sokka og nærbuxur inn um lúguna í hverjum mánuði, bæði í formi áskriftar og gjafaáskriftar. Þjónustan nýtur sívaxandi vinsælda og nú er líka hægt að selja sokkana í fjáröflunarskyni. →2



Nýjasta viðbótin við starfsemi Smart Socks er nærbuxur. Áskrifendur geta annaðhvort verið með sokka eða nærbuxur í áskrift, eða blandað því saman, en þá er bara raðað saman í pakka eins og fólk vill. Eftirspurnin eftir þessari viðbót fór fram úr björtustu vonum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsíðu

Smart Socks býður fólki að kaupa og gefa áskrift að skrautlegum og skemmtilegum sokkum og nýlega bættust nærbuxur við í vöruframboðið. Það er einnig mjög hentugt og einfalt að selja sokka frá Smart Socks í fjáröflunarskyni.

„Við höfum unnið með nokkrum íþróttafélögum og hannað með þeim sérmerkta sokka sem þau hafa selt í fjáröflunarskyni," segir Guðmundur Már Ketilsson, stofnandi og eigandi Smart Socks. „En enn fleiri hafa farið þá leið að selja „venjulega" sokka."

Þetta litla fjölskyldufyrirtæki hefur vaxið hratt og stefnir á að færa út kvíarnar og hefja starfsemi erlendis.

„Smart Socks var upphaflega stofnað sem sokkaáskriftarfyrirtæki sem sendir 1–2 pör inn um lúguna einu sinni í mánuði, en þetta hefur þróast og undið upp á sig," segir Guðmundur. „Fyrstu jólin byrjuðum við að bjóða upp á gjafaáskriftir í 3, 6 eða 12 mánuði, sem hafa verið rosa vinsælar, og nýlega fórum við að bjóða upp á sölu á sokkum í fjáröflunarskyni og hefur það verið mjög vinsæl fjáröflunarleið fyrir þróttafélög, skóla og einstaklinga.

Nýjasta viðbótin við starfsemina okkar er svo nærbuxur. Áskrifendur geta þá annaðhvort verið með sokka eða nærbuxur í áskrift, eða blandað því saman, en þá er bara raðað saman í pakka eins og fólk vill," segir Guðmundur. „Eftirspurnin fór fram úr okkar björtustu vonum og við lentum í því í janúar að lagerinn okkar kláraðist."

Fjölskyldufyrirtæki sem hefur vaxið hratt

„Smart Socks er lítið fjölskyldufyrirtæki á Álftanesi sem hefur stækkað ansi mikið frá því við byrjuðum fyrir rúmlega þremur árum síðan," segir Guðmundur. „Við höfum selt yfir 120.000 sokkapör frá byrjun.

Þetta hefur valdið nokkrum vaxtarverkjum þar sem við



Sokkarnir frá Smart Socks eru fjölbreyttir og endingargóðir.



Það er spennandi og skemmtilegt að fá sokka og nærbuxur inn um lúguna.



Sokkarnir frá Smart Socks henta öllum aldurshópum og störfum.

pökkum öllu heima við, það líður að því að við þurfum að fara að finna okkur lagerhúsnæði fyrir starfsemina. Heimilið fer alveg á hliðina í nokkra daga í hverjum mánuði á meðan við fjölskyldan hjálpumst að við að pakka áskriftum," segir Guðmundur. „Þetta er aukavinna hjá mér og konunni minni, Sonju Rut Aðalsteinsdóttur, en við erum bæði í fullu starfi annars staðar. Sem betur fer fáum við ómetanlega aðstoð frá krökkunum okkar, Aroni, Anítu og Tinnu og honum Össuri, tengdasyni okkar."

Spennandi, þægileg og skemmtileg áskrift

Guðmundur segir að það sé auðvitað þægilegt að þurfa ekki að hugsa um að endurnýja sokka og nærbuxur, sem endast oft



Hér sjást áskriftir febrúarmánaðar eftir að fjölskyldan hefur pakkað þeim og gert þær tilbúnar til afgreiðslu.

ekki lengi, en fyrst og fremst sé skemmtilegt og spennandi að fá sokka og nærbuxur inn um lúguna einu sinni í mánuði.

„Það er spennandi að vita ekki hvað þú færð í hverjum mánuði og það er ákveðin upplifun að fá pakka inn um lúguna," segir hann. „Í janúar tafðist afgreiðsla áskrifta um hálfan mánuð vegna bilunar hjá framleiðanda og það var allt að verða vitlaust! Ég hafði ekki undan við að svara póstum frá fólki sem var í öngum sínum yfir þessu, sem sýnir hversu mikil eftirvænting er. Ég hef heyrt af því að það sé fjölskyldustund þegar það koma nýir sokkar, allir koma saman til að sjá hvað kemur úr pökkunum þann mánuðinn.

Það er líka gaman að segja frá því að flestir sem segja upp áskrift hjá okkur gera það einfaldlega vegna þess að gæði sokkanna eru það góð að sokkaskúffan er orðin full," segir Guðmundur.

Vinsæl, ódýr og einföld fjáröflunarleið

„Sala á sokkum er orðin mjög vinsæl fjáröflunarleið fyrir íþróttafélög, skóla og einstaklinga. Það er mjög einfalt þar sem fólk fær tilbúna auglýsingu fyrir samfélagsmiðla og skjal til að halda utan um söluna. Það er ekkert lágmark sem þarf að kaupa og því hentar þetta einstaklingum jafnt sem hópum," segir Guðmundur. „Þetta er frábær fjáröflunarleið. Fólk kaupir parið á rúmlega 900 kr. og selur það svo á 2.000 kr., þannig að það er góður gróði. Eingöngu er greitt 25% staðfestingargjald fyrirfram og svo er pöntunin afgreidd 2–3 vikum síðar og þá er restin greidd."

Styðja Mottumars

Árið 2019 styrktum við Krabbameinsfélagið í tengslum við Mottumars. Það virkaði þannig að ef fólk skráði sig í áskrift í mars rann fyrsta mánaðargjaldið óskipt til félagsins," segir Guðmundur. „Við stefnum á að gera þetta aftur í næsta mánuði."

Stefnt á útrás

„Það hefur staðið til að hefja starfsemi erlendis og það er í raun allt klárt til þess, en vegna mikilla anna hefur það ekki raungerst enn þá, enda sinnum við sokkabransanum sem aukastarfi," segir Guðmundur. „En vörurnar, birgðaleiðir, dreifikerfi og heimasíðan og allt annað er tilbúið. Það þarf bara fjármagn og tíma til að ýta þessu verkefni úr vör, þannig að ef einhver fjárfestir þarna úti hefur áhuga á að vera með okkur erum við til."

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Smart Socks: www.smartsocks.is.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SMÁRA BÍÓ

BARNAAFMÆLI
Í SMÁRABÍÓ

Bíó | Lasertag | Sýndarveruleiki

Leiktækjasalur | Barnaland | Karaoke



Bókaðu þitt afmæli
á **www.smarabio.is**



Sara Sóley Ómarsdóttir segir smásögu-una, sem ber heitið "A time for wonder", meðal annars innblásna af samtölum við móður sína sem leggur stund á sálfræði. FRÉTTA-BLAÐIÐ/STEFÁN

Hélt að ég hefði gert eitthvað af mér

Sara Sóley Óskarsdóttir, nemandi á listnámsbraut í Borgarholtsskóla, bar sigur úr býtum í árlegri smásagnakeppni á vegum Félags enskukennara á Íslandi. Sigurinn kom henni verulega á óvart.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Sara Sóley er átján ára gömul og býr ásamt móður sinni í Árbænum. Hennar helstu áhugamál liggja í sköpun af ýmsu tagi en hún nýtur þess meðal annars að mála og föndra.

„Ég er að fara að útskrifast í vor, ef allt gengur að óskum, og þá flytja til Svíþjóðar í áframhaldandi nám í grafískri hönnun. Ég bjó áður í Svíþjóð og kann tungumálið svo ég hugsaði með mér að það væri góð byrjun. Síðan býr pabbi minn þarna líka."

Var ekki að búast við sigri

Sara Sóley segist ekki viss um nákvæmlega hvenær áhuginn á skrifum hafi kviknað. „Ég hef alltaf verið góð með orð og á auðveldara með að skrifa á ensku en íslensku. Ég veit ekki hvers vegna það er, kannski að hlutirnir hljómi einfaldlega betur."

Hún segir þátttöku sína í keppninni hafa verið hálfgerða tilviljun. „Þetta var nú eiginlega bara alveg óvart. Við eigum alltaf að skila inn dagbókarfærslum vikulega í ensku og okkur stóð til boða að sleppa við þrjár dagbókarfærslur ef við tækjum þátt í smásagnakeppninni. Ég hugsaði með mér: Geggjað, þetta sparar mér tíma í öðrum verkefnum. Svo vann ég bara óvænt, það var í raun ekki tilgangurinn til að byrja með."

Þegar Söru var tilkynnt um sigurinn var hún steinhissa. „Þetta kom mér rosalega á óvart. Ég var ekki að búast við því. Ég hélt fyrst að ég hefði gert eitthvað af mér þegar aðstoðarskólastjórinn kom í tíma til að segja mér að ég hefði unnið. Það var smá sjokk."

> Ég hélt fyrst að ég hefði gert eitthvað af mér þegar aðstoðarskólastjórinn kom í tíma til að segja mér að ég hefði unnið. Það var smá sjokk.

Rýnt í drauma og tilfinningar

Saga Söru ber titilinn „A time for wonder" og segir hún söguna fyrst og fremst vera sálfræðilega. „Hún fer dálítið inn á það hversu sjaldan við stöldrum við til að vera í núinu og hvernig maðurinn er búinn að missa tenginguna við barnið í sér. Ég hugsa að hluti af innblæstrinum hafi komið úr samtali við mömmu en hún er að læra sálfræði. Það er alltaf verið að rýna ofan í tilfinningar hérna heima," segir hún og hlær.

Þegar Sara er spurð nánar út í samtöl sín við móður sína rifjar hún upp martröð sem hana dreymdi. „Mig minnir að það hafi verið þannig að mig dreymdi einhvern mjög skrítinn og óraunverulegan draum og við mamma vorum að reyna að túlka hann. Ein af þeim túlkunum var sú að ímyndunaraflið mitt fengi ekki nógu mikið pláss, að rökhugsunin væri meiri, eins og barnið í mér fengi ekki alveg að njóta sín."

Þetta kveikir forvitni blaðakonu sem spyr Söru hvort hún muni eitthvað eftir umræddri martröð. „Ég var í einhvers konar ævintýra- eða Disneyheimi. Við vorum í einhverjum leiðangri í regnskógi og það var fullt af eitrslöngum út um allt. Síðan heyri ég einhvern segja: Passið ykkur á slöngunum, þær eru baneitraðar! Þá lít ég niður og sé hala á slöngu koma út úr peysunni minni. Ég frýs og fer svo að reyna að draga hann út en þá vakna ég og þegar ég vakna finn ég ennþá fyrir slöngunni."

Borgarholtsskóli farsæll

Sara er sem fyrr segir nemandi í Borgarholtsskóla en athygli vekur að nemendur Borgarholtsskóla hafa oftar en en ekki ratað í efstu sæti smásagnakeppninnar. Þar má til að mynda nefna landsliðsmanninn í handbolta, Kristján Örn Kristjánsson, sem sigraði í keppninni árið 2016.

Íris Rut Agnarsdóttir, enskukennari í skólanum og ritari FEKÍ, telur að það stafi meðal annars af því hversu góð þátttaka sé í keppninni. „Þátttaka í smásögukeppninni hefur iðulega verið mjög góð í Borgarholtsskóla. Það hafa borist tugir smásagna í keppnina hverju sinni og því úr nógu að velja. Ég held að ástæða velgengninnar sé fjölbreytnin í sögunum og skapandi nemendur," segir Íris Rut.

Sara segist upphaflega ekki hafa gert ráð fyrir að fara í Borgarholtsskóla en í ljós kom að það hafi reynst hárrétt ákvörðun. „Það var í raun óvart. Einn vinur minn ætlaði að fara í grafíska hönnun og ég fór þá eitthvað að skoða þetta og fannst þetta áhugavert. Þetta er skapandi og skemmtilegt nám, kennararnir eru frábærir og hafa hjálpað mér mikið í náminu."

Langar að ferðast um heiminn

Það er nóg að gera hjá Söru en hún segir helgina munu fara í að vinna og læra. „Ég vinn með skólanum á kjúklingastaðnum í Suðurveri og hef verið að vinna eins mikið og ég get því ég er alveg að flytja út. Er að vísu að ekki að vinna eins mikið akkúrat núna því þetta er síðasta önnin mín."

Það kemur því ekki beinlínis á óvart að Sara hafi ekki mikinn frítíma til að lesa annað en námsefni, þegar hún er spurð hvort hún eigi sér uppáhaldsbók eða rithöfund. „Ég hef ekki mikinn tíma til að lesa en les dálítið á sænsku. Ég las Astrid Lindgren rosalega mikið sem barn svo að hún er örugglega uppáhalds, svona allavega í gegnum tíðina, en ekki lengur."

Hvað framtíðina að loknu framhaldsnámi snertir kveðst Sara helst vilja kanna heiminn. „Mig langar að ferðast, fara í heimsreisu og þá hafði ég hugsað mér að vera með dagbókarfærslur um ferðalagið mitt. Annað en það þá veit ég ekki. Kannski fara til Ítalíu, Grikklands eða Ameríku."

Hún segir óvíst hvort og þá hvenær hún muni formlega skrifa meira eða jafnvel gefa út efni. „Kannski einhvern tímann. Ég veit allavega núna að það er mögulegt."



Kristján Örn Kristjánsson, landsliðsmaður í handbolta, vann smásögukeppnina þegar hann var í Borgarholtsskóla árið 2016. MYND/HSÍ



Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

LÖGFRÆÐINGUR

Reginn hf. er íslenskt fasteignafélag sem fjárfestir í, leigir út og annast rekstur á atvinnuhúsnæði. Fasteignasafn Regins telur 115 fasteignir og er heildarstærð safnsins um 378 þúsund fermetrar. Félagið er hlutafélag í dreifðu eignarhaldi og skráð í Kauphöll Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með **28. febrúar nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Nánari upplýsingar veitir Sverrir Briem, **sverrir@hagvangur.is**

Spennandi og umfangsmikil verkefni eru framundan hjá Regin hf. við stækkun eignasafnsins og þróun félagsins. Við leitum að öflugum aðila í lögfræðiteymið til að taka þátt í krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Helstu verkefni

- Almenn lögfræðiráðgjöf á sviði fasteignaviðskipta
- Samningagerð við útleigu, kaup og sölu eigna
- Vinnsla og úrlausn innheimtu- og vanskilamála
- Samskipti við opinbera aðila og eftirlitsaðila
- Þátttaka í uppbyggingu innra regluverks og stjórnarhátta
- Þátttaka í eftirliti með framkvæmd verðbréfaviðskipta
- Þátttaka í ýmsum starfs- og verkefnahópum
- Starfið heyrir undir yfirlögfræðing félagsins

Menntun og hæfni

- Meistarapróf í lögfræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla á sviði innheimtuúrræða kostur
- Þekking og reynsla á sviði samninga-, fasteigna-, félaga- og fjármálamarkaðsréttar kostur
- Geta til að vinna sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna undir álagi
- Jákvætt viðmót og geta til að vinna í teymi

HAGVANGUR

FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÚKRUNARSVIÐS – EIR, HAMRAR OG SKJÓL HJÚKRUNARHEIMILI



Nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars. Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**

Með umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf ásamt afriti af starfsleyfi. Öllum umsóknum verður svarað.

Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Eir, Hömrum og Skjóli. Staðan er laus frá 1. júní nk.

Framkvæmdastjóri er yfirmaður hjúkrunar og ber faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu heimilanna með hagsmuni og óskir íbúa að leiðarljósi. Framkvæmdastjóri ber einnig ábyrgð á samþættri heimaþjónustu í öryggisíbúðum Eirar og stuðningsþjónustu í Mosfellsbæ. Næsti yfirmaður er forstjóri.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Leiðandi í skipulagi og stefnumótun hjúkrunar og ber ábyrgð á gæða-, umbóta- og fræðslumálum heimilanna
- Ber ábyrgð á daglegri stýringu verkefna á hjúkrunarsviðinu
- Vinnur náið með framkvæmdastjóra fjármála- og rekstrarsviðs á sviði áætlunargerðar, eftirlits, rekstrar og starfsmannamála sem og öðrum málum er varða fjármál og útgjöld heimilanna t.d. þarfagreiningar, samskipti og samningagerð við verktaka og þjónustuaðila
- Ber ábyrgð á að mönnun á hjúkrunardeildum sé í samræmi við mönnunarmódel og fullnægi kröfum þjónustunnar
- Hefur eftirlit með innkaupum á hjúkrunarvörum og búnaði
- Situr í framkvæmdaráði og fagráði heimilanna og stýrir fundum hjúkrunarráðs

Menntunar og hæfnikröfur

- B.Sc. próf í hjúkrunarfræði og leyfisbréf frá Embætti landlæknis
- Framhaldsnám í stjórnun og/eða klínískri hjúkrun sem nýtist í starfi
- Stjórnunarreynsla skilyrði
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Frumkvæði
- Framsýni

HAGVANGUR

SUZUKI

Starfsmaður óskast í varahlutadeild Suzuki!

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling í varahlutadeild Suzuki.

Hæfniskröfur:
Almennur áhugi og þekking á bílum eða reynsla sem nýtist í starfi.
Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 25. febrúar á netfangið varahlutir@suzuki.is

Suzuki bílar • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100



BLAÐAMAÐUR Á 433.is

VILTU SKRIFA FYRIR VINSÆLASTA FÓTBOLTAVEF LANDSINS?

433.IS „undirvefur **DV.is**" óskar eftir blaðamanni í kvöld og helgarstarf á vefnum.
Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Starfsfkröfur
- Góð þekking og brennandi áhugi á knattspyrnu
- Gott vald á íslenskri tungu er skilyrði
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi
- Reynsla af blaðamennsku er æskileg

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á ristjóra **DV**, Tobbu Marinósdóttur, á netfangið tobba@dv.is
fyrir 1. mars 2021

4·3·3.is

DV FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

Kerfisstjóri / Sérfræðingur NATO kerfa

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands leitar að áhugasömum einstaklingi í samhentan hóp sérhæfðra starfsmanna sem sjá um viðhald og rekstur stjórn- og upplýsingatæknikerfa NATO, sem staðsett eru í stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins á Keflavíkurflugvelli (NATO CRC Keflavík) og á ratsjár- og fjarskiptastöðvunum.

Leitað er að traustum, þjónustulunduðum einstaklingi sem getur tekist á við krefjandi verkefni í öguðu umhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Daglegur rekstur sérhæfðra stjórn- og upplýsingatæknikerfa NATO ásamt reglubundnum uppfærslum á hug- og vélbúnaði
- Stuðningur við notendur
- Öryggismál og þjálfun
- Skjölun og gagnagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi, s.s. tölvunar-, kerfisfræði eða önnur sambærileg háskólamenntun
- Reynsla af rekstri tölvu- og netkerfa
- Skipulagshæfileikar
- Góðir samskipta- og samstarfshæfileikar
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Bílpróf

Umsækjendur þurfa að standast skilyrði fyrir öryggisheimild sbr. varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Vegna viðbragðs utan dagvinnutíma er æskilegt að viðkomandi sé staðsettur innan 15 mínútna akstursfjarlægðar frá stjórnstöðinni.

Landhelgisgæsla Íslands er borgaraleg öryggis-, eftirlits- og löggæslustofnun sem sinnir öryggisgæslu og björgun á hafi úti og fer með löggæslu á hafinu. Samkvæmt lögum nr. 52/2006 um Landhelgisgæslu Íslands er henni falið að gæta ytri landamæra og standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu kringum landið.

Landhelgisgæslan fer með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála sbr. varnarmálalög nr. 34/2008, þ.m.t. er rekstur öryggissvæða, mannvirkja, kerfa, stjórnstöðvar NATO/LHG og ratsjár- og fjarskiptastöðva.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar rúmlega 200 manna samhentur hópur sem hefur að leiðarljósi slagorðið: **Við erum til taks.**

Gildi Landhelgisgæslunnar eru:
Öryggi – Þjónusta - Fagmennska

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á: **www.lhg.is**

Umsóknarfrestur er til og með **1. mars 2021**. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Helga Birna Jónsdóttir (helga@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Verkfræðingur á Gæðasviði

Hefur þú áhuga á því að brjóta hluti og greina eðli brota og bilana? Gæðadeild Össurar leitar eftir metnaðarfullum og jákvæðum reynslubolta í vélrænar prófanir á stoðtækjum. Starfið felur í sér samvinnu við þróunardeild og framleiðsludeild ásamt öðrum deildum fyrirtækisins.

STARFSSVIÐ

- Sérfræðingur í prófunaraðferðum og notkun prófunarbúnaðar
- Þróun prófunarbúnaðar og -aðferða
- Framkvæmd sértækra prófana og skýrslugerðir
- Umsýsla með prófunarsvæði, vélum og tengdum búnaði
- Sérfræðingur í bilanagreiningum á vörum
- Samþætting prófana með þróunar- og framleiðsludeild

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, verkfræði eða tæknifræði
- Reynsla í véltækni, smíði eða bilunum og brotfræðum
- Haldbær þekking og reynsla á burðarþols-, efnis- og brotfræði
- Reynsla og þekking á beitingu staðla kostur
- Þekking á kröfum fyrir lækningatæki kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta




Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2021.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur.
Athugið að velja viðeigandi starf. For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 26 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.IS

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

MANNAUÐSSTJÓRI

Isavia leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum mannauðsstjóra sem hefur jákvæðni að leiðarljósi og drifkraft til að ná árangri í krefjandi verkefnum í samvinnu við öflugt starfsfólk félagsins.

Mannauðsstjóri kemur m.a. að mótun, innleiðingu og framkvæmd á stefnu Isavia á sviði mannauðsmála, jafnréttismála og almennri velferð starfsfólks.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Arnarsdóttir framkvæmdastjóri, **ingibjorg.arnarsdottir@isavia.is** og á **isavia.is/atvinna.**

Hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun í mannauðsstjórnun eða sambærilegu námi
- Marktæk reynsla á sviði mannauðsmála og stjórnunar
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og kraftur til að hrinda hugmyndum í framkvæmd
- Áhugi, þekking og reynsla af notkun upplýsingatækni til aukinnar skilvirkni
- Umbótamiðuð hugsun og framsýni

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli fyrirtækisins og íslenska flugstjórnarsvæðið.

STARFSSTÖÐ: **HAFNARFJÖRÐUR**
UMSÓKNARFRESTUR: **28. FEBRÚAR**
UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia







Við leitum að drífandi **rafmagnsverkfræðingi, rafmagnstæknifræðingi eða rafmagnsiðnfræðingi.**

Starfið er fjölbreytt og þarf viðkomandi að geta unnið við hönnun, teikningu og samsetningu á mælabúnaði. Að auki þarf að fylgja verkefnum úr húsi með uppsetningu og prófunum.

Við hvetjum jafnt einstaklinga með reynslu sem og nýútskrifaða til þess að sækja um. Nánari upplýsingar veitir hallur@vista.is

---

→ **Tekið er á móti umsóknum á vista@vista.is**
Umsóknarfrestur er til 8. mars og verður fyllsta trúnaðar gætt.

Vista er leiðandi í orkueftirliti og sjálfvirkum mælikerfum. Meðal helstu viðskiptavina stofunnar má nefna Veðurstofu Íslands, Reykjavíkurborg, Landsvirkjun, Kópavogsbæ, Garðabæ, Seltjarnarnes og Mosfellsbæ.

Nánar um nýjustu verkefnin okkar á vista.is

VISTA
Verkfræðistofa



Textaskrif og vinnsla á efni inn á **visiticeland.com**

Störf án staðsetningar á landsbyggðinni

Ferðamálastofa leitar að einstaklingum til efnisvinnslu og textaskrifa fyrir vefinn **visiticeland.com** og miðla tengdum honum. **Ferðamálastofa**, **Íslandsstofa** og **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið** hafa með samkomulagi sín á milli ákveðið að vefurinn **visiticeland.com** verði helsta upplýsingaveita fyrir ferðamenn á leið til landsins, á meðan dvöl þeirra á landinu stendur og eftir að heim er komið. Er þá m.a. horft til upplýsinga um framboð þjónustu, menningu, sögu, náttúru, fjölbreytileika landsins, aðgengi ferðamannastaða, öryggi og umhverfisvernd, veður og færð á vegum.

Mikilvægt er að í slíkri miðlun upplýsinga sé ítarlegt og vel unnið efni, bæði texti og myndir. Uppfærsla og endurnýjun á efni þarf að vera stöðug til að miðillinn sé lifandi og áreiðanlegur.

Leitað er að einstaklingum með fasta búsetu utan höfuðborgarsvæðisins en að öðru leyti er um störf án staðsetningar að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti haft starfsaðstöðu utan heimilis. Miðað er við að starfshlutfall sé að lágmarki 50%.

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknum skal skila á netfangið **upplysingar@ferdamalastofa.is** fyrir 5. mars n.k.

Nánari upplýsingar veitir **Inga Rós Antoníusdóttir**
ingaros@ferdamalastofa.is

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- *Textaskrif um land og þjóð í samræmi við ritstjórnarstefnu **visiticeland.com***
- *Uppfærsla upplýsinga og leiðbeininga á **visiticeland.com***
- *Samstarf við áfangastaðastofur, sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu um gerð efnis fyrir ferðamenn*
- *Þýðing og staðfærsla efnis og texta fyrir stafræna miðlun*

HÆFNISKRÖFUR:

- *Yfirgripsmikil reynsla af textaskrifum fyrir vef (leitarvélabestun) og þekking á ferðaþjónustu, háskólapróf er kostur*
- *Mjög góð enskukunnátta og reynsla af skrifum á ensku. Þekking á fleiri tungumálum kostur*
- *Góð þekking á landi og þjóð, menningu og staðháttum og sérstöðu Íslands s.s. veðráttu og öryggi?*
- *Frumkvæði og metnaður í starfi*
- *Rík þjónustulund og jákvæðni*
- *Hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Tölvukunnátta og góð þekking á samfélagsmiðlum og vefmiðlun*

Líffindafræðingur eða líffræðingur

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er starf líf- eða líffindafræðings laust til umsóknar.

Starfssvið:
- Sérhæfð rannsóknastörf á sviði sameindalíffræði; greiningar smitsjúkdóma í fiski.

Hæfniskröfur:
- Líffræði, líffindafræði eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af rannsóknastörfum.
- Góð tölvukunnátta.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða 80-100% starf og þarf umsækjandi að geta hafið störf sem fyrst.
Unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi Tilraunastöðvarinnar.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum stéttarfélaga opinberra starfsmanna við fjármálaráðuneytið.
Við ráðningu í störf við Tilraunastöðina er tekið mið af jafnréttisstefnu Keldna.

Nánari upplýsingar veitir Árni Kristmundsson (sími 5855100, netfang arnik@hi.is).
Umsókn og ferilskrá sendist á netfangið keldurstarf@hi.is.
Umsóknarfrestur til og með 25.02.2021
Öllum umsóknum verður svarað.

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi.
Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum í líf- og læknisfræði dýra og manna.
Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits í dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu.



Við leitum að
SÖLU- OG MARKAÐSSTJÓRA

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða sölu- og markaðsstarf fyrirtækisins. Við leggjum áherslu á að vera ávallt með besta vöruúrvalið og framúrskarandi þjónustu. Við vitum að þetta er einungis mögulegt með öflugri liðsheild, mikilli þjónustulund og frábæru starfsfólki.

Helstu verkefni:
- Ábyrgð á sölu- og markaðsmálum
- Leiða teymi í sölu- og markaðsdeild
- Árangursmælingar og greining sölutækifæra
- Viðhalda og þróa viðskiptasambönd
- Ácætlanagerð og eftirfylgni

Menntunar- og hæfnikröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðtæk reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Sterk leiðtogafærni og reynsla af stjórnun
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og drifkraftur
- Góð tölvu-, íslensku- og enskukunnátta

Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem – sverrir@hagvangur.is
Umsóknir eru fylltar út á hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 2. mars.


Heiðarleiki - áreiðanleiki - ástríða

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2019
VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2020

Garri

Garri ehf | Hádegismóar 1 | 110 Reykjavík
5 700 300 | garri@garri.is | www.garri.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi



hagvangur.is

HAGVANGUR

Starfstækifæri fyrir iðnaðarmenn

Alcoa Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins og öflugur hópur iðnaðarmanna sinnir viðhaldi í álverinu. Við leitum nú að góðum raf- og véliðnaðarmönnum í fjölbreytt dagvinnustörf.

Framleiðslutæki Fjarðaáls eru að stórum hluta sjálfvirk og mikið um iðnstýringar. Áhersla er lögð á að tryggja áreiðanleika með fyrirbyggjandi viðhaldi sem tekur mið af raunverulegu ástandi búnaðar. Fjögur teymi sinna skipulögðu viðhaldi í dagvinnu, sérhæft greiningarteymi fylgist með ástandi búnaðar og miðlæg viðhaldsvakt bregst við bilunum allan sólarhringinn. Iðnaðarmenn vinna náið með framleiðslustarfsfólki, skipuleggjendum viðhalds og öðrum sérfræðingum.

Hvers vegna að velja starf hjá Alcoa Fjarðaáli?
- Góð laun og fjölskylduvænn vinnutími.
- Tækifæri til starfsþróunar í gegnum þjálfun, fræðslu og fjölbreytta starfsreynslu.
- Ýmis fríðindi á borð við akstur til og frá vinnu, gott mötuneyti, heilsugæslu og velferðarþjónustu.
- Fjarðaál er vinnustaður þar sem komið er fram við alla af vinsemd og virðingu.
- Heilsa og öryggi starfsfólks eru ávallt forgangsmál.
- Við trúum því að samhent teymi ólíkra einstaklinga séu lykillinn að árangri. Við erum framsækin í jafnréttismálum og viljum fjölga konum í hópi iðnaðarmanna.

Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um störfin. Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2021. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað. Frekari upplýsingar veitir **Jón Óli Benediktsson**, leiðtogi viðhalds, **jon.benediktsson@alcoa.com** eða í síma **470 7700**.
Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á www.alcoa.is.

JAFNLAUNAMERKIÐ

Fjarðaál
alcoa.is

Alcoa



Skrifstofustjóri

Reykhólahreppur óskar eftir að ráða til sína skrifstofustjóra tímabundið í eitt ár með möguleika á ótímabundnu starfi í framhaldi. Skrifstofustjóri ber ábyrð á bókhaldi Reykhólahrepps, stofnanna og fyrirtækja sveitarfélagsins. Um er að ræða fullt starf.
Mikilvægt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið
- Umsjón, eftirlit og ábyrgð á bókhaldi Reykhólahrepps
- Umsjón með bókhaldskerfinu Navision
- Bókun reikninga og innheimta.
- Afstemmingar og önnur úrvinnsla úr fjárhagsbókhaldi
- Launaútreikningur
- Álagning fasteignagjalda
- Þátttaka í áætlunargerð
- Innra eftirlit
- Yfirumsjón með virðisaukaskattsmálum
- Samskipti við endurskoðendur vegna ársreiknings sveitarfélagsins og stofnana þess
- Önnur tilfallanda verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði viðskipta eða fjármála og/eða mikil reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla og þekking af bókhaldskerfinu Navision er kostur
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Rík þjónustulund og góðir samstarfshæfileikar
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Matráður

Reykhólahreppur óskar eftir að ráða til sína matráð í mötuneyti Reykhólahrepps. Starfið er laust frá 1. apríl n.k. Mötuneytið er staðsett í Reykhólaskóla og í Barmahlíð. Um er að ræða 100% starf. Reykhólahreppur vill verða heilsueflandi sveitarfélag sem leggur áherslu á holla næringu í þeim stofnunum sem sveitarfélagið rekur. St

Starfssvið
- Ber ábyrgð á matseld, innkaupum, stjórnun og skipulagningu og framkvæmd starfsins í eldhúsum mötuneytisins.
- Fer með mannaforráð í mötuneyti,
- Sér um innkaup og pantanir á mat og hreinlætisvörum.
- Frágangur og þrif auk annarra tilfallandi starfa.
- Aðstoða við gerð fjárhagsáætlunar fyrir mötuneytið.

Hæfniskröfur
- Þekking og meðvitund um næringagildi og hollustu í matargerð.
- Hreinlæti og snyrtimennska.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum.
- Góð íslenskukunnátta
- Menntun á sviði matreiðslu og reynsla er kostur.

Umsjónarmaður íþróttamannvirkja

Reykhólahreppur óskar eftir að ráða til sína umsjónarmann íþróttamannvirkja, frá og með 1. apríl 2021. Um er að ræða 100% starf. Reykhólahreppur vill verða heilsueflandi sveitarfélag sem leggur áherslu á hreyfingu og félagslegt gildi samveru.

Starfssvið
- Umsjónarmaður Grettislaugar, íþróttahúss og íþróttavalla, ber ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun þeirra og einnig starfsmanna. Umsjónarmaður gengur vaktir og leysir af.
- Aðstoðar við fjárhagsáætlunargerð, sér um uppsetningu vaktarplana og innkaup.
- Sér um bókanir og þrif.
- Sér um minniháttar viðhald.
- Samskipti við þjónustuþega.

Hæfniskröfur
- Starfsreynsla við rekstur og stjórnun æskileg
- Iðnmenntun æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum, jafnt við fullorðna sem börn.
- Góð íslenskukunnátta
- Kostur ef viðkomandi hefur lokið námskeiði sundlaugarvarða.

Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2021. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal send á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, 380 Reykhólahrepp eða á netfangið skrifstofa@reykholahreppur.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Birna Erlingsdóttir í síma 430-3200 eða á netfangið sveitarstjori@reykholar.is
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands Íslenskra Sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.



Controlant is hiring

Help us build the future supply chain

We are solving tough problems that will impact future generations, including protecting global COVID-19 vaccines.

Join us on our mission!

—

VP of Product

We are looking for a highly experienced product leader with years of experience in product management for cloud-based solutions combined with an experience in building and leading teams to drive the vision and strategy for our world-leading real-time monitoring solutions that are safeguarding global shipments of food and pharmaceuticals. Responsibilities include:

- Define and maintain overall product vision, roadmap and product lifecycle.
- Facilitate product planning and prioritization of tasks and deliverables and communication across stakeholders.
- Lead, mentor and grow a team of Product Managers.

Quality Specialist

We are looking for a highly quality-driven specialist with experience in working within quality systems such as ISO 9001, GMP, GDP and information security systems like ISO 27001, to help us improve processes, and maintain the quality and information security management systems. Responsibilities include:

- Participate in the Quality department's responsibilities, such as change management, validation, supplier qualification, risk assessment, non-conformities handling and documentation.
- Write and maintain quality and information security trend reports, standard operating procedures and work instructions.
- Monitor relevant quality and regulatory standards and requirements to ensure compliance of Controlant's operations and solutions.

Documentation and Information Manager

We are looking for a highly quality-driven documentation and information manager to help us organize, prepare, and implement a new quality management system software solution and to safeguard quality and information security documentation and information in the quality department. Responsibilities include:

- Arrange, maintain, organize, issue and safeguard quality and information security documents.
- Create dashboards and prepare key statistical data.
- Write quality reports, reviews, standard operating procedures and work instructions.

Production Engineer

We are looking for a Production Engineer with experience in enhancing and improving production technology in the device industry to help us implement and enhance our production processes, lead productivity improvements, including new product introduction and manufacturing cell design to reduce waste, improve quality, and reduce operating costs. Responsibilities include:

- Effective in-line engineering/technical support for the Production team.
- Generation and delivery of concept ideas and manufacturing design improvements in cooperation with R&D.
- Actively work with and encourage production technicians on ideas of improvements.
- Lead design and engineering support activities within Production and develop documentation to support the Production team.

Database Administrator

We are looking for an experienced Database Administrator to manage our database strategy, work on improvements to ensure scalability and coordinate internal teams to work consistently with our database systems.
Responsibilities include:

- Evaluation of database software technologies.
- Responsible for maintaining guidelines and an overall strategy for the use of database technology used by internal teams.
- Responsible for reviewing and optimizing queries for product teams before they are pushed to the live environment.

DevOps Engineer

We are looking for an experienced DevOps Engineer with diverse technical background and with extensive knowledge of CI/CD technologies and AWS to help us drive automation and improve the developer experience.
Responsibilities include:

- Develop DevOps tooling, automate and standardize CI/CD processes to drive and improve the developer experience.
- Facilitate and encourage collaboration between development teams and Operations.
- Work with development teams to ensure reliable and secure cloud-oriented application design and implementation.

Quality Assurance Engineer

We are looking for a talented Quality Assurance Engineer to join our R&D team and participate in testing & validation activities for our hardware & software solutions. Responsibilities include:

- Create documents and maintain test cases in collaboration with product development teams.
- Plan testing and validation activities.
- Participate in defining and evolving R&D's quality standards and procedures.

Metrology Engineer

We are looking for a Metrology Engineer with a strong scientific or engineering background to join R&D and lead the development and optimization of Controlant's calibration process and tools, ensuring industry and regulatory compliance of our real-time IoT devices that are safeguarding global shipments of food and pharmaceuticals. Responsibilities include:

- Define, document and validate Controlant's calibration methodology.
- Participate in the development of a highly scalable calibration solution (software & hardware).
- Work closely with other teams and stakeholders as a subject matter expert, facilitate continuous improvements of development, manufacturing, and servicing processes.


Software Developer

We are looking for experienced software developers to join our growing R&D team and develop Controlant's real-time monitoring solution used by global companies in the pharmaceutical and food industries.
Responsibilities include:

- Design and develop modern APIs and services for integrations and web applications (C#/.NET Core).
- Develop components for communicating with and processing data from hundreds of thousands of IoT devices worldwide.

About Conntrolant

Controlant's mission is to deliver value across the supply chain by dramatically increasing the visibility of product flow and quality while minimizing waste.



Visit controlant.com/careers to view the full descriptions and apply online →

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Urriðaholtsskóli - leikskólastig
- Atferlisþjálfi
- Leikskólakennari
- Þroskaþjálfi

Leikskólinn Akrar
- Leikskólasérkennari

Móaflöt – skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni
- Sumarstarfsmaður

Heimili fyrir fötluð börn og ungmenni
- Starfsmenn
- Þroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

ÚRSKURÐARNEFND VELFERÐARMÁLA

Lögfræðingur

Úrskurðarnefnd velferðarmála óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa. Um er að ræða 100% starf, tímabundið í eitt ár.

Helstu verkefni:
Verkefnin eru fjölbreytt og felast aðallega í túlkun og beitingu réttarreglna á sviði almannatrygginga, atvinnuleysistrygginga, barnaverndarmála, félagsþjónustu- og húsnæðismála, fæðingar- og foreldraorlofsmála svo og greiðsluaðlögunarmála.

Menntunar- og hæfniskröfur:
Umsækjendur skulu hafa lokið embættis- eða meistaraprófi í lögfræði.
Þekking á sviði stjórnsýsluréttar er æskileg.
Starfið krefst lipurðar í samskiptum, nákvæmni í vinnubrögðum og sjálfstæðis til verka.

Frekari upplýsingar um starfið:
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga.

Umsóknir skulu berast til úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík eða á netfangið postur@urvel.is eigi síðar en **8. mars nk.**

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður, í síma 551-8200. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu.

FJÖLMIÐLANEFND

Hefur þú tekið eftir öllum þeim breytingum sem orðið hafa með tilkomu nýrra miðla og nýrrar tækni?

Hefur þú velt fyrir þér samfélagsmiðlanotkun barna og ungmenna og áhrifum samfélagsmiðla á þennan aldurshóp?

Hefur þú áhuga á því að stuðla að aukinni þekkingu og færni ólíkra aldurshópa í notkun stafrænna miðla með það að markmiði að styrkja lýðræðið?

Verkefnisstjóri – Fjölmiðlanefnd

Fjölmiðlanefnd leitar að öflugum einstaklingi sem getur unnið að gerð nýrrar miðla- og upplýsingalæsisstefnu, ásamt framkvæmdaáætlun. Starfið felst annars vegar í stefnumótunarvinnu og hins vegar í verkefnisstjórn til að fylgja stefnumálum eftir. Markmiðið er að ná til fólks á öllum aldri með það að markmiði að auka færni þess í að nota samfélagsmiðla og leitarvélar og að vera gagnrýnið á það hvaðan upplýsingar koma.

Í sýningunni Skrímslið litla systir mín spunnum við með pappír og í sýningunni Lífið var notast við mold. Í þetta skipti völdum við plast," segir Helga. „Við byrjum aldrei sýningarnar okkar á handriti. Við byrjum á myndinni, efninu sem við viljum vinna með. Síðan kemur söguþráðurinn til okkar út úr efninu."

Þar sem sýningar 10 fingra eru svo myndrænar segir Helga að erfitt geti verið að útskýra þær í orðum. „Maður verður helst að sjá þær. Það er svo margt sem gerist í myndinni. Í þetta skipti er handritið afurð plastsins, sem er í raun dásamlegur efniviður þó hann hafi vont orð á sér."

Þótt sýningin sé líklega stærsta verkefni 10 fingra til þessa hafa Skrímslið litla systir mín og Lífið verið að gera það gott ytra. „Það er búið að setja þetta upp á hátíðum um allan heim, en faraldurinn setti auðvitað strik í reikninginn," segir Helga. „Við eigum inni boð til Japans, Frakklands, Kína og fleiri landa, sem við hlökkum til að kanna þegar aðstæður leyfa."

Helga hvetur alla þá sem vilja verða fyrir hughrifum í leikhúsi að kynna sér Stúlkuna sem stöðvaði heiminn. „Þetta er djúp upplifun sem við höfum skapað hérna í Borgarleikhúsinu," segir hún. „Við höfum verið að miða þetta við börn á aldrinum svona 9–14 ára, en við höfum séð að alveg mun yngri börn njóta sín því þetta er svo myndrænt. Svo hafa fullorðnir ekki síður gaman af þessu." **arnartomas@frettabladid.is**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Brynhildur Guðlaug Kristjánsdóttir

ljósmóðir,
frá Löndum í Stöðvarfirði,
Víðivöllum 16, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Lundi á Hellu 12. febrúar. Útförin fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 24. febrúar kl. 14. Streymt verður frá athöfninni á selfosskirkja.is

Þórarinn Ingimundarson
Þórdís Þórarinsdóttir **Gunnar Hrafn Sveinbjörnsson**
Aðalheiður Kristín Þórarinsdóttir **Árni Oddsson**
Hjörtur Þórarinsson **Eyrún Olsen**
Brynja Þórarinsdóttir
Sigrún Þórarinsdóttir **Stefán Sveinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, stjúpi og stjúpafi,

Sigmundur Sigfússon

geðlæknir,

lést á heimili sínu föstudaginn 29. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 22. febrúar kl. 13.30. Því miður getur athöfnin ekki verið öllum opin vegna sóttvarna. Streymt verður á Facebooksíðunni: Jarðarfarir í Akureyrarkirkju - Beinar útsendingar. Blóm eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á að styrkja góð málefni.

Ingiríður Sigurðardóttir
Marjón Pétur Sigmundsson **Oorawan Sukphuwong**
Sigfús Þór Sigmundsson **Erna Hjaltested**
Benedikt Sigmundsson **Hala Mamdouhdóttir**
Haraldur Sigmundsson
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir **Mathurin Matharel**
barnabörn og stjúpbarnabörn.



Ástkær móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,

Áslaug Helgadóttir

lést á Droplaugarstöðum þann 9. febrúar sl. 103 ára að aldri. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Fyrir hönd afkomenda,
Birgir Bjarnason
Skúli Bjarnason
Bjarni Már Bjarnason
Ingigerður Bjarnadóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Turid F. Ólafsson

lést á Hrafnistu Laugarási 2. febrúar. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju, föstudaginn 26. febrúar klukkan 13. Innilegar þakkir til alls starfsfólks Engeyjar fyrir alúð og hlýju. Athöfninni verður streymt og hægt að nálgast virkan hlekk á mbl.is/andlat

Gunnar Ástvaldsson
Fríða Ástvaldsdóttir
Jón Ástvaldsson
Sólveig Ástvaldsdóttir
Pétur Ástvaldsson
Sigríður Ástvaldsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir
Sigurður Þ. Jónsson
Sigrún Haraldsdóttir
Garðar Haraldsson
Bernharð Heiðdal
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Sveinsdóttir

Garðafelli, Eyrarbakka,

lést á Sólvöllum á Eyrarbakka að morgni miðvikudagsins 10. febrúar.

Trausti Sigurðsson
Viðar Sigurðsson
Sigríður Sæmundsdóttir
Guðbjörg Bjarnadóttir
Soffía A. Jóhannsdóttir
Dísa Sigurðardóttir
Eygló Alda Sigurðardóttir
Sigvard Hammer Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristín Þ. G. Jónsdóttir

Lalla

Njálsgötu 1, Reykjavík,

lést aðfaranótt 16. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Ingibjörg Þóra Marteinsdóttir
Kristinn Óskar Marteinsson
Hilmar Teitsson
Þóra Stefánsdóttir
barnabörn og langömmubörn.



Okkar elskulega

Anna Guðrún Sigurðardóttir

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans, laugardaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 25. febrúar kl. 13.

Sigurður Þorsteinsson
Guðjón Sigurðsson
Andrea Margrét Þráinsdóttir
Þórdís Jóna, Snædís Ósk, Árdís Sif
og fjölskyldur.



Dóttir mín, systir okkar, mágkona og frænka,

Hildur Steingrímsdóttir

lyfjafræðingur,

varð bráðkvödd á heimili sínu 12. febrúar.

Ingibjörg Pála Jónsdóttir
Einar Steingrímsson
Eva Hauksdóttir
Þóra Steingrímsdóttir
Haukur Hjaltason
systkinabörnin Ragnhildur, Elín, Steinunn,
Freyr, Halla og makar.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Sölvason

lést miðvikudaginn 17. febrúar. Útförin mun fara fram í kyrrþey.

Sigrún Hrönn Hauksdóttir
Elín Helga Hauksdóttir
Svanhildur Hrund Hauksdóttir
Leifur Örn Svavarsson
Konráð Vilhjálmsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Finnur Hafberg

áður til heimilis að Sæviðarsundi 16, Reykjavík,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, 13. febrúar 2021. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Eva Þórðardóttir
Margrét Magnúsdóttir
Marinó Þór Tryggvason
Þórður Magnússon
Olga Magnúsdóttir
Helgi Ómar Þorsteinsson
Þórdís Guðný Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ástríður Þórey Þórðardóttir

(Ásta frá Hvítanesi)

lést á dvalarheimilinu Höfða þriðjudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju, mánudaginn 1. mars klukkan 13. Innilegar þakkir til alls starfsfólks dvalarheimilisins Höfða fyrir alúð og hlýju. Útförinni verður streymt á vef Akraneskirkju akraneskirkja.is/

Emil Þór Guðmundsson
Sigríður Guðmundsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Þórey G. Guðmundsdóttir
Guðbjörg Kristjánsdóttir
Gunnar Sigurðsson
Guðjón Þórðarson
Leifur Eiríksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, sonar, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Árnasonar

viðskiptafræðings frá Litla-Hvammi, Mýrdal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landakots, Maríuhúss og Skógarbæjar fyrir góða og hlýja umönnun.

Guðlaug Ragnarsdóttir
Helga Sigurðardóttir
Gunnar Sigurðsson
Bryngeir Sigurðsson
Ragnar Steinar Bentsson
Anný Elín Bentsdóttir
Róbert Michael O'Neill
Rósa Hrönn Árnadóttir
Jóhanna Arnþórsdóttir
Fjóla Jensen
Jóhannes Hauksson
afa- og langafabörn.



Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnduð okkur samúð og vinsemd við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Vilhjálms K. Hjartarsonar

bifreiðarstjóra, Fossvegi 8, Selfossi.

Sérstakar þakkir til sr. Guðmundar Karls og alls starfsfólks Fella-og Hólakirkju, stuðningur ykkar er ómetanlegur. Þá sendum við starfsfólki á lyflækninga- og göngudeild HSU þakkir fyrir góða umönnun og hlýtt viðmót. Guð blessi ykkur öll.

Þ. Harpa Jónsdóttir
Hjörtur V. W. Vilhjálmsson
Ragnhildur Vilhjálmsdóttir
Gunnar Örn Vilhjálmsson
Jón Vilhjálmsson
Kristinn Þ. Vilhjálmsson
Sangwan Wium
Ingibjörn Jóhannsson
Súsanna Gunnarsdóttir
Anna Lilja Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Einlægar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar ástkæra

Hauks Guðmanns Gunnarssonar

endurskoðanda.

Umhyggja ykkar og hlýhugur hefur verið okkur ómetanlegur stuðningur.

Elín J. G. Hafsteinsdóttir
Anna S. Guðmundsdóttir
Ingunn Hafdís Hauksdóttir
Þórlindur Kjartansson
Hafsteinn Gunnar Hauksson
Daði Már Sigurðsson
Anton Haukur Þórlindsson
Elín Katrín Þórlindsdóttir
og systkini Hauks.




Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Elías Gunnlaugsson

frá Gjábakka í Vestmannaeyjum, síðast til heimilis að Hraunbúðum í Vestmannaeyjum,

lést 5. febrúar sl. Útför hans mun fara fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum, föstudaginn 26. febrúar klukkan 14.00. Streymt verður á Landakirkja.is

Hjördís Elíasdóttir
Björk Elíasdóttir
Viðar Elíasson
Hannes G. Thorarensen
Stefán Örn Jónsson
Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Gunnhildur Magnúsdóttir

Kjarrmóum 6, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 17. febrúar. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 26. febrúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks HERU heimalíknarþjónustu Landspítalans og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi fyrir alúð þess og hlýju.

Hannes Scheving
Ingunn L. Hannesdóttir Scheving
Jón Kristinn Gíslason
Magnús Þór Scheving
Sigrún Íris Sigmarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Gísli V. Halldórsson

Borgarbraut 36, Borgarnesi,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Brákarhlíð, þriðjudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 24. febrúar klukkan 14, að viðstaddri fjölskyldu og nánustu vinum. Útförinni verður streymt á youtube-rás Borgarneskirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á MS-félag Íslands. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð.

Guðrún Birna Haraldsdóttir
Margrét Halldóra Gísladóttir
Hlynur Ólafsson
Sigrún Halla Gísladóttir
Ronny Elvin Mathiasen
Kristín Heba Gísladóttir
Arnar Þór Arnarsson
Aðalsteinn Hugi Gíslason
Alexandra Arnardóttir
og barnabörn.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar kærs föður okkar, tengdaföður og afa,


Guðjóns Guðmundssonar

frá Arkarlæk.

Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Höfða, Akranesi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Guðrún Sesselja Guðjónsdóttir
Guðmundur Guðjónsson
Ásdís Guðjónsdóttir
Pétur Guðjónsson
Björn Guðjónsson
Kristín Guðjónsdóttir
Ævar Guðjónsson

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

NORÐURSLÓÐIR

L	J	Ó	S	F	Æ	L	I	N		Á		A		H	Ú	S	B	Á	T
E		Á		R		Ó		O	K	F	R	U	M	U		K		R	
T	Æ	K	J	A	Ó	Đ	U	R		E		Đ		G	R	A	F	A	N
I		V		M		S		N	Á	L	Æ	G	I	R		R		K	
D	V	E	R	G	H	A	G	A		L		I		Æ	V	I	L	O	K
Ý		Đ		A		R		H	E	I	Đ	N	I	N	A			R	
R	E	I	K	N	I	N	G	A		S		N		U	L	L	I	N	N
U		N		G		I		M	Ó	T	S	T	Í	M	I			I	
M	U	N	K	A	B	R	A	U	Đ		Æ		S		N	Æ	G	Đ	I
	P		J		R		F	R	A	M	T	A	K		K		O		L
S	P	Ó	A	L	E	G	G		S		A		A	F	U	R	Đ	U	M
	F		F		G		R	Ú	T	U	B	Í	L		N		O		P
R	Æ	S	T	U	Đ		E		O		I		D	Á	N	A	R	B	Ú
	R		U		I		I		R	O	L	L	U	R			Đ		Đ
S	A	M	R	Á	Đ	I	Đ		M			Ö	R	V	I	T	A	N	A
N		Ó		R		L	A	G	A	L	E	G		I		Í		E	
Ú	L	F	H	U	N	D		Ó		A		S	Í	S	T	R	E	F	I
Đ		U		N		I	N	N	A	N	D	A		S		Æ		Ö	
L	Ö	G	U	N	I	N		I		D		G	R	A	S	T	Ó	N	A
A		L		I		G	A	R	M	A	N	A		R		T		D	

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist klassískt, íslenskt góðgæti (14). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 25. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „20. febrúar“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Kóngsríkið eftir Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét Ísdal, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Ákafa fljóts má rekja til skyndilegrar kólnunar (9)
8 Góndi í brenglaðan og framandi bláma (6)
11 Segja ágæt enn betri (7)
12 Jú, auðvitað er fita í feitara lagi (9)
13 Fín eru fleti þín og fjandanum stærri (6)
14 Þau eru hörð en vilja tala um orsakir glæpa (7)
15 Elska mín faldi mitt bús, en hún er mér kær engu að síður (9)
16 Hví hneigði hann sig fyrir Bolla? (4)
17 Söknum engra kantskera, en sæti vantar okkur (9)
18 Víst er þetta mín beit, en ég ræði ekki um mín mál (9)
19 Tína saman eitthvað rugl um mína raun (4)
20 Óhemju erfið hrakyrði um fólk í ofþyngd (7)
21 Má nota varahlutinn til að hljóðeinangra hús? (9)
25 Rolla rennur öðru sinni í skut (6)
29 Hvað segirðu, sástu horfna leita fugla? (7)
32 Hrærir í exportblandaðri ærmigu (10)
34 Klipptu þá sem raka, þessi græja dugði til þess (9)
35 Yrkja um sess HKL og Guðrúnar frá Lundi (10)
36 Rannsökum þessa úrvalsafurð í réttum ílátum (11)
37 Fann BUGL þrátt fyrir strangar takmarkanir á samgöngum (8)
39 Hafna samningi vegna ómerkilegra aukaatriða (7)
43 Ég ræði við fólk um skammir (4)
45 Aðdráttarafl hans er blekking en þetta togar vissulega í suma (9)
47 Hvar drengir smáir draga önd/dammar steggi heilla (10)
48 Hinn vísi hugur misnotar ekki andlega yfirburði sína (11)
49 Er betur hefur Bölverkur/bálkinn vinnings kveður (10)

LÓÐRÉTT

1 Hagsýnir heimilisfeður gefa tips um hvernig elda skal helsingja (11)
2 Tek stundum feil á hundinum og tuskuræflinum (9)
3 Fólk sem veit minna þarf að kalla til fólk sem veit meira (9)
4 Vantar spil fyrir káta krakka með mátulegt keppnisskap (9)
5 Maður er nýstiginn upp úr þessu rugli og þá er bara bætt í smásmyglina (9)
6 Þetta er komið inn á borð lærðra manna og vel lesinna (10)
7 Mín er lækningin, en hver á rósina á villirótinni? (10)
8 Einhvern veginn magnar kóleran brjálað barnagólið (10)
9 Fella svo létta dóma að furða þykir (9)
10 Þessi ljómi þarna suðurfrá er kjarni punktsins (9)
22 Áætluðu stæði og græjuðu það svo (9)
23 Keyri sleða í grindurnar (7)
24 Þessi er fyrir rétta einstaklinga með bein í nefinu (7)
26 Þessi dallur er hreyfanleg miðstöð samskipta (7)
27 Elska að fara á fjöll með framagosann (6)
28 Væntumþykja væng og djúp/vefur orðum fögrum (8)
29 Förum eftir hrun, Kim, en ekki alveg strax, það væri rugl (7)
30 Ganga með broddstöfum að ævafornum höfðingjum (7)
31 Hvað ef ég bara rými þessa lekabyttu? (7)
33 Á mér draum um að gangandi verði á meðal þess sem minnst er á við hjábarn (10)
38 Lentum í pínsömum plöntum (6)
39 Reif allt sem hann eyddi (5)
40 Henni mun sárna helvítis ruglið (5)
41 Það var snemma í morgun að ég skynjaði þennan morgun (5)
42 Óðagot er þetta, góðu hjón, ég leita bara trés (5)
43 Ís safnast upp á fossbrún og tún við hús (5)
44 Það er auðvelt að sanna hlákuna (5)
46 Fékk borgað undir borðið (4)

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

MIÐLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6				2	
8			7			1		
			9	5				
	7	3		4		8		

ÞUNG

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

7	1	6	5	2	9	8	3	4
4	8	3	6	7	1	2	9	5
2	5	9	8	3	4	6	1	7
6	7	1	3	9	5	4	8	2
3	4	8	2	1	7	5	6	9
5	9	2	4	6	8	3	7	1
9	3	5	7	4	6	1	2	8
8	6	7	1	5	2	9	4	3
1	2	4	9	8	3	7	5	6

8	1	6	9	2	5	3	4	7
7	2	4	1	6	3	8	5	9
9	3	5	7	4	8	2	1	6
2	8	9	3	7	4	5	6	1
4	6	1	5	8	9	7	3	2
3	5	7	2	1	6	4	9	8
6	7	8	4	3	1	9	2	5
1	9	3	8	5	2	6	7	4
5	4	2	6	9	7	1	8	3

8	2	6	3	5	9	4	7	1
3	9	5	1	4	7	2	8	6
7	4	1	2	8	6	3	9	5
2	3	9	4	6	1	8	5	7
1	6	7	5	2	8	9	3	4
4	5	8	7	9	3	6	1	2
5	8	3	6	1	4	7	2	9
9	1	4	8	7	2	5	6	3
6	7	2	9	3	5	1	4	8

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik



Magnús Pálmi Örnólfsson átti leik gegn Davíð Stefánssyni á skákmóti öðlinga.
13...Rd4! 14. exd4 exd4 15. Dxa5 (15. Ra4 He8 og vinnur manninn til baka). **15...Bb6 16. Dxa4 dxc3 17. 0-0 Bd3 18. Rxc3 Bxf1** og svartur vann. Í gær var kynntur til leiks Íslandsbikarinn en þar tefla átta skákmenn í útsláttarkeppni um keppnisrétt á Heimsbikarmótinu í skák.

www.skak.is: Barna- og unglingameistaramót Reykjavíkur.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

ERFIÐAR SAGNIR

Stjórn Bridgesambands Íslands ætlaði að reyna að halda Bridgehátíð í maí næstkomandi, en neyddist til að hætta við það. Stjórnin áformar að halda veglega Bridgehátíð á hefðbundnum tíma, í lok janúar á næsta ári (2022), í Hörpu og gerði um leið þriggja ára samning um að halda hátíðina í þessu glæsilega húsnæði. Lítið er um að fólk komi saman á spilastað í þessu veiruástandi og hefur spilamennska á netinu verið vinsæl. Þó eru mörg spilafélög landsins í startholunum að hefja keppnir (ef þau eru ekki þegar byrjuð) þegar veiran virðist vera að losa tökin. Fyrir rúmri viku var spiluð sveitakeppni á netforritinu „Realbridge“ (14. febrúar). Átta sveitir tóku þátt í þeirri keppni og Sveit Kalla Gr. vann þá keppni með yfirburðum. Auk Karls Grétars Karlssonar í sveitinni voru Kristinn Kristinsson, Jón Ingþórsson og Kristinn Ólafsson meðlimir hennar. Í einu spili keppninnar eru tólf slagir borðlagðir í NS. Hins vegar reyndist það mörgum erfitt að segja sig í hálfslemmu. Norður virtist eiga erfitt með að lýsa því að hann ætti spaðaás og kóng til hliðar. Suður var með sterka hönd og tíu beina tökuslagi. Suður var gjafari og allir á hættu:

Norður
♠ Á87
♥ 9532
♦ K72
♣ 1054

Vestur
♠ G53
♥ 7
♦ D84
♣ G98762

Austur
♠ KD64
♥ 4
♦ G109653
♣ D3

Suður
♠ 1092
♥ ÁKDG1086
♦ Á
♣ ÁK

Spilið var spilað átta borðum og á sex þeirra var samningurinn fjögur hjörtu. Aðeins eitt par, Karl Grétar Karlsson og Kristinn Kristinsson, voru í hálfslemmu í hjarta í NS. Er einfalt fyrir þig, lesandi góður, að segja þig upp í hjartaslemmuna?

ergomotion®

Áttu erfitt með að koma þér fyrir?

Upphaf nýrra **drauma!**





Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi.
Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion.Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.

Tilboðsverð frá
355.448 kr.
Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

442

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst?“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

2	3							
		7				9		8
4		8	9	1	7			3
8				7		5		
		5	6					7
		3	5		4	6		
		4	2	8				6
6	8			3				9
3		1					2	4

		5	2		8		3	6
		2	9		7			4
1	3	7	4					
2			6		9			7
			5	2		3	6	
					1	2		
	2	1						
	6	4	8		2			
		8		9		4	7	



Listaverkið

Fjölskyldan mín heitir þessi mynd eftir **Gabia Rimsaite.**





Í framtíðinni vill Eyja verða fræg í fótbolta eða körfubolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heitir eftir eldfjalli

Eyja Garðarsdóttir nefnist níu ára gömul stúlka. Eyja er fallegt nafn, af hverju skyldi hún heita það? Systur mínar heita Katla og Hekla eins og eldfjöllin og ég heiti Eyja eftir Eyjafjallajökli, sem er líka eldfjall.

Hvaða skóla ert þú í? Ég er í 4. RG í Hlíðaskóla.

Ærir þú einhverjar íþróttir utan skólans? Ég æfi bæði fótbolta og körfubolta hjá Val, það er gaman.

Er eitthvað fleira sem þú fæst við? Ég er líka að læra á píanó og barítónhorn.

Hvað ertu helst að bralla heima við? Mér finnst gaman að leika við vinkonur, teikna og líka að spila eða horfa á eitthvað.

Hvaða leikur er í mestu uppáhaldi hjá þér? Uppáhaldsleikirnir mínir eru flugvélaleikurinn í fótboltanum og stinger í körfuboltanum.

Ertu byrjuð að spá í hvað þú ætlar að gera skemmtilegt í sumar? Mig langar aftur í húsbílaferð. Við gerðum það síðasta sumar og það var mjög gaman.

Hvaða kvikmynd hefur þér þótt best? Harry Potter, Star Wars og Descendants, get ekki valið á milli.

Hvaða bækur eru í uppáhaldi núna? Grísafjörður og Ofurhetjan.

Hver er besti maturinn, að þínum dómi? Pasta, pítsa og grjónagrautur.

EINU SINNI ÞEGAR ÉG VAR LÍTIL ÆTLAÐI ÉG AÐ SEGJA VIÐ FROSTA FRÆNDA MINN, „GEFÐU MÉR TEPPIÐ“, EN SAGÐI ÓVART „GEFÐU MÉR TYPPIÐ“. ÞÁ HLÓGU ALLIR.

Þekkir þú einhverja fugla? Ég þekki fullt af fuglum, starrar, skógarþrestir, svartþrestir og gráþrestir koma í garðinn minn. Svo hafa líka komið krummar, ein gæs og hænur.

Hvað er það fyndnasta sem þú hefur lent í? Einu sinni þegar ég var lítil ætlaði ég að segja við Frosta frænda minn, „gefðu mér teppið“, en sagði óvart „gefðu mér typpið“. Þá hlógu allir.

Áttu uppáhaldsstað á Íslandi annan en heimahagana? Sumarbústaður ömmu og afa, rétt hjá Stykkishólmi, er æði. Þar spilum við, förum í sund og göngutúra og bökum oftast.

Hvað langar þig mest að gera þegar þú verður stór? Verða betri í að spila á píanó og fræg í fótbolta eða körfubolta. Ég vil líka verða þjálfari.

Hvað varst þú á öskudag? Ég var sjóræningi!

Ennþá meira úrval af listavörum

Listverslun.is

AMSTERDAM ALL ACRYLICS dream × create
van Gogh The Quality Brand
REMBRANDT The Professional Choice
Liquitex
Conté à Paris DEPUIS 1795
LEFRANC BOURGEOIS PARIS
2017 2020 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Konudagur
í Blómavali

Opið um land allt í Blómavali á konudaginn, sunnudaginn 21. febrúar.

Sjá nánar á blomaval.is



Konudagsvöndur Blómavals

4.990kr

Veglegur blómvöndur sem gleður, nokkrir litir í boði.



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



20%

HiKOKI

Borvél 18V + 100 fylgihlutir

2 stk., 2,5Ah, Li-ion rafhlöður, hersla: 20/52Nm, Led ljós. 5247085

39.995kr

~~49.978 kr~~



33%

makita

Höggborvél 18V +74 fylgihlutir

2 stk., 18V 1.5Ah Li-ion rafhlöður, Hersla 42Nm. 5255490

37.495kr

~~49.995 kr~~



25%

BLACK+DECKER

Borvél 12V + 100 fylgihlutir

Tvær rafhlöður, 1,5Ah Li-ion, hersla 25Nm, 10 mm patróna. 5245566

15.995kr

~~21.495 kr~~



28%

Friðarlilja

12 cm pottur. 11623437

1.990kr

~~2.790 kr~~



28%

Hawaiirós

11328066

2.490kr

~~3.490 kr~~



26%

Orkidea

12 cm pottur. 11325000

1.990kr

~~2.690 kr~~



25%

damixa™

Eldhúsblöndunartæki

Silhouet, svart. 8000048

31.490kr

~~41.990 kr~~



20%

damixa™

Eldhúsblöndunartæki

Silhouet. 8000050

19.290kr

~~24.185 kr~~



20%

damixa™

Blöndunartæki

Hitastillt, ömmustöng með 200 mm höfuðsturtu, skiptir ásamt handsturtubarka og sápuskál, stillanleg lengd á stöng. 8000582

49.990kr

~~62.675 kr~~



20%

LAUFEN

Veggskál

Vegghengd skál án setu. 7920010

11.490kr

~~14.485 kr~~



25%

GROHE

Handlaugartæki

Essence New Etgreb, svart. 7911087

29.990kr

~~40.395 kr~~



20%

Electrolux

Skaftryksuga

Þráðlaus, pokalaus, gefur 30 mín., notkun á hleðslu, tekur 4 klst., að hlaða, rafhlaða 14,4V lithíum. H: 114,5x B: 14,5xL: 26,5. 1805317

22.990kr

~~28.990 kr~~



20%

AEG

Ryksuga

750/650W, 5 m snúar og vinnuradíus 8 m, hljóð við notkun 80 dB. 1870001

13.592kr

~~16.990 kr~~



25%

DOMO

Kaffivél

12 bolla. 1841178

5.990kr

~~7.990 kr~~



Electrolux

Þurrkari, barkalaus

Með 8 kg þurrkgetu, tromla tekur 118 ltr., þurrkar á lægra hitastigi, sem fer betur með fatnað og eyðir minni orku. Skynjari reiknar út þurrktíma út frá rakastigi fatnaðar, orkuflokkur A+. 1835646

89.995kr

~~96.995 kr~~

AEG

AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.

Með kolalausum mótor. Prosense tæknin vigtar sjálf-krafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir þannig bæði tíma, vatn og orku. 1860502



94.990kr

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Litaráðgjöf í Skútuvogi



Litaráðgjöf í dag
hjá Sir Arnari Gauta
í Skútuvogi
kl. 12-16



LADY málning JOTUN

20%

afsláttur

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 7 ↖	2 °C | 9 ↙	1 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 1 ↓	5 °C | 8 ↑	1 °C | 8 ↑

Snýst í suðaustan 5-13 og styttir upp þar um hádegi, en áfram stíf norðaustanátt, slydda eða snjókoma með köflum í öðrum landshlutum fram eftir degi. Suðaustan 5-13 og víða léttskýjað í kvöld. Hiti um og undir frostmarki, en hiti 0 til 5 stig syðst.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	3 °C | 2 ↗	4 °C | 5 ↗	3 °C | 6 ↙	5 °C | 5 ↙	4 °C | 3 ↗
Ísafjörður	2 °C | 4 ↙	2 °C | 4 ↓	2 °C | 4 ↙	3 °C | 2 ↘	4 °C | 2 ↘
Akureyri	2 °C | 4 ↘	4 °C | 3 ↑	0 °C | 1 ↖	1 °C | 1 ↑	4 °C | 3 ↑
Egilsstaðir	0 °C | 9 ↓	1 °C | 4 ↑	0 °C | 3 ↓	3 °C | 1 ↖	3 °C | 4 ↗
Kirkjubæjarklaustur	6 °C | 2 ↙	4 °C | 4 →	4 °C | 12 ↙	6 °C | 7 ←	5 °C | 7 →
Hveravellir	-2 °C | 8 ↘	-3 °C | 3 ↑	-4 °C | 5 ↓	-2 °C | 2 ↘	-2 °C | 3 ↗



ERT ÞÚ Í BYGGINGARHUGLEIÐINGUM?

Húseining býður upp á einstök og falleg einingarhús sem hönnuð og framleidd eru á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður.



Sumarhús
Verð frá 116.900 kr. pr/m²



Einbýlishús
Verð frá 139.900 kr. pr/m²

VIÐ FRAMLEIÐUM EINNIG

Smáhýsi	Sérbýlishús
Gestahús	Módula
Parhús	Þaksperrur
Raðhús	Sökkla

HÚSEINING
www.huseining.is
sala@huseining.is
s: 686-8680


Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK



Á sýningunni leiðir Haraldur saman mismunandi verk. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fylgir skynjuninni sem opnar ætíð nýja möguleika

Haraldur Jónsson sýnir sjö ólík verk í Berg Contemporary. Þar vinnur hann meðal annars með blóð. Sýningin, sem hefur titilinn Ljósavél, er tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Haraldur Jónsson myndlistarmaður sýnir ný verk í Berg Contemporary. Yfirskrift sýningarinnar er Ljósavél.

„Ég kanna skynjunina í verkum mínum, flöktið á milli ljóss og myrkurs og hef alltaf verið heillaður af ljósaskiptunum sem ríkja stöðugt við eyru, augu, munn og nef," segir Haraldur. „Titillinn birtist mér á vinnustofunni einn morguninn og er eins konar frumminning frá því þegar ég var barn í sveit og bóndinn bað mig um að kveikja á ljósavélinni. Þegar ég var að vinna í byggingavinnu á unglingsárunum þá unnum við í hálfreistum húsum þar sem var ekkert rafmagn og ljósavél var notuð til að lýsa upp umhverfið. Mér finnst þessi titill ríma mjög vel við verkin og þetta millibilsástand sem ég er að virkja; samspil líkamans við arkitektúrinn og hvernig manngert umhverfi hefur áhrif á athafnir okkar og hegðun."

Titilverkið Ljósavél er vídeóinnsetning. „Verkið hverfist um gjörning sem átti sér stað í innri sal gallerísins áður en sýningin opnaði. Titillinn dregur upp mynd af þeirri atburðarás."

Haraldur segir verkin geta virst ólík við fyrstu kynni en um leið mætast þau úr ýmsum áttum. „Ánægjan og spennan við að setja upp sýningu felst umfram allt í að leiða saman mismunandi verk. Ég hef alltaf unnið þannig að í staðinn fyrir að endurtaka sama verkið í mismunandi blæbrigðum vinn ég með núning á milli verka sem ég finn að mynda óvæntan samhljóm og hvert og eitt getur líka staðið eitt og sér."



Hér má sjá verk gert úr fimm lítrum af rauðri innimálningu og verkið Sónar.

> Í STAÐINN FYRIR AÐ ENDURTAKA SAMA VERKIÐ Í MISMUNANDI BLÆBRIGÐUM VINN ÉG MEÐ NÚNING Á MILLI VERKA SEM ÉG FINN AÐ MYNDA ÓVÆNTAN SAMHLJÓM.

Lét blóð renna á flöt

Eitt verkanna er Gátt sem er gert úr fimm lítrum af rauðri innimálningu. Við gerð verksins kom blóð við sögu. „Það er gjarnan undirliggjandi gjörningur í verkum mínum, þar sem ég er oftar en ekki innblásinn af daglegum athöfnum okkar. Ég hef áður unnið með blóð og á yfirlitssýningu minni á Kjarvalsstöðum gátu gestir komið á ákveðnum tíma og látið draga úr sér blóð og farið síðan með það heim sem minningu um sig og verkið. Á þessari sýningu ákvað ég að kanna þessa vídd frekar. Ég fór í málningarverslun þar sem ég stakk mig með sótthreinsaðri nál í vísifingurinn og lét blóð renna á flöt sem var síðan skannaður inn í litakerfi búðarinnar. Ég fékk fimm lítra af rauðri innimálningu sem er einmitt magn blóðsins í okkur. Ég málaði síðan þessa fimm lítra á afmarkaðan flöt hér í salnum. Þannig verður til eins konar skermur sem endurspeglar ákveðið ástand."

Tilnefndur til verðlauna

Annað verk á sýningunni, Svimi, er búið til úr hljóðeinangrandi teppi sem er fest á vegginn með frönskum rennilás. „Í verkum mínum fylgi ég skynjuninni sem opnar stöðugt nýja möguleika og hún ræður úr hvaða efni verkið verður til og líka hvernig það er sett saman. Það þarf að huga að hverju smáatriði," segir Haraldur.

Á sýningunni er verkið Sónar, sem er röð stakra silkiþrykksmynda. „Þetta form fór að sækja á mig en ég hef alltaf haft áhuga á gegnumlýsingu og myndbirtingu hins ósýnilega. Þessi sería varð eiginlega til af sjálfu sér. Formið er upphaflega tómt, ég þrykki síðan með svörtum farva og veit útkomuna ekki fyrir fram. Þannig er ég í raun að skrásetja sjálft sköpunarferlið, hvert verk er einstakt og útkoman er líka ákveðið sönnunargagn."

Haraldur er tilnefndur til Íslensku myndlistarverðlaunanna fyrir þessa áhugaverðu sýningu. „Ég er virkilega glaður yfir því að vera þar, í góðum hópi kollega," segir hann.

Laugardaginn 20. febrúar kl. 15 verður listamannaspjall um sýninguna Ljósavél með Haraldi.



Boðun til aðalfundar Arion banka hf.

Aðalfundur í Arion banka hf., kt. 581008-0150, verður haldinn með rafrænum hætti þann 16. mars 2021, kl. 16.00. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkaþjónustu á ensku.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans á síðasta fjárhagsári**
2. **Staðfesting ársreiknings bankans fyrir síðastliðið starfsár**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs**
4. **Kosning stjórnar bankans**
5. **Kosning endurskoðunarfélags**
6. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra**
7. **Tillaga um starfsreglur tilnefningarnefndar og samsvarandi breyting á samþykktum varðandi skipan tilnefningarnefndar**

   Stjórn bankans leggur til að breyttar starfsreglur tilnefningarnefndar bankans verði samþykktar, en þær fela í sér breytingu á skipan tilnefningarnefndar.

   Stjórnin leggur enn fremur til að verði hinar breyttu starfsreglur samþykktar verði gerð breyting á ákvæði 13.2 í samþykktum bankans, þannig að í stað tilnefningar tveggja meðlima tilnefningarnefndar verði samþykki tillögu um starfsreglur tilnefningarnefndar á dagskrá aðalfundar bankans. Verði tillagan samþykkt, koma liðir 8 og 9 ekki til afgreiðslu á fundinum.
8. **Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
9. **Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans**
10. **Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans**
11. **Tillaga um heimild stjórnar til að samþykkja breytingu á kaupréttaráætlun**
12. **Tillaga um lækkun hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

    Tillagan felur í sér að hlutafé bankans verði lækkað um kr. 30.000.000 að nafnvirði, úr kr. 1.730.000.000 í kr. 1.700.000.000 að nafnvirði til jöfnunar á eigin hlutum bankans.

    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér breytingu á ákvæði 4.1 samþykkta bankans sem skal eftirleiðis hljóða þannig: „Hlutafé bankans er kr. 1.700.000.000 – einn milljarður sjöhundruð milljónir króna.“
13. **Tillaga um endurnýjun á heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum**

    Verði tillagan samþykkt felur hún í sér að tímabundin heimild til að kaupa allt að 10% af hlutafé bankans í þeim tilgangi að setja upp endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum verði endurnýjuð. Heimildin mun gilda fram að aðalfundi bankans árið 2022 en hafi hann ekki farið fram 15. september 2022 rennur hún út í síðasta lagi þann dag. Framkvæmd endurkaupa er háð fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
14. **Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum**

    Tilefni tillögunnar er heimild sem hluthafafundur veitti stjórn bankans á aðalfundi 2019, til útgáfu breytanlegra skuldabréfa sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b. laga nr. 161/2002. Heimildin var í gildi fram að aðalfundi árið 2020.

    Annars vegar er lagt til að með breyttu orðalagi gr. 4.8 endurspegli ákvæðið þá staðreynd að hin umræddu breytanlegu skuldabréf hafa verið gefin út. Hins vegar er lagt til að með nýju ákvæði 4.9 verði stjórn veitt heimild, með þeim skilyrðum sem þar koma fram, að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum og að sú heimild gildi fram að aðalfundi ársins 2025.
15. **Tillaga um breytingu á samþykktum**

    Fyrir aðalfundi liggur fyrir tillaga um að samþykktar verði nýjar samþykktir fyrir félagið. Hinar nýju samþykktir fela einkum í sér einföldun á gildandi samþykktum, breytta uppsetningu og innbyrðis samræmingu. Þá felur tillagan í sér að ákvæði gildandi samþykkta sem beinlínis koma fram í lögum verði felld brott, einkum í þeim tilgangi að takmarka hættu á misræmi milli samþykktanna annars vegar og ákvæða laga hins vegar, sem og að koma í veg fyrir að smávægilegar lagabreytingar kalli á frekari breytingar á samþykktum.

    Hinar fyrirhuguðu breytingar fela aðeins að litlu leyti í sér efnislegar breytingar á ákvæðum gildandi samþykkta félagsins en á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm er að finna yfirlit yfir ákvæði hinna nýju samþykkta og þær breytingar sem lagðar eru til auk þess sem þar er að finna hreint eintak af nýju samþykktunum (einnig að teknu tilliti til þeirra breytinga á samþykktum sem lagðar eru til í lið 5 (vegna dagskrárliðar 7) og liðum 9-11 (vegna dagaskrárliða 12-14)).
16. **Önnur mál**

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá, tillögur, ársreikningur fyrir árið 2020 og önnur skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn er að finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm og eru aðgengileg í höfuðstöðvum bankans. Sé misræmi milli fundargagna á ensku annars vegar og íslensku hins vegar, gildir íslenska útgáfan.

Þeir hluthafar sem óska eftir því að fá tiltekið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, skulu senda skriflega eða rafræna beiðni um slíkt í síðasta lagi tíu sólarhringum fyrir boðaðan aðalfund, eða í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 þann 6. mars 2021. Kröfu skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun til félagsstjórnar. Senda skal slíka kröfu til félagsstjórnar á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf bankans njóta ekki atkvæðisréttar.

Aðalfundurinn fer eingöngu fram með rafrænum hætti, með Lumi AGM veflausninni. Athugið að nauðsynlegt er að hafa stöðuga nettengingu. Hluthafar geta nálgast AGM veflausnina í gegnum vafra í tölvu eða snjalltæki. Mælt er með því að notast við tölvu og að nýjasta útgáfa af vafra sé uppsett (Chrome, Safari, Edge eða Firefox). Hluthöfum mun gefast kostur á því að spyrja spurninga sem kunna að vakna á fundinum, með skriflegum hætti í gegnum Lumi AGM veflausnina.

Hluthöfum er heimilt að láta umboðsmann sækja aðalfundinn og fara þar með atkvæðisrétt fyrir sína hönd. Hluthafar einir bera ábyrgð á því hvaða einstaklingum/aðilum þeir veita umboð eða afhenda aðgangsupplýsingar. Á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm, má finna sniðmát af umboði sem hluthöfum er bent á að nýta sér. Umboð gilda einungis til fundarsetu á einum hluthafafundi nema annað sé skýrlega tekið fram í efni umboðsins, en getur þó aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar sem hyggjast sækja aðalfundinn, eða eftir atvikum greiða atkvæði fyrir fundinn, þurfa að óska eftir aðgangi fyrirfram á vefsíðunni www.smartagm.com. Hluthöfum, sem jafnframt eru lögaðilar eða hyggjast láta umboðsmann sækja aðalfundinn, er bent á að tryggja að sá aðili sem sækir um aðgang hafi til þess heimild. Nánari upplýsingar um hvernig hluthafar geta nálgast aðgangsupplýsingar, framkvæmd rafrænnar atkvæðagreiðslu með Lumi AGM, reglur um rafræna atkvæðagreiðslu og aðrar upplýsingar sem geta átt við er að finna á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is/gm. Til þess að hægt sé að tryggja tímanlega úrvinnslu á beiðnum hluthafa um aðgangsupplýsingar, skulu hluthafar óska eftir aðgangi á vefsíðunni www.smartagm.com eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. eigi síðar en kl. 16.00 þann 11. mars 2021 og fyrir sama frest leggja fram skriflegar spurningar varðandi dagskrá eða framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum á netfangið hluthafar@arionbanki.is.

Tilkynning til SDR heimildarskírteina

Swedish Depository Receipts (SDR) heimildarskírteinishöfum, sem hyggjast sækja fundinn með rafrænum hætti eða greiða þar atkvæði samkvæmt umboði, skulu vera skráðir í skrá Euroclear Sweden AB („Euroclear“) fyrir kl. 17.00 (CET) þann 11. mars 2021 og framkvæma annað af eftirtöldu:

I. Tilkynna Skandinaviska Enskilda Banken AB („SEB“) um þátttöku á fundinum með rafrænum hætti í síðasta lagi 11. mars 2021 þar um, eða
II. Senda frumrit umboðs til SEB en það þarf að hafa borist SEB eigi síðar en 11. mars 2021.

Form af umboðum og tilkynningu verða aðgengileg á heimasíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

Til að taka af allan vafa er athygli vakin á því að þeir SDR heimildarskírteinishafar sem hyggjast fá aðgangsupplýsingar til að taka þátt og kjósa rafrænt á fundinum sækja ekki um aðgang í gegnum vefsíðuna www.smartagm.com, heldur með tilkynningu til SEB sbr. I. hér að ofan.

Frá og með lokun markaða 11. mars 2021 til og með 18. mars 2021 verður óheimilt að yfirfæra SDR heimildarskírteini í eða úr hlutum í Arion banka hf.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

Söguleg skáldsaga er dulbúin samtímaskáldsaga

Augu Rigels eftir Roy Jacobsen er nýkomin út í íslenskri þýðingu. Átti að vera lokabókin í þríleik en fjórða bókin mun líta dagsins ljós. Hann segist stundum hafa bölvað þeim örlögum að vera rithöfundur.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Ég hélt ég hefði lokið við þríleik og svo kom í ljós að svo var ekki, segir Roy Jacobsen. MYND/AÐSEND

Skáldsagan Augu Rigels eftir norska rithöfundinn Roy Jacobsen er nýkomin út í þýðingu Jóns St. Kristjánssonar. Bókin er framhald bókanna vinsælu, Hin ósýnilegu og Hvítt haf. Söguþráðurinn er á þá leið að eftir lok seinni heimsstyrjaldar leggur Ingrid af stað með kornunga dóttur sína til að leita að föður hennar, Rússanum Alexander.

Blaðamaður náði tali af Jacobsen og spurði hann fyrst af hverju hann kysi svo oft að fjalla um fortíðina í skáldsögum sínum. „Ekkert í orðsins list gerist í fortíðinni," segir hann. „Meira að segja söguleg skáldsaga er skrifuð núna, í núinu. Það er einföld staðreynd. Söguleg skáldsaga byggist á samblandi af ímyndun höfundarins um fortíðina og ímyndun lesandans um fortíðina. Þessi fundur höfundarins og lesandans getur einnig átt sér stað í núinu. Þannig er söguleg skáldsaga dulbúin samtímaskáldsaga."

Taldi sig hafa lokið við þríleik

Augu Rigels átti að vera lokasagan í þríleik en blaðamaður hefur frétt að Jacobsen ætli sér að skrifa fjórðu bókina. Af hverju ákvað hann það?

„Svona hlutir gerast, maður ákveður eitthvað og það fer fjandans til. Eða maður tekur enga ákvörðun og eitthvað gerist skyndilega. Í þessu tilfelli á það seinna við. Ég hélt ég hefði lokið við þríleik og svo kom í ljós að svo var ekki. Þetta minnir á foreldri sem heldur að sonur eða dóttir hafi fullorðnast en kemst svo að raun um að svo er ekki. Foreldrahlutverkinu lýkur aldrei."

Hann vil ekkert láta uppi um efni fjórðu bókarinnar. Hún mun án efa njóta sömu vinsælda og fyrri bækurnar þrjár. Hin ósýnilegu var tilnefnd til Man Booker-verðlaunanna. Jacobsen er spurður hvort sú tilnefning hafi breytt einhverju í lífi hans. „Já og nei," segir hann. „Á þessum tíma var ég með ágæt sambönd fyrir utan Noreg, en tilnefningin var ákveðinn vindur í seglin."

> HVAÐ ER COVID? ÉG HEF VERIÐ Í SJÁLFSKIPAÐRI EINANGRUN Í 40 ÁR. ER EITTHVAÐ AÐ GERAST ÞARNA ÚTI?

Oftast sáttur

Hvenær ákvað hann að verða rithöfundur? „Þegar ég fæddist. Að minnsta kosti eins langt aftur og ég man. Stundum hef ég bölvað þessum örlögum, eða þótt miður að þetta skuli hafa orðið, en oftast er ég sáttur."

Jacobsen er mikill unnandi Íslendingasagnanna og átti þátt í útgáfu þeirra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Hann er beðinn um að nefna uppáhalds Íslendingasögu sína. „Þetta er eins og að biðja föður að velja uppáhaldsbarnið sitt – hver getur valið á milli Eglu, Njálu og Gísla sögu? Eða á milli Eyrbyggju, Ljósvetninga sögu og Harðar sögu? Íslendingasögurnar eru ekki dægurlagasafn, þær eru eins og bókasafnið í Alexandríu, þar eru ólíkar raddir, listform og tjáning. Það er örugg ávísun á áfallastreituröskun að ætla sér að flokka þær."

Spurður hvernig sé að vera rithöfundur á COVID-tímum svarar hann: „Hvað er COVID? Ég hef verið í sjálfskipaðri einangrun í 40 ár. Er eitthvað að gerast þarna úti?"

Að lokum er hann spurður hvort hann sé með einhver skilaboð til íslenskra lesenda sinna. Hann svarar: „Verið sterk, gefist aldrei upp og munið alltaf eftir uppruna ykkar."

Tómas Guðni á hádegistónleikum

Hádegistónleikar verða í Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 23. febrúar kl. 12.15–12.45. Tómas Guðni Eggertsson, organisti Seljakirkju, leikur á bæði orgel kirkjunnar verk eftir Dietrich Buxtehude, Johann Sebastian Bach og Cesar Franck. Aðgangur er ókeypis.

Tómas Guðni hefur starfað sem pianókennari, blásarakennari og organisti og hefur verið tónlistarstjóri Seljakirkju frá árinu 2009. Hann kemur reglulega fram sem einleikari eða meðleikari með kórum, söngvurum og hljóðfæraleikurum úr ólíkum tónlistarkimum.



Johann Sebastian Bach.

Söngtónleikar með Þóru, Hönnu Dóru og Peter Máté í Tíbrá

Næstkomandi þriðjudag, 23. febrúar, kl. 19.30 verða söngtónleikar í Tíbrá með Þóru Einarsdóttur, sópran, Hönnu Dóru Sturludóttur, mezzósópran og pianóleikaranum Peter Máté.

Titill tónleikanna er Draumar og brothætt hjörtu, en fluttir verða einsöngvar og dúettar eftir Johannes Brahms, Robert Schumann og Clöru Schumann, Hugo Alfvén, Jórunni Viðar, Tryggva M. Baldvinsson, Edvard Grieg, Jean Sibelius, Strauss og fleiri.



Þóra Einarsdóttir söngkona.

Kaśka Paluch svarar því hvernig Ísland hljómar

Niður / noise / szum er tilraun til að svara spurningunni: „hvernig hljómar Ísland?" með því að safna vettvangsupptökum víðs vegar að af landinu og tala við íbúa þess.

„Ég byrjaði að safna vettvangsupptökum víðs vegar að af landinu á svipuðum tíma og heimsfaraldurinn var að skella á, sem útskýrir af hverju flestir staðirnir voru mannlausir þegar upptökur fóru fram," segir Kaśka Paluch, höfundur Niður / noise / szum verkefnisins – hljóðkorts af Íslandi. „Það var átakanlegt að upplifa þennan tómleika, en hann gaf náttúrunni svigrúm til að láta rödd sína hljóma án truflunar. Hugmyndin kviknaði í einni af hellaferðunum mínum. Ég var að aðstoða sjónskerta konu. Ég heillaðist af því hvað hennar upplifun af hellinum var ólík upplifun annarra. Hún sá ekki hellinn, hún upplifði hann í gegnum ólík hljóð."

Framganga verkefnisins er meðal annars skrásett með gagnvirku hljóðkorti af Íslandi sem er uppfært reglulega. Kortið er aðgengilegt á www.noisefromiceland.com, þannig að hver sem er getur kannað Ísland með eyrunum. Þarna eru upptökur frá vinsælustu ferðamannastöðum landsins: Gullfossi, Strokk og Jökulsárlóni. Þar má líka heyra í einu öflugasta óveðri Íslandssögunnar, sprengilægðinni í febrúar 2020, sem lokaði Reykjavík með rauðri veðurviðvörun. Hverri hljóðupptöku fylgir saga og er kortið uppfært nánast daglega. Einnig er heimildarmynd (leikstjóri Magdalena Łukasiak) um verkefnið í smíðum, sem verður að öllum líkindum frumsýnd seinna á árinu.



Kaśka Paluch hefur gert hljóðkort af Íslandi. MYND/MAGDALENA ŁUKASIAK

Kaśka Paluch er með MA-gráðu í tónlistarfræði frá Jagiellonian-háskólanum í Kraká í Póllandi og próf í fiðluleik frá ríkislistaskólanum í Zakopane. Hún hefur búið á Íslandi í fjögur ár og starfað sem leiðsögumaður, en vinnur nú fyrir Reykjavíkurborg.

Hægt er að styrkja verkefnið á patreon.com/noisefromiceland

Tapað fyrir poppgarginu

TÓNLIST

★★½☆☆

Verk eftir Liszt, Urbancic, Speight og Ravel

Salurinn í Kópavogi
þriðjudaginn 9. febrúar

Píanóleikararnir Peter Máté og Aladár Racz fluttu Concerto Pathetique fyrir tvo flygla eftir Franz Liszt

Ég hafði útvarpið í gangi á leiðinni á tónleikana, eitthvert poppgarg var spilað sem samanstóð af öskri, vélrænum endurtekningum, fábrotnum hljómagangi og drunum. Maður hugsaði: Mikið er nú gott að vera að fara að hlusta á alvöru tónlist, það er að segja klassíska.

Máttlaust og klisjukennt

En það sem boðið var upp á í Salnum í byrjun tónleikanna var bara ekkert betra. Liszt var vissulega stórbrotið tónskáld og eftir hann liggja ódauðlegar tónsmíðar. Concerto Pathetique er ekki í þeim flokki. Tónlistin einkennist af leitandi laglínum sem hitta aldrei í mark, og úrvinnsla þeirra er máttlaus og klisjukennd. Talsvert er um yfirborðslega fingrafimi, alls konar tónarunur, og ægileg heljarstökk, en þau hafa engan tilgang. Ekkert af þessu nær að breiða yfir skortinn á innblæstrinum.

Liszt hlýtur að hafa verið fullur þegar hann samdi þetta.

Út vil ek


Næsta verk var ekki betra. Það var mjög andlaus útsetning eftir Victor Urbancic á Vínarvalsi eftir Strauss. Herlegheitin voru lítið annað en innantóm sýndarmennska tónahlaupa upp og niður hljómborð flyglanna, án þess að eitthvað viti borið gerðist í framvindu og uppbyggingu tónlistarinnar.

Þegar hér var komið sögu var ekki laust við að mann langaði til að ganga á dyr.

Heitar tilfinningar

Þeir félagar, Peter og Aladár, eru samt færir píanóleikarar, mikil ósköp. Og það var gott að að hlýða á þá flytja tónsmíð eftir John A. Speight, sem var næst. Hún var dálítið kuldaleg á yfirborðinu, en undir niðri voru heitar tilfinningar.

Einn kaflinn hét Noktúrna, það er næturljóð; þar mátti heyra endurómun af Chopin. Hann var óneitanlega meistari næturljóðsins. Hér var Chopin hins vegar umvafinn fjarrænni stemningu, í allt öðru samhengi en hann sjálfur setti stefin sín í. Útkoman, bæði í þessum kafla og verkinu í heild, var litrík og full af skáldskap. Fágaður píanóleikurinn átti þar stóran hlut að máli.



Peter og Aladár, eru færir píanóleikarar, segir Jónas Sen. MYND/AÐSEND

> ÞAU VORU SVO GLÆSILEG AÐ ÁHEYRENDUR TÓKU ANDKÖF Á TÓNLEIKUNUM.

Áhorfendur tóku andköf

Best af öllu var lokatónsmíðin, La Valse eftir Ravel. Það er meistaraverk, gætt ævintýralegum átökum og spennandi tilþrifum. Þau voru svo glæsileg að áheyrendur tóku andköf á tónleikunum. Spilamennskan var frábær, hárnákvæm og einbeitt, snörp og djörf, svo mjög að unaður var á að hlýða. Mikið hefði verið gaman ef allt á efnisskránni hefði verið svona gott.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Tónleikarnir byrjuðu mjög illa, en enduðu þeim mun betur.

Ástarþríhyrningurinn

BÆKUR

Tengdadóttirin II – Hrundar vörður

★★★☆☆

Guðrún frá Lundi

Fjöldi síðna: 454
Útgefandi: Mál og menning

> HELDURÐU AÐ ÞÚ EIGIR EFTIR AÐ VERÐA GRÖNN OG FALLEG AFTUR EINS OG ÞÚ VARST ÁÐUR?

Hrundar vörður er annað bindið í Tengdadótturinni, þríleik Guðrúnar frá Lundi. Í fyrstu bókinni kynntist lesandinn Þorgeiri, ungum fátækum pilti, sem kvongast tvisvar til fjár og sest að á Hraunhömrum þar sem heimilislífið einkennist af þögn og drunga. Nú er komið að því að segja sögu sonar Þorgeirs, Hjálmars. Hann heillast af Ástu, fátækri stúlku, en faðir hans ætlar honum að kvænast til fjár, eins og hann sjálfur gerði og þykist hafa komið auga á heppilega konu, Sigurfljóð. Sú er tólf árum eldri en Hjálmar sem vill hana ekki sem eiginkonu, en lætur loks undan og trúlofast henni. Ásta er barnshafandi eftir Hjálmar þannig að staðan er æði snúin. Kannski ekki undarlegt að Hjálmar dreymi um að komast burt til Noregs.



Líkt og fyrsta bókin í þríleiknum er Hrundar vörður skemmtileg aflestrar. Guðrún dýpkar persónuleika Gunnhildar, seinni konu Þorgeirs. Hún er einnig í essinu sínu þegar kemur að Sigurfljóð, sem er rösk og ákveðin og ekki tilbúin að gefa frá sér drauma um húsmóðurhlutverk á Hraunhömrum. Þegar öll sund sýnast lokuð tekur Sigurfljóð síðan alls óvænta ákvörðun sem slær vopn úr höndum annarra sögupersóna. Seinni hluti sögunnar þegar Sigurfljóð og Ásta takast á er beinlínis spennandi. Þeir kaflar lyfta sögu sem er stundum í full miklum hægagangi.

Guðrúnu tekst ekki vel upp þegar kemur að persónugerð karlmannanna. Bæði Þorgeir og Hjálmar eru þokukenndir og kvenhylli hins síðarnefnda virkar einkennilega því heldur er hann óspennandi og stundum æði durtslegur, eins og þegar hann segir við Ástu þegar farið er að sjá á henni á meðgöngunni: „Heldurðu að þú eigir eftir að verða grönn og falleg aftur eins og þú varst áður?“

Hjátrú og fyrirboðar eru vitanlega á sínum stað og sömuleiðis slúður og rætin ummæli fólks um aðra.

Þegar fyrsta og annað hefti Tengdadótturinnar eru borin saman blasir við að Guðrún frá Lund hefði haft gott af ritstýringu því frásögnin er á köflum endurtekningarsöm. Vel hefði mátt stytta og þétta. Bækurnar eru þó skemmtilegar aflestrar, sérstaklega annað bindið, og til þess var leikurinn einmitt gerður.

Kolbrún Bergþórsdóttir

NIÐURSTAÐA: Skemmtileg saga um ástarþríhyrning. Seinni hlutinn þar sem tvær konur, sem elska sama manninn, takast á, er einkar vel gerður.



DAGSKRÁ

Laugardagur



ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI Á 1.590 KR. EF ÞÚ SÆKIR, 15.–21. FEB. 2021

HRINGBRAUT

20.00 Matur og heimili (e) Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
20.30 Heima er bezt (e) Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
21.00 Sir Arnar Gauti (e) Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.
21.30 Bílalíf (e) Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Tölukubbar
07.21 Poppý kisukló
07.32 Kátur
07.44 Eðlukrúttin
07.55 Bubbi byggir
08.06 Lestrarhvutti
08.13 Hið mikla Bé
08.35 Stuðboltarnir
08.46 Hvolpasveitin
09.09 Grettir
09.21 Stundin okkar
09.45 Húllumhæ
10.00 Kiljan
10.40 HM í Skíðaskotfimi Bein útsending frá keppni í boðgöngu kvenna á HM í skíðaskotfimi.
12.00 Herra Bean Mr. Bean
12.25 HM í alpagreinum Bein útsending frá seinni ferð í svigi kvenna á HM í alpagreinum.
13.50 Gettu betur FÁ - Tækniskólinn
14.50 Lúxemborg - Ísland Forkeppni HM karla í körfubolta Bein útsending.
16.45 HM í Skíðaskotfimi Bein útsending frá keppni í boðgöngu karla í skíðaskotfimi.
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 KrakkaRÚV
18.26 Herra Bean Mr Bean
18.38 Hjá dýralækninum
18.45 Landakort Aron Kale
18.53 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Madeline Madeline er bandarísk gamanmynd frá 1998 um rauðhærðu skólastelpuna Madeline sem er einkar lagin við að koma sér í vandræði en er sem betur fer úrræðagóð líka. Kennslukonan hennar er ekkert ánægð með háttalag hennar en vandræðin byrja þó fyrst fyrir alvöru þegar ákveðið er að selja skólann hennar en þá tekur Madeline til sinna ráða. Aðalhlutverk: Frances McDormand, Nigel Hawthorne, Hatty Jones og Ben Daniels.
21.15 Johnny English snýr aftur Johnny English Reborn
22.55 Bridesmaids Brúðarmeyjar
00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.45 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.
12.45 PGA Tour 2021 Útsending frá Sony Open in Hawaii.
17.05 PGA Highlights 2021
18.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá Genesis Invitational.
23.05 PGA Special. AT&T Every Shot Counts - Charity Event

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
10.00 The Block
11.00 The Block
12.00 Dr. Phil
12.45 Dr. Phil
14.30 Burnley - West Brom Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Four Weddings and a Funeral
19.05 Life in Pieces
20.00 Það er komin Helgi Helgi Björns ásamt Reiðmönnum vindanna bauð landsmönnum upp á kvöldvöku heima í stofu.
21.10 Magic in the Moonlight
22.45 Belleville Cop Gamansöm spennumynd frá 2018 með Omar Sy (Intouchables) í aðalhlutverki. Þegar æskuvinur franska lögreglumannsins Sebastians „Baaba“ Bouchard er myrtur af glæpamönnum sem gera út frá Miami í Flórída kemur ekkert annað til greina fyrir hann en að skella sér vestur yfir haf.
00.35 Only God Forgives
03.45 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Vinill vikunnar
08.00 Morgunfréttir
08.05 Matthías Jochumsson - Aldarártíð
09.00 Fréttir
09.03 Á reki með KK
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Loftslagsdæmið (8 af 8)
11.00 Fréttir
11.03 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Heimskviður
13.15 Gestaboð
14.05 Útvarpsleikhúsið. Wesele!
15.00 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Orð um bækur
17.00 Tónlist frá A til Ö
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Í ljósi sögunnar
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sveifludansar Billy Eckstine, McCoy Tyner og Rufus Reid
20.45 Fólk og fræði Af einlægri kaldhæðni
21.15 Bók vikunnar Hnotskurn
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (16 af 50)
22.15 Litla flugan KK sextettinn 3. þáttur
23.00 Vikulokin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.00 Uncle Drew
13.40 Halaprúðar hetjur
14.55 Palm Beach
16.30 Uncle Drew
18.10 Halaprúðar hetjur
19.20 Palm Beach
21.00 A Rising Tide
22.35 Charlie's Angels Frábær mynd sem sló rækilega í gegn, Dylan og Alex eru hörkukvendi sem hræðast ekki neitt. Þær starfa hjá spæjaraþjónustu Charlies og glíma við óþokka af öllum stærðum og gerðum.
00.10 Mesteren
01.45 A Rising Tide

STÖÐ 2

08.00 Víkingurinn Viggó
08.10 Strumparnir
08.35 Monsurnar
08.45 Vanda og geimveran
08.55 Tappi mús
09.00 Latibær
09.15 Heiða
09.35 Blíða og Blær
09.55 Leikfélag Esóps
10.05 Mæja býfluga
10.20 Mia og ég
10.40 Lína langsokkur
11.05 Angelo ræður
11.15 Angry Birds Stella
11.20 Hunter Street
11.45 Friends
12.00 Bold and the Beautiful
12.20 Bold and the Beautiful
12.40 Bold and the Beautiful
13.00 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Modern Family
14.10 Draumaheimilið
14.35 Tónlistarmennirnir okkar
15.05 The Great British Bake Off
16.15 The Masked Singer
17.25 Í kvöld er gigg
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Fjölskyldubingó
18.53 Lottó
19.45 Something's Gotta Give
21.55 The Five-Year Engagement
23.55 John Wick. Chapter 3 - Parabellum
02.00 The First Purge
03.35 28 Days Later

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 American Dad 16
21.35 Bob's Burgers 11
22.00 Catastrophe
22.30 Absentia
23.10 True Blood
00.10 True Blood
01.00 Friends
01.25 Friends
01.45 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Seinni bylgjan - karla
10.15 Breiðablik - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
11.55 Valur - Fjölnir
13.35 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
14.20 FH - Haukar Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
15.45 Fram - Valur
17.10 Seinni bylgjan - kvenna
18.10 Seinni bylgjan - karla
19.25 Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu
21.10 Jólamót Stöðvar 2 Sport í Pílu
23.05 Justin Shouse - Kjúklingur og körfubolti

STÖÐ 2 SPORT 2

06.05 Inside Serie A
06.30 Evrópudeildarmörkin
07.15 Fiorentina - Spezia
08.55 Cagliari - Torino
10.40 Watford - Derby
12.25 Coventry - Brentford Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.30 La Liga Show
15.05 Atlético Madrid - Levante Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
18.00 New York Knicks - San Antonio Spurs Bein útsending frá leik í NBA.
21.10 Evrópudeildarmörkin
22.00 Valencia - Celta Vigo
23.40 Sassuolo - Bologna
01.30 Los Angeles Lakers - Miami Heat Bein útsending frá leik í NBA.



SUNNUDAG 19:05

Leitin að upprunanum

Sigrún Ósk heimsækir nokkra af þeim viðmælendum sem leyfðu þjóðinni að fylgjast með leit sinni að upprunanum og ræðir við þau um upplifun þeirra. Hvað hefur drifið á daga þeirra frá því þau fundu blóðskylda ættingja sína? Sigrún Ósk færir okkur líka sögur fólks sem tóku þá ákvörðun að hefja sjálf upprunaleit eftir að hafa fylgst með þáttunum. Magnaðar sögur sem láta engan ósnortinn.

+ = **7.990 kr./mán.**
Lægra verð á Stöð 2 & Stöð 2+ saman

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

DAGSKRÁ

Sunnudagur

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið (e) Bókahornið fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e) Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón. Páll Ketilsson. Framleiðandi. Víkurfréttir ehf.
21.00 Á Loðnuveiðum - með Lindu Blöndal (e) Linda Blöndal og Friðþjófur Helgason tökumaður fóru um borð í veiðiskipið Víking og sigldu frá Akranesi á loðnuveiðar. Frumsýnt 2017.
21.30 Heyrnin (e) Heyrnin er tveggja þátta fræðsluröð um þau úrræði sem bjóðast fólki sem glímir við heyrnartap.

RÚV SJÓNVARP

07.15 KrakkaRÚV
07.16 Refurinn Pablo
07.21 Úmísúmí
07.44 Kalli og Lóa
07.56 Poppý kisuló
08.13 Kúlugúbbarnir
08.36 Nellý og Nóra
08.43 Flugskólinn
09.05 Hrúturinn Hreinn
09.12 Múmínálfarnir
09.34 Kátur
09.36 Konráð og Baldur
09.49 Sjóræningjarnir í næsta húsi
10.00 Vísindahorn Ævars-Frankenstein
10.10 Vikan með Gísla Marteini
11.00 Silfrið
12.10 **Landakort** Bæta við þekkingu á íslenskri flóru í friinu.
12.15 Reikistjörnurnar í hnotskurn
12.25 Svig karla. Seinni ferð HM í alpagreinum
13.50 Íþróttaafrek Kristinn Björnsson
14.00 **Landakort** Hversdagsleikinn er lífið.
14.10 Hópstart karlaHM í Skíðaskotfimi
15.00 Hver dagur er kraftaverk
16.45 Tónatal Jónas Sig
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Stundin okkar
18.25 Menningin - samantekt
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir á sunnudegi
19.40 Veður
19.50 Landinn
20.25 Fyrir alla muni Deigla Magnúsar
21.00 Lítil þúfa - Rauður, hvítur og blár Small Axe. Red, White and Blue
22.20 Stelpan, mamman og djöflarnir Flickan, mamman och demonerna
23.50 Silfrið
00.50 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.15 PGA Tour 2021
14.15 LPGA Tour 2020
17.15 PGA Special. Must-See Moments
18.00 PGA Tour 2021 Bein útsending frá Genesis Invitationa.
23.35 PGA Special. This is Mackenzie Tour

SJÓNVARP SÍMANS

10.00 The Block
11.00 The Block
12.00 Dr. Phil
12.45 Dr. Phil
13.30 Dr. Phil
14.15 The Bachelor
15.35 Það er komin Helgi
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 For the People
19.30 **Með Loga** Logi Bergmann Eiðsson stýrir skemmtilegum viðtalsþætti þar sem spennandi og áhrifamiklir einstaklingar eru teknir tali.
20.00 The Block
21.20 Law and Order. Special Victims Unit
22.10 Your Honor
23.10 Cold Courage
00.00 Station 19
00.45 The Resident
01.30 The Rookie
02.15 Blue Bloods
03.00 Mayans M.C.
03.55 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 HringsólÁ Róbós
08.00 Morgunfréttir
08.05 Á tónsviðinu
09.00 Fréttir
09.03 Svona er þetta
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bók vikunnar Náðarstund
11.00 Guðsþjónusta í Vídalínskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Sögur af landi
14.00 Víðsjá
15.00 Lestin
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Strokið um strengi. Sinfóníuhljómsveit Íslands 65 ára (6 af 6)
17.00 Sunnudagskonsert
17.30 Orð af orði
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Loftslagsdæmið (8 af 8)
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Óskastundin
19.40 Matthías Jochumsson - Aldarártíð
20.35 Gestaboð
21.30 **Fólk og fræði** Stjórnmál, heimspeki og samfélagshugmyndir
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Á reki með KK
23.10 Frjálsar hendur
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

09.35 Mary Shelley
11.30 The Circle
13.20 Crazy Rich Asians
15.15 Mary Shelley
17.15 The Circle
19.00 Crazy Rich Asians
21.00 Shazam!
23.05 Sherlock Holmes Létt og spennandi glæpamynd með Robert Downey Jr. sem leikur spæjarann Holmes og Jude Law fer með hlutverk aðstoðarmannsins Watson.
01.10 Peppermint
02.50 Shazam!

STÖÐ 2

08.00 Strumparnir
08.20 Blíða og Blær
08.45 Víkingurinn Viggó
08.55 Adda klóka
09.20 Mia og ég
09.40 Lína langsokkur
10.05 Lukku láki
10.30 Ævintýri Tinna
10.50 It's Pony
11.20 Angry Birds Stella
11.30 Are You Afraid of the Dark?
12.10 Nágrannar
13.35 Nágrannar
14.00 Friends
14.20 Impractical Jokers
14.45 Um land allt
15.25 Trans börn
16.05 BBQ kóngurinn
16.50 60 Minutes
17.35 Víglínan
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.50 Ísland í dag
19.05 Leitin að uppruna-anum
19.45 The Great British Bake Off
20.45 Finding Alice
21.35 Tell Me Your Secrets
22.30 Briarpatch
23.20 Coyote
00.05 Supernanny US
00.45 Humans
01.35 Humans
02.20 Impractical Jokers
02.40 Are You Afraid of the Dark?
03.25 BBQ kóngurinn

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 True Blood
22.05 True Blood
22.55 Ríkið
23.35 Last Man Standing
23.55 Friends
00.20 Friends
00.40 The Office

STÖÐ 2 SPORT

07.25 **Afturelding - ÍBV** Útsending frá leik í Olís deild karla.
08.50 Haukar - Selfoss
10.20 Seinni bylgjan - karla
11.35 **KR - Fram** Í Lengjubikar karla.
13.20 **ÍBV - FH** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
15.50 **Þór Ak. - KA** Bein útsending frá leik í Olís deild karla.
17.30 Dominos Körfuboltakvöld
18.45 ÍBV - FH
20.10 Þór Ak. - KA
21.35 **Skallagrímur - Valur** Í Dominos deild kvenna.
23.15 Haukar - Fjölnir

STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 Lazio - Sampdoria
09.20 Genoa - Hellas Verona
11.05 Sassuolo - Bologna
12.50 Barcelona - Cádiz Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
15.05 Real Sociedad - Alavés Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
17.20 Huesca - Granada Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
20.30 New Orleans Pelicans - Boston Celtics Bein útsending frá leik í NBA.
00.10 Athletic Bilbao - Villarreal

Mánudagur

HRINGBRAUT

20.00 30 Atvinnulífið Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir íslensk fyrirtæki og kynnir sér starfsemi þeirra. Fjölbreyttir og fróðlegir þættir sem endurspegla þá grósku sem er í íslensku atvinnulífi og fyrirtækjarekstri.
20.30 Karlmennskan Femíniskt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
21.00 Heima er bezt Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
21.30 Bílalíf Bílalíf er fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Grænir fingur 1989-1990
09.50 Mósaík 2000-2001
10.30 **Okkar á milli** Karen Axelsdóttir
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Músíkmolar
11.45 Íslenskur matur
12.10 Heimaleikfimi
12.20 Eldað með Ebbu
12.45 Lifað í voninni
13.45 Veröld Ginu
14.15 Innlit til arkitekta
14.45 Ljósmyndari ársins
15.15 Grænlensk híbýli
15.45 99% norsk
16.20 Hvað höfum við gert?
16.55 Tímaflakk Doctor Who
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Loðmundur
18.08 Skotti og Fló
18.15 Hæ Sámur
18.22 Kalli og Lóa
18.33 Nellý og Nóra
18.40 Sammi brunavörður
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Hvað getum við gert?
20.10 Sitthvað skrítið í náttúrunni Nature's Weirdest Events
21.00 Kynþroskinn - Líkamshár Newton. Pubertet
21.05 Ævina á enda Livstid
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 **Mín kynslóð** Heimildarmynd með Michael Caine sem leiðir áhorfendur um menningarbyltinguna á Englandi á sjöunda áratugnum.
23.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.
11.00 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.
15.00 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.
20.00 PGA Highlights 2021
20.55 PGA Tour 2021 Útsending frá Genesis Invitational.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 mixed-ish
14.55 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 Man with a Plan
19.30 Superstore
20.00 The Block
21.00 The Rookie
21.50 Blue Bloods
22.35 **Mayans M.C.** Spennandi þáttaröð um ungan mann sem gengur til liðs við mótorhjólagengi eftir að hann losnar úr fangelsi. Þættirnir eru frá þeim sömu og gerðu Sons of Anarchy.
23.30 The Late Late Show
00.15 Station 19
01.00 The Resident
01.45 FBI
02.30 Why Women Kill
03.15 The Chi
04.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 **Flugur** Bragi Hlíðberg, annar þáttur
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Hringsól Á Róbós
15.00 Fréttir
15.03 Orð um bækur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakiljan
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Grettis saga (5 af 21)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (17 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.45 A.X.L
13.20 Nonni Norðursins
14.45 Austin Powers in Goldmember
16.20 A.X.L
17.55 Nonni Norðursins
19.25 Austin Powers in Goldmember
21.00 Opening Night
22.20 Casual Encounters
23.40 The Hunter's Prayer
01.10 Opening Night

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.20 Veronica Mars
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 The Goldbergs
10.30 Women on the Verge
11.00 Major Crimes
11.40 Um land allt
12.15 Last Man Standing
12.35 Nágrannar
12.55 Suits
13.35 Modern Family
14.00 Planet Child
14.45 First Dates
15.35 The Grand Party Hotel
16.35 MasterChef Junior
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Um land allt
19.50 Supernanny US
20.35 All Rise
21.25 Tin Star. Liverpool
22.10 Shameless
23.10 60 Minutes
00.00 Sermon on the Mount
00.45 Magnum P.I.
01.30 Death Row Stories
02.10 Veronica Mars
02.50 The O.C.
03.30 Major Crimes
04.15 Suits

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Last Man Standing
21.35 Divorce
22.05 You're the Worst
22.35 Wyatt Cenac's Problem Areas
23.05 The Bold Type
23.45 Friends
00.10 Friends
00.30 The Office

STÖÐ 2 SPORT

07.40 **FH - Haukar** Olís deild kvenna.
09.05 Fram - Valur
10.30 Seinni bylgjan - kvenna
11.30 **Haukar - Fjölnir** Dominos deild kvenna.
13.10 Skallagrímur - Valur
14.50 **ÍBV - FH** Olís deild karla.
16.20 Þór Ak. - KA
17.50 **ÍR - Haukar** Bein útsending.
19.15 **Valur - Afturelding** Bein útsending.
21.15 Seinni bylgjan - karla
22.45 Hannes og Pétur Viðars
23.25 Eiður Aron og Danni Lax
23.55 Óskar Örn og Atli Guðna

STÖÐ 2 SPORT 2

06.35 Parma - Udinese
08.15 AC Milan - Inter Milan
09.55 Atalanta - Napoli
11.35 Benevento - Roma
13.15 New York Knicks - San Antonio Spurs
15.15 Los Angeles Lakers - Miami Heat
17.15 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
17.40 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
18.10 Football League Show
18.40 Ítölsku mörkin
19.35 Juventus - Crotone Bein útsending
21.40 Coventry - Brentford
23.20 Football League Show
i23.45 Ítölsku mörkin
00.35 Osasuna - Sevilla

Jeep | 4xe

PLUG INTO MORE ADVENTURE

THE 2021 WRANGLER 4xe



GOÐSÖGNIN RAFMÖGNUÐ

ALVÖRU JEEPI MEÐ 100% DRIFLÆSINGUM Á VERÐI SEM Á SÉR ENGAN SAMANBURÐ OG NÚ 374HÖ/637NM

NÝR WRANGLER RUBICON 4xe PLUG-IN-HYBRID

VERÐ FRÁ KR. 9.490.000*

LAUNCH EDITION KR. 10.490.000*

35"-40" ÍSBAND BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI FRÁ KR. 300.000

TRYGGIÐ YKKUR BÍL Í FORSÖLU. VÆNTANLEGUR Í BYRJUN SUMARS.

*VERÐ MIÐAÐST VIÐ GENGI USD 128

ÍSBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • JEEP.IS • ISBAND@ISBAND.IS
OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • OPIÐ LAUGARDAGA 12-16

Óhrædd við að prófa sig áfram

Handritshöfundurinn **Hekla Elísabet** er rómuð fyrir flottan og frumlegan stíl. Hún skartar oft maskara í líflegum litum, en hún segist helst fá innblástur frá Pinterest. Hún vinnur nú að sjónvarpsseríunni Brúðkaupið mitt, framhaldsseríu af þáttunum Jarðarförin mín.

Handritshöfundurinn og leikstjórinn Hekla Elísabet Aðalsteinsdóttir tók nú á dögunum við nýju starfi sem starfsmaður þingflokks Pírata. Hún er með einstaklega flottan stíl og rómuð fyrir frumlega augnförðun og fallegar neglur.

„Mér líkar ljómandi vel að starfa fyrir Pírata. Samhliða því er ég að ljúka við skrif á seríunni Brúðkaupið mitt ásamt góðu fólki, sem Glassriver er að framleiða fyrir Sjónvarp Símans. Þá er frumraun mín á sviði leikstjórnar í sýningu á fjölum Leikfélags Akureyrar um þessar mundir, en þar er verið að sýna skemmtisýninguna Fullorðin, sem ég leikstýrði ásamt Mörtu Nordal. Leikarar sýningarinnar, sem einnig eru höfundar hennar, fara þar með stjörnuleik og skilja engan eftir óhlæjandi," segir Hekla.

Hvenær byrjaðir þú að mála þig?

„Ætli ég hafi ekki verið um tólf ára þegar ég byrjaði að fikta með snyrtivörur og lita á mér augnhár og augabrúnir. Blessunarlega voru engir snjallsímar í umferð á þeim tíma, svo mér hefur tekist að láta sönnunargögnin hverfa."

Eru einhverjar vörur sem hafa fylgt þér lengi?

„Förðunarvörurnar frá MAC hafa verið stoð mín og stytta í gegnum súr og sæt tískutímabil."

Hefur förðunarrútínan þín eitthvað breyst í heimsfaraldrinum?

„Það sem breyttist helst var að tilefnunum fyrir íburðarmikla förðun fækkaði umtalsvert svo ég var allt í einu farin að mæta skrautleg sem páfugl á fámenn og látlaus mannamót. Húðrútínan varð bara metnaðarfyllri og flóknari því tíminn sem ég gat eytt í að rannsaka og smyrja mig með alls konar efnablöndum var gríðarlegur."

Fréttablaðið fékk að skyggnast í snyrtitöskuna hennar Heklu.

steingerdur@frettabladid.is

IÐNÞING 2021

Hlaupum hraðar
– slítum fjötrana og sækjum tækifærin

Landsmönnum öllum er boðið á Iðnþing 2021 í beinni útsendingu fimmtudaginn 4. mars kl. 13.00–14.30.

Það er mikilvægt að leggja línur og hvetja til þess að störfum verði fjölgað og verðmæti aukin. Á Iðnþingi 2021 verður kastljósinu beint að þeim hindrunum sem ryðja þarf úr vegi á næstu 12 mánuðum til að mögulegt verði að sækja þau tækifæri sem geta skapað auknar gjaldeyristekjur og aukið nauðsynlega viðspyrnu í efnahagslífinu.

Skráning á **si.is**

SI Samtök iðnaðarins

Hekla er óhrædd við að prófa sig áfram með augnförðun og er oft með maskara í skemmtilegum litum.

„Ég fæ helst innblástur á Pinterest, þar sem ég ligg helst yfir óvenjulegri og skapandi förðun sem hönnuðir eru að vinna með á tískupöllunum. Fyrir tveimur árum gerðist ég svo fræg og fríkuð að kaupa mér bleikan maskara í Sephora. Við tók löng og ítarleg leit að merki sem framleiðir litríka maskara. Á endanum fann ég hinn litaglaða snyrtivöruframleiðanda, ColourPop, og náði að fylla almennilega á lagerinn.“



1. Neo Nude A-Line Liquid Blush
Armani Beauty

Kinnalitir í vökvaformi eru einfaldir í notkun og gefa aðeins náttúrulegri áferð að mínu mati en púðurkinnalitir. Þessi er í miklu uppáhaldi.

2. Luminous Silk Perfect Glow Flawless Oil-Free Foundation
Armani Beauty

Ég vil að farðinn minn sé hvorki feitur né þekjandi og þessi uppfyllir þau skilyrði með glæsibrag.



3. Skin Fetish: Highlighter + Balm Duo
PatMcGrath studios

Ég hafði lengi leitað að vöru sem gefur hóflegan ljóma frekar en að gera mig að mennskri diskókúlu. Þetta er hún, látið orðið berast.

4. All Nighter Setting Spray
Urban Decay

Talandi um að líma farðann á andlitið, þetta er sennilega mikilvægasta varan í snyrtiveskinu mínu. Notaðu þetta og þú munt aldrei aftur þurfa að laga farðann til þegar líður á daginn eða kvöldið, sama hvað þú djöflast. Hann bara haggast ekki.

5. 24-Hour Brow Setter
Benefit

Augabrúnir mínar og augnhár eru litlaus frá náttúrunnar hendi, sem olli mér töluverðum útlitskomplexum á yngri árum. Í dag þykir hins vegar smart að vera með aflitaðar augabrúnir svo ég græði loksins á þessu. Þetta glæra augabrúnagel nota ég til að halda þeim í skefjum.



Lífið í vikunni 12.02.21-20.02.21

SÝNILEIKI TÓNLISTARKVENNA



Tólf helstu stofnanir og samtök tengd íslensku tónlistarlífi skrifuðu undir Keychange-skuldbindingu sem felur í sér að þær skuldbinda sig til að stuðla að auknum sýnileika kvenna í tónlistarheiminum. Eliza Reid forsetafrú er sérlegur sendiherra verkefnisins ásamt tónskáldinu Önnu Þorvaldsdóttur.

TAUMHALD Á SKRÍMSLUM



Spunanördinum Gísla Gunnari Guðmundssyni rennur blóðið svo til skyldunnar að hann býður áhugasömum og ævintýraþyrstum upp á þjónustu sem felur í sér leikjastjórn og umsýslu með aukapersónum og skrímslum í hlutverkaspilinu Dungeons & Dragons. Hann hefur einnig haslað sér völl í netspilun utan landhelgi á YouTube og Twitch.




UMHVERFISÁHUGI

Myndlistarmaðurinn Aron Leví Beck opnar sýninguna Á milli húsa í Hannesarholti í dag. Aron tekur sæti í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna á næstunni en hann sækir innblástur í nærumhverfi sitt og borgarmyndir eru áberandi á sýningunni.



ÞAÐ BESTA FRÁ BÁÐUM

Hildur Kristín Stefánsdóttir og Ragna Kjartansdóttir, einnig þekkt sem Cell7, stofnuðu hljómsveitina RED RIOT í upphafi COVID-faraldursins. Fyrsta lag þeirra kom út í gær en Hildur segir þær koma úr svo ólíkum áttum í tónlistinni að þær bæti hvor aðra upp.





Platan er nú þegar aðgengileg á Spotify og vínyllinn ómissandi er væntanlegur en hægt er að panta plötuna „beint frá bónda“, eins og Andri orðar það á netfanginu andriasgrimsson@gmail.com. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Púslar edrú á vínyl

Eftir meðferð öðlaðist **Andri Ásgrímsson** tíma og hugarró til þess að púsla og semja tónlist sem hentar vel fyrir slíka hugleiðslu.

Tónlistarmaðurinn Andri Ásgrímsson hefur sent frá sér sólóplötuna Tónlist til að púsla við sem er á margan hátt óhefðbundnari en fyrri verk Andra, sem hefur getið sér gott orð sem gítar- og hljómborðsleikari og söngvari með hljómsveitunum Leaves, Náttfara, Rif og fleirum.

Hann segist hafa lagt upp með að „gera þægilega, kósíplötu“ sem gæti virkað sem undirleikur fyrir síðdegisblund eða jafnvel þegar setið er yfir púsli á kvöldin.

„Ég var kominn í óreglu og ákvað að skella mér í meðferð sumarið 2019, sem var auðvitað mjög góð ákvörðun,“ segir Andri, sem fann smám saman í kjölfarið hugarró og eirð til þess að einbeita sér aftur að tónlist.

Milli Hraunfossa og Landmannalauga

„Síðan gafst náttúrlega bara í rauninni aldrei tími en það myndast náttúrlega svo mikill tími þegar maður skilur við þetta. Það var í rauninni þannig og allt í einu átti ég fullt af tíma og ég eyddi honum mikið í að vinna úr gömlum hugmyndum sem ég átti inni og svo komu nýjar meðfram því,“ segir Andri, sem var allt í einu aftur orðinn virkur í lagasmíðum og tónlistarupptökum. „Ég var bara ofboðslega duglegur við þetta en það er hellings vinna að búa til tónlist.“

Áfengisleysinu fylgdi einnig sú

> **„ÞETTA ER KANNSKI EKKI BEIN AFLEIÐING OG Í RAUN KANNSKI HVOR SINN HLUTURINN, MEÐFERÐIN OG PÚSLIÐ, EN ALLT Í EINU ER KOMINN ÞESSI BREYTTI MAÐUR.**

aukaverkun að Andri byrjaði að púsla þótt hann sé ekki alveg viss um orsakasamhengið. „Þetta er kannski ekki bein afleiðing og í raun kannski hvor sinn hluturinn, meðferðin og púslið, en allt í einu er kominn þessi breytti maður,“ segir Andri og bætir við að fyrir meðferð hafi hann eiginlega verið alveg hættur að gera eitthvað af viti í tónlistarsköpun.

„Ég hafði komist upp á lag með að púsla mikið og ég þakti veggina með Íslandspúsl-seríunni,“ segir Andri og telur upp: Hraunfossa, Almannagjá, Sveinstind, Kirkjufellsfoss, Skógafoss og Landmannalaugar.

1.000 stykki og vínyll

„Mér finnst gaman að púsla og næs að skella vínyl á þegar ég er að púsla. Þetta er hin fínasta hugleiðsla sem ég mæli eindregið með og þælingin um að gera hina fullkomnu púslplötu varð til þegar ég ákvað nú bara að búa til eitthvert skemmtilegt konsept úr þessu,“ segir Andri um hvernig platan varð smám saman til.

„Ég er aðallega í 1.000 stykkja púsluspilum,“ segir Andri þegar hann er spurður hversu langt hann sé kominn í þeim efnum. „Og mér finnst betra að hlusta á sumar plötur en aðrar í púslinu. Ég vil hafa þetta rólegt og ekki of mikið áreiti. Bara svona næs tónlist, og það var þælingin með plötunni. Þægileg tónlist. Ég er sterkur á því sviði.“

Það er alþekkt að það er ekki aðeins einstakur hljómurinn í vínylnum sem heillar, heldur ekki síður athöfnin að setja plötu á fóninn, snúa henni við og skipta um. Virkar það ekkert truflandi í púslinu að þurfa alltaf að vera að standa í þessu?

„Nei, nei. Það fylgir bara með sko, og er svona hluti af stemningunni. Ég gæti alveg tengt símann í græjurnar og látið Spotify um þetta.“

Smíðaði stúdíóið

Tónlist til að púsla við var tekin upp snemma árs 2020 í stúdíó Vogor en tímana fékk Andri fyrir að leggja hönd á plóg við smíði og uppsetningu hljóðversins. „Ég vinn sem smiður á daginn og félagi minn, hann Ólafur Jósepsson, Stafrænn Hákon, hóaði í mig og spurði hvort ég væri til í að hjálpa honum.

Hann bauð mér ótakmarkaðan aðgang að stúdíóinu fyrir það en ég var enn þá að drekka á meðan ég var að byggja stúdíóið, en svo þegar ég var kominn úr meðferð þá átti ég þetta inni,“ segir Andri, sem stefnir á að fylgja plötunni eftir með hækkandi sól en þær áætlanir fara vitaskuld eftir ástandinu í veirumálum.

toti@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

APPOLO LAKKRÍS

BITA

PÁSKAEGG

NÚMER 5

450 g

PÁSKASMELLUR



VÆNTANLEGT Í VERSLANIR

Góa

Stofnað 1968

SUMARSMELLURINN Í FYRRA ER

PÁSKASMELLURINN Í ÁR

BYKO

Það er lítið mál að mála!

Öll innimálning

20% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.



Tilboðsverð

Interiør 10

Lyktarlítil vatnsþynnanleg akrýlinnimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

11.116

80602709

Almennt verð: 13.895

Tilboðsverð

Fashion lakk 0,68l.

gljástig 40/80, allir litir. Vatnsþynnanleg og lyktarlítil olíumálning. Auðvelt að vinna með og gefur slitsterkt og fallegt yfirborð. Notast á flesta fleti innandyra t.d. panil, MDF, hurðir, glugga, karma, o.fl. Gljástig 40 eru svansmerkt.

3.036

80603600

Almennt verð: 3.795

Tilboðsverð

Kópal 10

Vatnsþynnanleg lyktarlaus plastmálning sem hylur einstaklega vel og ýrist lítið við rúllun. Kópal 10 er sérlega hentug í herbergi þar sem óskað er hálfmattrar áferðar.

13.516

86620083

Almennt verð: 16.895

25% afsláttur málningarsprautur





GJØCO

Skoðaðu litakort Karenar á byko.is



Verslaðu á netinu á byko.is

HELGAR-TILBOÐ

18. - 24. febrúar

schou EST. 1963

Tilboðsverð

Hitablásari

2000W, tvær hitastillingar 1000 / 2000W og kalt loft.

2.621

65105777

Almennt verð: 3.495



-25%

schou EST. 1963

Tilboðsverð

Hitablásari

2000W, tvær hitastillingar 1000 / 2000W og kalt loft.

3.746

65105806

Almennt verð: 4.995



-25%

BerlingerHaus

Tilboðsverð

Hnífasett

Ryðfrítt stál með marmarahúð

2.471

41115005

Almennt verð: 3.295



-25%

Tilboðsverð

Kaffistell

Fyrir 6 manns. Inniheldur 6 kaffibolla, 6 undirskálar og 6 kökudiska.

2.846

41100116

Almennt verð: 3.795



-25%

LUX TOOLS

Tilboðsverð

Verkfærasett

70stk.

6.472

68566705

Almennt verð: 9.245



-30%

Nýtt blað á byko.is

Frábær tilboð





25% afsláttur

Pottablóm og blómapottar*

*Breidd & Akureyri



ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Takk kærlega fyrir okkur. Viðskiptavinir BYKO eru þeir ánægðustu - ***fjórða árið í röð!***

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar ***2017, 2018, 2019*** og ***2020*** á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.



Viltu vinna?

Gasgrill

Broil King®
Great Barbecues Every Time

Taktu þátt í konudagsleiknum á instagramsíðu BYKO

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

DV

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ DV

512 7000

WWW.DV.IS/ASKRIFT

ASKRIFT@DV.IS

BAKÞANKAR



Margrétar Kristmannsdóttur

Púrtvín og ABBA

Vinkona mín ein vann í mörg ár með sér eldri konu sem þótti hress með afbrigðum. Hún mætti til vinnu alla daga með bros á vör og það var sama hvað kom upp á – öllu var tekið með jafnaðargeði og leyst eins vel úr hlutum og hægt var. Við starfslok var hún spurð hvernig henni hefði tekist að vera svona létt og kát í gegnum árin og hún svaraði að þetta hefði einfaldlega verið ákvörðun sem hún tók. Hún hefði semsagt komist að þeirri niðurstöðu um miðjan aldur að henni þætti hún sjálf hvorki nógu jákvæð né skemmtileg og ákvað að taka málin í sínar hendur. Hún gat einfaldlega ekki hugsað sér að verða þannig gamalmenni að afkomendur hennar stæðu fyrir utan húsið hennar með kvíðahnút í maga og þyrftu að telja í sig kjark til að hringja bjöllunni þegar þau kæmu í enn eina skylduheimsóknina.

Auðvitað er lífið ekki alltaf dans á rósum og við göngum öll í gegnum erfið tímabil. Mér verður hins vegar oft hugsað til þessarar konu því það er nefnilega ákvörðun hvernig við mætum hverjum degi og því sem lífið býður upp á. Það skal þó strax sagt að ég kemst ekki með tærnar þar sem þessi góða kona er með hælana – get verið eins og þrumuský og pestin ein, ef marka má aðra fjölskyldumeðlimi og nána samferðamenn. En mig langar hins vegar til að feta svipaða slóð og þessi góða kona og verða örlítið betri í dag en í gær og enda sem eldhresst gamalmenni ef Guð lofar.

Þegar ég halla aftur augunum sé ég mig alveg sem eina af skemmtilegustu ömmunum á Grund með púrtvín í glasi og Abba á fóninum – úðandi jákvæðni í allar áttir. En ég á fjári langt í land og því ekki seinna vænna en að hefjast handa.

Ábendingahnappinn má finna á:

BARNAHEILL.IS



INHOPE SAFT insafe Barnaheill



© Inter IKEA Systems B.V. 2021

Nýtt

595,-/3 í setti

VÅRFINT málmdósir með loki



PRUTA matarílát **195,-/3 í pk.**



IKEA 365+ lok **445,-**



IKEA 365+ matarílát með loki 400ml **695,-**



IKEA 365+ nestispoki L22×B17, H30cm **445,-**

Nærandi skipulag

Á hverjum degi fleygjum við talsverðu magni af mat, ekki síst vegna þess að við gleymum því sem til er í kælinum. Ef matur er geymdur í glærum ílátum drögum við úr matar- og peningasóun og að auki varðveitist maturinn betur með rétta ílátinu. Hjá okkur finnur þú fjölbreytt úrval af nestisboxum og matarílátum sem henta mismunandi matvælum og matarvenjum. Líttu við og skoðaðu úrvalið, við tökum vel á móti þér!



345,-/60 í setti

ISTAD margnota pokar 0,4l og 1l



795,-

IKEA 365+ matarílát 750ml



IKEA 365+ matarílát með loki 2l **995,-**



Nýtt **KORKEN** krukkur með loki **695,-/3 í pk.**



VARDAGEN krukka með loki 1,8l **795,-**

VARDAGEN krukka með loki 0,3l **395,-**

VARDAGEN krukka með loki 1,9l **795,-**



IKEA 365+ matarílát með loki 1,4l **395,-**



ISTAD margnota pokar 2,5l og 1,2l **495,-/50 í setti**



795,-/17 í setti

PRUTA matarílát



BEVARA pokaklemmur **345,-/30 í pk.**



Nýtt **KORKEN** flöskur með tappa **545,-/stk.**



IKEA 365+ nestisbox með hólfum 1,0l **895,-**

Konudagshelgi í bakaríinu



Konudagskaka
Með karamellu-hvítsúkkulaðimús, stökkum kexperlum, jarðarberja-compote og jarðarberjagljáa

2.490,-

Verslun opin 11-20 – IKEA.is

IKEA Bakarí, sænska matarhornið og IKEA Bistro opið 11-20

IKEA